„Með fjaðrabliki …“

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

„Með fjaðrabliki …“

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

ISBN: 978-9979-0-2063-9

© 2013 Höfundar og rétthafar texta
© 2013 Anna Steinunn Valdimarsdóttir, Ingibjörg Sigtryggsdóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler
Yfirlestur: Áslaug V. Þórhallsdóttir, Davíð Stefánsson, Ingólfur Steinsson, Rúnar Helgi Vignisson, Sigrún Valdimarsdóttir, Sæmundur Helgason
Þakkir fær Þórhallur Björgvinsson fyrir ráðgjöf og veitta aðstoð.

1. útgáfa 2013
Menntamálastofnun Kópavogi
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Skrá yfir rétthafa ljósmynda og teikninga er aftast í bókinni.
Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Anna Steinunn Valdimarsdóttir
Ingibjörg Sigtryggsdóttir

„Með fjaðrabliki...“

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

MENNTAMÁLASTOFNUN

Efnisyfirlit

Inngangur 5

Ljóðlist 6

Rósa Guðmundsdóttir – Vatnsenda-Rósa / Vísur Vatnsenda-Rósu 8

Sigurður Nordal – Ást 9

Magnea Matthíasdóttir – Yfirlýsing / Hverfiskettirnir 10

Anton Helgi Jónsson – Grjót. Mosi. Vatn. / Allar fengu boðskort nema ég / Þú spyrð hvað hafi orðið úr mér 12

Bubbi – Syneta / Fallegur dagur 14

Ása Marín Hafsteinsdóttir – bjartsýni / hjartsláttur 16

Berglind Ósk Bergsdóttir – ljóð.is / Lífsspeki 17

Andri Snær Magnason – Fuglinn trúr sem fer 18

Ösp Viggósdóttir – Haust 19

Birgir Svan Símonarson – Til langdvalar / Ljóð / 18 20

Ingibjörg Haraldsdóttir – Orð 21

Sveinbjörn Baldvinsson – Úr ferðadagbók / Einn góður maður / Þrátt fyrir allt 22

Halla Gunnarsdóttir – Hlemmur / Laugavegur (vh) 24

Ísak Harðarson – Fjölmennið 1 / Upphafsstaður 25

Ingunn Snædal – III / spurt / Nú 26

Leikritun 28

Jóhann Sigurjónsson – Fjalla-Eyvindur 3. þáttur 30

Smásögur 46

Jón Atli Jónasson – Töframaðurinn 48

Steinunn Sigurðardóttir – Hálft andlit 53

Þórir Bergsson (Þorsteinn Jónsson) – Stökkið 56

Sigríður Pétursdóttir – Áströlsk vögguvísa (brot) 61

Þórarinn Eldjárn – Stanleyhamarsheimt 78

Skáldsögur 85
Úr don Kíkóta 86
Úr Pilti og stúlku 88
Pétur Gunnarsson – Ég um mig frá mér til mín (brot) 90
Vigdís Grímsdóttir – Kaldaljós (brot) 98
Arnaldur Indriðason – Grafarþögn (brot) 109
Yrsa Sigurðardóttir – Ég man þig (brot) 116
Örsögur 125
Guðrún Eva Mínervudóttir – Úr Albúmi 125
Elísabet Jökulsdóttir – Sængurverafiðrið/Sárabótabarnið/Vinnukonan 128
Sigurlín Bjarney Gísladóttir – Rjómaspræna/Barbíkjútjútt 130
Myndasögur 132
Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson –
Hetjan, sögur úr Njálu (brot) 134
Arnar Þór Kristjánsson og Andri Kjartan Andersen – Snörlaskeið 138
Hugleikur Dagsson 140
Böðvar Leós 141
Kvikmyndir 142
Ragnar Bragason – Börn 144
Dagur Kári Pétursson – Nói albinói 145
Guðný Halldórsdóttir – Ungfrúin góða og húsið 146
Baldvin Z og Ingibjörg Reynisdóttir – Órói 147
Textaskrá 148
Heimildir og stuðningsrit 150
Rétthafar teikninga og ljósmynda 152

Inngangur

Kæru nemendur

Hafið þið velt fyrir ykkur hvað frásagnir eða sögur skipta miklu máli í lífi ykkar? Hvað væru frímínútur eða matarhlé ef engar sögur væru sagðar og engum atburðum lýst? Líklega væru þetta frekar dauflegar stundir. En sögur og frásagnir eru ekki nýjar af nálinni. Frá örófi alda virðast menn hafa sagt sögur af sjálfum sér og öðrum, lýst atburðum, umhverfi og persónum á skáldlegan hátt, bæði til að fræða og skemmta. Í fyrstu voru þetta eingöngu munnlegar frásagnir, oft í bundnu máli en er fram liðu stundir og ritöld hófst urðu frásagnirnar að bókmenntum.

Bókmenntum er skipt í þrjár megingreinar; epík, dramatík og lýrík sem eru grísk orð yfir frásagnarskáldskap, leikritun og ljóðlist. Þið hafið líklega öll lesið sögur og ljóð og farið í leikhús og vitið því hver helstu einkenni þessara bókmenntagreina eru en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Í þessari bók viljum við dýpka þennan skilning og bæta við þekkingu ykkar á bókmenntum og upphafi þeirra.

Bókin skiptist í þrjá meginhluta: Ljóð, leikrit og frásagnir. Frásagnakaflinn skiptist síðan í undirkafla þar sem fjallað er um smásögur, skáldsögur, örsögur, myndasögur og kvikmyndir. Frásagnarskáldskapurinn, eða sögurnar, eru og hafa alltaf verið fyrirferðarmestar þessara þriggja greina skáldskapar og það gildir einnig hér.

Góða skemmtun.
Anna Steinunn Valdimarsdóttir
Ingibjörg Sigtryggsdóttir

Snorri Sturluson skrifaði Snorra-Eddu á 13. öld sem kennslubók í skáldskaparfræðum. Hún er í fjórum hlutum: Formáli, Gylfaginning, Háttatal og Skáldskaparmál.

Ljóðlist

Og enn mælti **Ægir**: „Hvaðan hefur hafist sú íþrótt, er þér kallið skáldskap?"

Bragi svarar: „Það var upphaf þess að goðin höfðu ósætt við það fólk er **Vanir**" heita. En þeir lögðu með sér friðstefnu og settu **grið** á þá lund að þeir gengu hvorirtveggja til eins kers og spýttu í hráka sínum. En að skilnaði þá tóku goðin og vildu eigi láta týnast það griðamark og sköpuðu þar úr mann. Sá heitir Kvasir. Hann er svo vitur að enginn spyr hann þeirra hluta er eigi kann hann úrlausn.

Hann fór víða um heim að kenna mönnum fræði, og þá er hann kom að heimboði til dverga nokkurra, Fjalars og Galars, þá kölluðu þeir hann með sér á einmæli og drápu hann, létu renna blóð hans í tvö ker og einn ketil, og heitir sá Óðrerir, en kerin heita Són og Boðn. Þeir blönduðu hunangi við blóðið og varð þar af mjöður sá er hver er af drekkur verður skáld eða fræðamaður."

Ægir: er jötunn í norrænni goðafræði og konungur hafsins.
Bragi: er guð skáldskapar í norrænni goðafræði.
Vanir: eru verur af goðakyni sem búa í nágrenni Ásgarðs.
grið: friður.

Upphaf Suttunga-mjaðar, Snorra-Edda

Þessa fornu frásögn af uppruna skáldskaparins er að finna í Snorra-Eddu. Hún er eins góð skýring og hver önnur því enginn veit fyrir víst hversu gömul ljóðlistin er eða hvernig hún varð til. Þó er vitað að hún er ævagömul. Fyrir tíma ritlistarinnar þurftu menn að muna það sem síðar var skráð. Þetta var allt frá uppskriftum til lagabálka og ein leiðin var að binda efnið í ákveðið form. Fyrir óralöngu fóru menn einnig að segja sögur í bundnu máli en þess háttar frásagnir kallast frásagnarljóð eða söguljóð. Þessi ljóð fjölluðu gjarnan um hetjudáðir og raunir guða og manna.

Erfitt er að segja til um hvenær menn fóru fyrst að yrkja ljóð til að tjá tilfinningar sínar og líðan en til eru slík ljóð sem ort voru í fornum menningarríkjum fyrir þúsundum ára. Hér á norðurslóðum sömdu menn eins og áður kom fram kvæði um guði og hetjur sem lifðu í Evrópu fyrr á tímum, löngu áður en eiginleg ritöld hófst. Þessar **arfsagnir** voru varðveittar í munnmælum öldum saman en fyrst skráðar hér á landi á 13. öld þegar Snorri Sturluson skrifaði Snorra-Eddu og eru þess vegna kölluð Eddukvæði. Eddukvæðin voru ort undir ákveðnum bragarháttum og þau höfðu ljóðstafi. Bragarháttur er eins konar uppskrift að ljóði; ákveðið form sem ljóðið þarf að passa inn í, þótt efnið geti verið fjölbreytilegt. Síðan á 13. öld hefur mikið verið ort af ljóðum á Íslandi og voru þau langoftast háttbundin. Það fór að breytast hratt upp úr árinu 1950 þegar sífellt fleiri fóru að yrkja óbundin ljóð, svokölluð fríljóð, sem eru ekki ort undir ákveðnum bragarháttum og hafa ekki alltaf reglulega ljóðstafi og rím.

Lýrík

Orðið lýrík er annað heiti yfir ljóðlist. Það er dregið af gríska orðinu lyra sem merkir strengjahljóðfæri en tónlist og söngur hafa ávallt haft mikil áhrif á ljóðlistina.

Bundið mál og óbundið

Í bókmenntum er talað um bundið mál og óbundið. Bundið mál einkennist af ákveðinni hrynjandi eða takti, lengd og fjöldi ljóðlína er reglulegur og það hefur oft ljóðstafi og rím. Slík ljóð kallast háttbundin ljóð. Óbundin ljóð hafa hins vegar ekki reglubundna hrynjandi, lengd og fjöldi ljóðlína er oft óreglulegur. Mjög misjafnt er hvort skáld kjósa að nota rím og ljóðstafi í óbundnum ljóðum.

Myndmál er þó það sem helst einkennir ljóðlistina: Viðlíkingar, persónugervingar og myndhverfingar. Einnig beita skáldin stílbrögðum eins og endurtekningu, andstæðum og táknum. Vissulega nota þau líka myndmál í óbundnu máli og þegar það er áberandi í texta sem einnig laðar fram tilfinningar lesandans er talað um að textinn sé ljóðrænn.

---

arfsagnir: munnmæli

Rósa Guðmundsdóttir – Vatnsenda-Rósa (1795–1855)

Vísur Vatnsenda-Rósu

Augun mín og augun þín,
og þá fögru steina
mitt er þitt og þitt er mitt,
þú veist, hvað ég meina.

Langt er síðan sá ég hann,
sannlega fríður var hann,
allt, sem prýða má einn mann,
mest af **lýðum** bar hann.

Trega ég þig manna mest,
mædd af tára flóði,
ó, að við hefðum aldrei sést,
elsku vinurinn góði.

Skáldkonur fyrri alda II 1963

Umræður/Verkefni

1. Hvaða tegund líkingar má finna í fyrsta erindi?
2. Í fyrsta og þriðja erindi er talað beint til mannsins en í öðru erindi er tónninn annar. Hvaða áhrif hefur þessi breyting? Við hvern er ljóðmælandi að tala í öðru erindi?
3. Um hvað er ort?
4. Rifjið upp kunnáttu ykkar í ljóðstöfum (stuðlar og höfuðstafir) og veltið því fyrir ykkur hvaða áhrif þeir hafa á ljóðið. Hvað er öðruvísi við rímið í 1. og 3. línu fyrsta erindis? Ræðið það.

---

lýður: þjóð, fólk
trega: harma, syrgja
mæddur: leiður

Sigurður Nordal (1886–1974)

Ást

Sólin brennir nóttina,
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.

Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í **seiðandi solli**
og söngur, ef allt er hljótt.

Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna **dyn**,
þú gafst mér jörðina og grasið
og guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin
og guð til að styrkja mig.
Eg fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyrr en eg elskaði þig.

Eg fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði eg að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrr en með sjálfum mér.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum **nið**;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, guð — og við.

List og lífsskoðun 1 1987

Umræður/Verkefni

1. Skoðið hvert erindi fyrir sig og reynið að átta ykkur á áhrifum ástarinnar á ljóðmælandann?
2. Finnið persónugervingar í fyrsta erindi og skýrið þær.
3. Hér er mikið um myndhverfingar. Finnið a.m.k. þrjár þeirra.
4. Hvernig notar höfundur andstæður til að draga fram líðan ljóðmælanda?

---

seiðandi: lokkandi, heillandi
sollur: svall, glaumur, hávaði
dynur: hávaði
niður: kliður, suð

Magnea Matthíasdóttir (1953)

Yfirlýsing

líf mitt
er ekki laugardalsvöllur
að þú getir leikið þér
í fótbolta
með tilfinningar mínar
líkami minn er ekki vesturbæjarlaug
að þú getir svamlað þar
þér til hressingar
gegn vægu gjaldi ástarorða
hjarta mitt
er ekki aðalbókasafnið
að þú getir sótt þangað
þær **kenndir**
sem falla best að smekk þínum
í stuttu máli
heyri ég ekki undir félagslega þjónustu
í reykjavík
heldur er ég kona
bý í skerjafirði
og á mig sjálf

TMM 4. tbl. 1984

Umræður/Verkefni

1. Hvað er ljóðmælandi að segja?
2. Hvaða myndmál notar hann?
3. Hvað á ljóðmælandinn við þegar hann segist ekki heyra undir „félagslega þjónustu“?
4. Lýstu þér í ljóði.

---

kenndir: tilfinningar

hverfiskettir

kettirnir í hverfinu mínu heita allskonar nöfnum
gulli og branda, drottning, snúlli og snæfinnur,
snotra – sem er nú eiginlega nafn á hundi –
og svo er auðvitað síamskötturinn kleópatra elenóra ísold hin þriðja
sem situr löngum stundum í gluggakistunni
horfir á lífið og bílana á götunni
en fer aldrei út fyrir dyr

þegar mál er að fjölga kattkyninu
fær hún stundum högna í heimsókn
oftast á bíl í fylgd með eigendum
og á bílum fara afkvæmin frá henni
um það leyti sem hún sest aftur í gluggakistuna
einhverjum mánuðum síðar

aðrir kettir í hverfinu eru hversdagslegri
breima á nóttunni og lenda í slagsmálum
koma heim með rifin eyru eða stolið ýsuflak frá grannanum
míga í útigeymslunni
setja á sig snúð yfir kattamat úr dós og fjandans þurrmatnum
leggjast í kjöltu og mala á sjónvarpskvöldum
mala

aðrir ketti í hverfinu mínu heita hversdagslegri nöfnum
kattanöfnum
sem henta kattalífi

aðrir kettir í hverfinu mínu eru kettir

Stína 2. tbl. 2010

Umræður/Verkefni

1. Hvaða myndmál er að finna í ljóðinu?
2. Hvaða hugblær einkennir ljóðið?
3. *„aðrir kettir í hverfinu mínu eru kettir“*. Hvað á ljóðmælandinn við með þessu?
4. Gætu kettirnir í ljóðinu staðið fyrir eitthvað annað en ketti? Rökstyðjið svarið.

setja á sig snúð: setja á sig mikilmennskusvip, merkissvip, vanþóknunarsvip

Anton Helgi Jónsson (1955)

Grjót. Mosi. Vatn.
Vatn. Mosi. Grjót.

Grjót. Vatn. Mosi.
Mosi. Grjót. Vatn.

Vatn. Grjót. Mosi.
Mosi. Vatn. Grjót.

Land, okkar land.

Ljóð af ættarmóti 2010

Umræður/Verkefni

1. Hver er hugblær ljóðsins?
2. Hver haldið þið að afstaða höfundar til landsins sé?
3. Hugsið um umhverfi ykkar og semjið ljóð um það. Notið aðeins þrjú nafnorð og látið ljóðið miðla tilfinningu ykkar til umhverfisins.

Allar fengu boðskort nema ég.
Allar töluðu um það hvernig yrði nema ég.

Ég lét ekki á neinu bera.
Alltaf þegar ég segi eitthvað þagna þær.

Ég mæti í nýjum kjól og engin tekur eftir mér.
Ég mæti í nýjum kjól og allar glápa.

Ég vil bara vera eins.
Ég vil ekkert skera mig úr.

Ég vil ekkert vera eins.
Ég vil bara skera mig úr.

Ljóð af ættarmóti 2010

Umræður/Verkefni

1. Hver er ljóðmælandi (aldur, kyn, félagsstaða)?
2. Hvernig teljið þið að ljóðmælanda líði á ættarmótinu? Hvernig reynslu er hann að lýsa?
3. Hvað langar ljóðmælanda?

Þú spyrð hvað hafi orðið úr mér.
Hvað ég hafi afrekað.

Ég hef gert ágætis mistök
í lífinu
ágætis mistök.

Ljóð af ættarmóti 2010

Umræður/Verkefni

1. Geta mistök verið ágæt? Rökstyðjið svarið með dæmum úr eigin lífi.
2. Semjið leikþátt eða teiknið mynd sem lýsir því hvers vegna þetta ljóð varð til.

Bubbi Morthens (1956)

Syneta

Milli jóla og nýárs um nótt við komum
í nístingskulda, slyddu og él.
Syneta hét skipið sem skreið við landið
með skaddað stýri og laskaða vél.

Við austurströndina stóðum á dekki
störðum í **sortans kólguský**.
Drunur brimsins bárust um loftið
og bæn mín drukknaði óttanum í.

Innst í firðinum sáum við ljósin lýsa
ljósin sem komu þorpinu frá.
Um síðir þau hurfu í hríðina dökku
um hjörtu okkar flæddi lífsins þrá.

Þessa nótt skipið á **Skrúðnum** steytti
skelfing og ótti tóku öll völd.
Í bátana komumst við kaldir og þreyttir
í kolsvarta myrkri beið aldan köld.

Þá nótt við dóum Drottinn minn góður
drukknuðum bjarglausir einn og einn.
Himinn og haf sýndist saman renna
okkar síðasta tak var **brimsorfinn** steinn.

Í þangi við fundumst og fimm ennþá vantar
í fjörunni aldan skilaði oss.
Í hús á börum við bornir vorum
með bláa vör eftir öldunnar koss.

Ef þú siglir um sumar, vinur
og sérð við **Skrúðinn** brimsorfin sker.
Viltu biðja þeim fyrir er fórust
þeim fimm sem aldrei skiluðu sér.

Sögur af landi 1990

Umræður/Verkefni

1. Er ljóðið bundið eða óbundið? Notið dæmi máli ykkar til stuðnings.
2. Endursegið efni ljóðsins munnlega, skriflega eða teiknið myndasögu við ljóðið og látið hvert erindi fá einn ramma.
3. Hver er ljóðmælandinn?.

sorti: myrkur
kólguský: ský sem getur gefið til kynna að stormur sé í aðsigi
brimsorfinn: núinn af öldugangi
Skrúður: lítil eyja á Fáskrúðsfirði

Fallegur dagur

Veit ekki hvað vakti mig
vil liggja um stund.
Togar í mig tær birtan
lýsir mína lund.

Þessi fallegi dagur
þessi fallegi dagur.

Íslenskt sumar og sólin
syngja þér sitt lag.
Þú gengur glöð út í hitann
inn í draumbláan dag.

Mávahvítt ský **dormar** dofið
inn í draum vindsins er það ofið
hreyfist vart úr stað.
Konurnar blómstra brosandi sælar
sumarkjólar háir hælar
kvöldið vill komast að.

Ást 2005

Umræður/Verkefni

1. Er ljóðið hefðbundið eða óbundið? Notið dæmi máli ykkar til stuðnings.
2. Finnið og skýrið persónugervingar í öðru og þriðja erindi.
3. Hver er innri tími ljóðsins? Rökstyðjið svarið.
4. Hver er hugblær ljóðsins?
5. Hvernig er *draumblár dagur* í ykkar huga?
6. Hvað á ljóðmælandinn við þegar hann segir að kvöldið vilji komast að?
7. Skrifið hugleiðingu um hvaða áhrif textar Bubba hafa á ykkur. Hvaða tilfinningar er að finna í textunum? Hvað teljið þið að ráði þessum tilfinningum?

---

dorma: blunda

Ása Marin Hafsteinsdóttir (1977)

bjartsýni

Á fyrsta vetrardegi
vefur hún trefli um hálsinn,
setur ullarsokka á tærnar,
pakkar sér inn í dúnsæng,
dregur djúpt inn andann
og stillir vekjaraklukkuna á vor.

Ljóð ungra skálda 2001

Umræður/Verkefni

1. Hvaða gerð myndmáls notar höfundurinn?
2. Hver er hugblær ljóðsins? Hvernig líður ljóðmælanda?
3. Hvers vegna heitir ljóðið „bjartsýni"?

hjartsláttur

Þegar augu mín nema þig
vaknar kolkrabbinn sem býr í maganum
og kitlar mig.
Fikrar sig upp að hjartanu,
vefur löngum örmum sínum um það,
hlammar sér á hjartaskoruna
og lemur taktfast á hliðarnar.

Ljóð ungra skálda 2001

Umræður/Verkefni

1. Hvaða gerð myndmáls notar höfundurinn?
2. Hvaða áhrif hefur myndmálið í ljóðinu?
3. Hver/hvað er kolkrabbinn?
4. Teiknið eina mynd eða litla myndasögu sem hæfir ljóðinu.

Berglind Ósk Bergsdóttir (1985)

ljóð.is

borða morgunmat
yfir mínu rými
er í skólanum
á msn

loka hurðinni
og fer á mbl
nóttin læðist að
blessaða niðurhal

er andvaka
á andlitsbók
gúggla allt
sem mig vantar

veraldavefurinn hefur spunnið sig utan um mig
og ég er föst.

Stína 2. tbl. 2010

Umræður/Verkefni

1. Hvernig lífi lifir ljóðmælandinn?
2. Hver er hugblær ljóðsins? Hvernig líður ljóðmælanda?
3. Gefur tónninn í orðunum til kynna að ljóðmælandi sé ánægður eða ekki? Skrifið aðra útgáfu af ljóðinu sem er hress og skemmtileg, jafnvel fyndin.
4. Við hvað er veraldarvefnum líkt? Hvers konar myndmál er hér á ferðinni?
5. Hvaða skoðun kemur fram í ljóðinu? Rökstyðjið svarið.
6. Skrifið ljóð sem lýsir degi í lífi ykkar.

Lífsspeki

Ef lífið okkur líður hjá
loks við munum skilja
að tækifærin til að fá
þau taka þarf með vilja.

ljod.is

Umræður/Verkefni

1. Hvað á höfundur við þegar hann talar um að lífið líði hjá? Hvernig getur það gerst? Nefnið dæmi.
2. Hver er boðskapur kvæðisins? Eruð þið sammála boðskapnum?

Andri Snær Magnason (1973)

Fuglinn trúr sem fer

Ég lá í Hljómskálagarðinum og baðaði mig í haustsólinni undir styttunni af Jónasi Hallgrímssyni. Ég var að hugsa um Mac Donalds hamborgara því maður getur aldrei verið viss um með hverju þeir drýgja kjötið sem gæti þessvegna verið frá goðsögulegum tíma. Skyndilega kom þröstur með fjaðrabliki og lenti nálægt okkur. Ég er ekki mjög glöggur á aldur fugla en mér sýndist þessi vera eldgamall. Það vill svo til að ég skil fuglamál eftir hamborgaraát og þrösturinn fannst mér vera skömmustulegur á svipinn þegar hann beindi tísti sínu til Jónasar og sagði: Heyrðu gætirðu nokkuð lýst þessum engli með rauða **skúfinn** örlítið betur.

Ljóðasmygl og skáldarán 1995

Umræður/Verkefni

1. Lesið ljóð Jónasar Hallgrímssonar *Ég bið að heilsa* og skýrið vísanirnar í ljóði Andra Snæs.
2. Getið þið fundið aðra vísun og þá í hvað? Hver annar skildi fuglamál og hvers vegna?
3. Svona ljóð eru kölluð prósaljóð. Hvers vegna er það?
4. Hver er hugblær ljóðsins?

---

skúfur: dúskur

Ösp Viggósdóttir (1965)

Haust

Skólatöskulykt
og bækur sem kunna ekki að liggja kyrrar
nýir pennar, miklu betri en þeir í fyrra.

Magapína
á meðan klukkan geispar og leggst til svefns.

Kannski komnir nýir sætir strákar með brún augu
kannski verður krípið skárra
og hættir að geyma hendurnar oní buxunum
kannski er Jói á lausu eftir sumarið.

Loksins af stað
pollar á gangstéttinni komnir úr sumarfríi
planið verið malbikað og ný fótboltamörk
og klíkan í horninu þar sem sést ekki þegar maður reykir.

Fjandans bjallan byrjuð aftur.

Sjö sinnum sjö 1991

Umræður/Verkefni

1. Hvaða tilfinningar bærast innra með ljóðmælanda?
2. Finnið persónugervingar í ljóðinu. Hvaða áhrif hafa þær á lesandann?

Birgir Svan Símonarson (1951)

Til langdvalar

kominn er hann
gráhærða hörkutólið
hefur bókað sig
inn á hótel ísland

tekur upp úr töskum
frost myrkur og storm
grýlukerti og kvilla

með kalið hjarta
frostrós í barmi
kominn til langdvalar

Á fallaskiptum ljóð 1975–1988

Umræður/Verkefni

1. Hvaða gestur er kominn til langdvalar í ljóðinu?
2. Hvers konar myndmál er notað?
3. Hver gæti verið ljóðmælandi í ljóðinu?

18.

kvöldsólin
brosandi brennuvargur
kveikir í húsum
lítilsigldum skýjum
er loga stafna í milli

eldur í reykjavík
handritin
tryggilega
geymd

Farvegir Ljóð 1988

Umræður/Verkefni

1. Hvaða gerð myndmáls má finna í þessu ljóði?
2. Í hvaða handrit vísar ljóðmælandi?

Ingibjörg Haraldsdóttir (1942)



Orð

Dögum saman
hrannast þau upp
ósögð
og ástæðurnar

tímahrak
tortryggni
vantrú

uns þau brjótast fram
beisk
og valda sárum
sem gróa kannski aldrei
almennilega

Ljóð 1974–1991

Umræður/Verkefni

1. Hver er hugblærinn í þessu ljóði? Hvað skapar hann?
2. Hvernig geta orð valdið sárum sem aldrei gróa? Rökstyðjið.

Sveinbjörn I. Baldvinsson (1957)

Úr ferðadagbók

I. Í lest frá Karlsruhe til Konstanz

Við sátum í klefa
með tveimur þýskum miðaldra hjónum
og ég hugsaði um
hvort það væri ekki undarlegt
að hafa verið í stríði
eins og eiginmennirnir
og haft manndráp að
aðalstarfi
í nokkur ár

Fara heim á milli

Kyssa krakkana

Elska konuna

Fara svo aftur í vinnuna.

Ljóð handa hinum og þessum 1981

Umræður/Verkefni

1. Gerið ykkur í hugarlund að ljóðmælandinn hefði spurt eiginmanninn í lestinni þessarar spurningar: Hvernig var að hafa manndráp að aðalstarfi í nokkur ár og fara heim til krakkanna og konunnar á milli? Skrifið svar hans.

Einn góður maður

Fyrir tæpum
tvö þúsund árum
fæddist
einn
góður maður
langt, langt
í burtu.

Þessa einstæða atburðar
minnumst við
ár hvert
æ síðan.

Í skugga mannsins 1976

Umræður/Verkefni

1. Um hvern teljið þið að ljóðmælandi sé að tala?
2. Hvernig túlkið þið þetta ljóð?

Þrátt fyrir allt

Að vera
eða ekki vera

það er engin spurning.

Lífdagatal 1984

Umræður/Verkefni

1. Hvernig túlkið þið þetta ljóð? Hvað er að vera?
2. Í hvað er ljóðmælandi að vísa?

Halla Gunnarsdóttir (1981)

Hlemmur

Sól skín beint í andlitið á mér
svo það rétt mótar fyrir klukkunni
sem stendur á milli okkar.

Ég veit samt að hún sýnir hálf eitt
alveg eins og í gær.

Ég anda að mér svifrykinu
og geng þungstíg
inn í vorið.

Leitin að Fjalla-Eyvindi 2007

Umræður/Verkefni

1. Hvaða myndmál notar skáldið?
2. Er eitthvað ólíkt með þessu vorljóði og ýmsum öðrum ljóðum sem gerast að vori?
3. Um hvern eða hvað er ljóðmælandi að tala þegar hann segir „það sem stendur á milli okkar"?

Laugavegur (vh)

Þegar við sátum í sófanum og ég strauk í gegnum hárið þitt og reyndi eina ferðina enn að segja þér að þetta yrði allt í lagi um leið og ég velti fyrir mér hvað yrði um þig ef ég færi og kæmi jafnvel aldrei aftur þá fékk ég allt í einu leið á þessum helvítis viðtengingarhætti og fór.

Leitin að Fjalla-Eyvindi 2007

Umræður/Verkefni

1. Hver gæti verið sagan á bak við ljóðið? Hver erum „við" og hvað gerðist hjá þeim?
2. Hver er hugblær ljóðsins?
3. Hvað á ljóðmælandi við þegar hann segist vera orðinn leiður á viðtengingarhættinum?

Ísak Harðarson (1956)

Fjölmennið 1

Sýnd og reynd

Það sem vekur athygli
er
það sem vekur athygli

– alls ekki endilega
það sem skiptir máli.

Rennur upp um nótt 2009

Umræður/Verkefni

1. Hvernig skiljið þið ljóðmælandann? Hvað á hann við?
2. Hvaða áhrif hefur endurtekningin á merkingu ljóðsins?
3. Getið þið nefnt dæmi um málefni sem vekur athygli en skiptir ekki máli? En eitthvað sem vekur ekki almenna athygli en skiptir máli?

Upphafsstaður

Hér er ég þá

á sama stað og ég lagði upp
fyrir rykmekki af árum.

Ekkert hefur breyst
– ekki staðurinn,
ekki ég.

Það er eina breytingin.

Rennur upp um nótt 2009

Umræður/Verkefni

1. Hvernig skiljið þið þetta ljóð? Getur það kallast breyting að breytast ekki? Rökstyðjið svör ykkar.
2. Hvaða myndmál kemur fram í ljóðinu?

Ingunn Snædal (1971)

III

Mynd af afa og ömmu heima í stofu

meðalstór ljósmynd í svörtum ramma
tekin í kringum 1970
þau standa hlið við hlið
eða svo virðist í fyrstu
amma klædd upphlut og með skotthúfu
lágvaxin og þéttvaxin
hárið mikið farið að grána
virðuleg
afi er í brúnum jakkafötum
með útvíðum buxum
breiðum boðungum með stungnum saumi
hann er grannholda
skarpleitur og þunnhærður
heldur á hálfreyktri sígarettu og glottir
dálítið eins og Clint Eastwood
ef hann ætti brún jakkaföt
í raun stendur afi um það bil metra fyrir framan
ömmu
hægri hönd hennar teygist örlítið fram
eins og hún ætli að kippa í hann áður en smellt er af
alvarlegur virðuleikasvipur ömmu fær nýjan blæ
nú sé ég að hún er að skammast
glottið á afa öðlast líka aðra merkingu
ekkert fannst honum skemmtilegra en að ergja ömmu
þar til hún byrjaði að þusa
þá gat hann hallað sér aftur á bekknum
sagt láttu nú ekki svona
amma geystist milli eldhúss og stofu
sló bláköflóttu viskastykki við læri

Guðlausir menn – hugleiðingar um jökulvatn og ást 2006

Umræður/Verkefni

1. Ljósmyndin sýnir eitt augnablik í lífi afa og ömmu en ljóðmælandi veit meira. Hvernig lýsir hann gömlu hjónunum?
2. Hvar breytist lýsingin á afa og ömmu og hvaða áhrif hefur sú breyting?
3. Hvaða áhrif hefur það að ljóðmælandinn líkir afa sínum við Clint Eastwood?
4. Finnið ljósmynd, helst gamla, og lýsið henni á skáldlegan hátt t.d. með því að semja ljóð eða örsögu út frá henni.

spurt

ef ég skrifa nafnið þitt
á þessa síðu
aftur og aftur
svona tíu sinnum
með mismunandi skrift

hvort er ég þá
ótrúlega rómantísk
eða tólf ára

komin til að vera, nóttin 2009

Umræður/Verkefni

1. Svarið ljóðmælanda og rökstyðjið svarið.

Leikritun

Mörg ykkar hafa farið í leikhús og flest ykkar vita að leikrit er saga, túlkuð og flutt af einum leikara eða fleirum. Látbragð og athafnir leikara tilheyra leiklistinni sem er óaðskiljanlegur hluti leikritunar.

Upphaf leiklistar á Vesturlöndum er rakið til Grikklands til forna. Í því forna menningarríki trúðu menn á marga guði og einn þeirra var uppskeru- eða vínguðinn Dýonísos sem Rómverjar kölluðu síðar Bakkus. Sumir telja að dýrkun hans hafi farið fram vor og haust með söng, dansi og drykkju eða hálfgerðum svallveislum. Þá tíðkaðist að kór flytti mönnum einhvers konar sagnasöngva en um 500 f.Kr. er talið að kórstjóra nokkrum hafi hugkvæmst að taka einn söngvaranna út úr hópnum og láta hann svara kórnum. Þannig varð til víxlsöngur kórs og ein-

söngvara og fljótlega urðu þessir einsöngvarar fleiri um leið og hlutverk kórsins minnkaði. Slíkar sýningar þróuðust hratt og skáld tóku að setja saman efni til flutnings. Fram var komið nýtt form tjáningar, nýtt form bókmennta – leikritun.

Fyrstu leikritin voru harmleikir og var efni þeirra gjarnan sótt í goðsagnir og hetjusögur en skopleikir urðu vinsælli er fram liðu stundir. Þessir skopleikir gátu verið hreinir gamanleikir en oft fólu þeir í sér harða gagnrýni á samfélagið og framferði mannanna. Leikið var undir berum himni í svokölluðum hringleikahúsum, oft gríðarlega stórum. Leikararnir báru þykkbotna skó og klæddust víðum skikkjum en þessir búningar gerðu þá sýnilegri þeim áhorfendum sem fjærst sátu. Leikararnir héldu einnig grímum fyrir andlitinu sem gáfu til kynna líðan persónanna hverju sinni eða táknuðu ákveðnar manngerðir. Langt fram eftir öldum fengu konur ekki að stíga á svið svo ungir piltar skipuðu oftast kvenhlutverkin.

Leikritahöfundarnir á þessum tíma gegndu mun víðtækara hlutverki en þeir gera í dag því auk þess að semja leikritin, leika í þeim, sjá um búningana, sviðið og tónlistina leikstýrðu þeir einnig verkunum. Seinna breyttist þetta og verkaskipting varð til innan leikhúsanna svo að í dag eru það ekki aðeins höfundur og leikarar sem koma að uppsetningu leikrita. Í nútímaleikhúsi er umgjörð og öll framsetning einnig í höndum leikstjóra, sviðshönnuða, búningahönnuða, tónlistarmanna, förðunarfólks, tæknimanna og ljósamanna svo nokkrir séu nefndir.

Hér heima hófst leiklistarstarfsemi meðal skólapilta í Latínuskólanum í Skálholti sem settu árlega upp sýningu sem þeir kölluðu Herranótt. Fyrsta opinbera leiksýningin er þó jafnan talin vera sýning skólapilta í Hólavallaskóla í Reykjavík árið 1791 en þangað hafði Latínuskólinn verið fluttur. Skólinn var í vandræðum með húsnæði um árabil en fékk varanlegt húsnæði við Lækjargötu í Reykjavík árið 1846 og kallaðist hann þá Lærði skólinn, í dag Menntaskólinn í Reykjavík.

Skólapiltarnir úr Lærða skólanum héldu áfram að setja upp sýningar og árið 1897 var Leikfélag Reykjavíkur stofnað. Það fékk nýtt húsnæði við Tjörnina til umráða, hús Iðnaðarmannafélagsins (Iðnó). Það var svo árið 1950 að Þjóðleikhús Íslendinga var vígt og tók til starfa.

Dramatík

Orðið er dregið af gríska orðinu drama sem merkir athöfn, framkvæmd, eða atburðarás. Í dramatík er textinn í nútíð, andstætt epík sem oftast er í þátíð. Textinn er fluttur af leikendum frammi fyrir áhorfendum.

Jóhann Sigurjónsson (1880–1919)

Leikritið um Fjalla-Eyvind og Höllu er tvímælalaust þekktasta verk Jóhanns Sigurjónssonar og það hefur verið sýnt víða í Evrópu. Efnið er sótt í Þjóðsögur Jóns Árnasonar og fjallar um íslenska útilegumenn.

Í upphafi verksins er Eyvindur ráðsmaður hjá Höllu sem er vel stæð ekkja á Norðurlandi. Í ljós kemur að fyrir sunnan hefur hann verið ákærður fyrir sauðaþjófnað og flúið undan réttvísinni. Eftir ársdvöl í felum á Hveravöllum, þoldi hann einveruna ekki lengur, tók upp nafnið Kári og réði sig í vinnu á bæ Höllu. Þegar upp kemst hver hann er hafa þau Halla fallið hvort fyrir öðru og ástin er svo sterk að Halla fórnar öllu og flýr með honum til fjalla. Í þriðja þætti hafa þau farið huldu höfði á öræfunum í sjö ár. Þau eru oftast ein en Arnes, gamall félagi þeirra sem einnig er útlægur, dvelst stundum hjá þeim.

Fjalla-Eyvindur, þriðji þáttur

Veltið fyrir ykkur aðstæðum útilegumannanna. Eru þær góðar eða slæmar? Hvernig líður þeim?

Lítill grænn bali. Hægra megin stendur gömul hraunborg. Aftar sést á kofa Eyvindar, torf- og grjótveggir, helluþak. Vinstra megin djúp, þröng árgljúfur, fjarlægari gljúfrabarmurinn gnæfir við loft. Gljúfrin beygja til vinstri, þar fellur áin í fossi. Fossbrúnin sést. Bak við sést jökullinn. Á balanum standa hlóðir með glæðum og setsteinar breiddir gærum. Fossniður.

Leiksviðið er autt.

Kári og Arnes koma inn. Þeir eru berhöfðaðir og útiteknir, í prjónuðum treyjum og brókum, berfættir í skónum. Kári ber álft á bakinu, Arnes heldur á rjúpnakippu í hendinni, sprekum og mulningalyngi undir handleggnum.

KÁRI *(lítur inn í kofann)*: Halla! – Hún er ekki heima.

ARNES: Hún hefur líklega farið að sækja vatn.

KÁRI *(snarar álftinni niður)*: Lítið er það sem gangandi manninn dregur ekki. Þetta er fyrsta álftin á þessu hausti. *(Strýkur á henni hálsinn.)* Mér þykir vænt um að ekki kom blóð á fjaðrirnar.

ARNES: Tómlegt væri hér ef við værum tveir einir.

KÁRI: Það segirðu satt. En þú hefur reynt einveruna fyrr. Þú varst búinn að vera tvö ár í útlegð þegar þú hittir okkur.

ARNES: Hálft þriðja ár.

KÁRI *(kátur)*: Heyrðu – við felum veiðina og segjum að við höfum komið tómhentir. *(Tekur álftina.)* Fáðu mér rjúpurnar. *(Felur veiðina bak við kofann.)* Nú vildi ég óska að Halla kæmi sem fyrst. *(Gengur nokkur skref, kallar)*: Halla!

HALLA *(heyrist kalla)*: Já.

KÁRI: Hún er á leiðinni.

ARNES: Þú ert ánægður – þú átt gott.

KÁRI: Já, ég er ánægður. Hér líður okkur vel. Við erum frjáls, höfum nóg að bíta og brenna – og sólskin, vatn og húsnæði. – Hvers óskar þú frekar?

ARNES *(þegir)*.

KÁRI: Ég veit þú býrð yfir einhverju sem þú vilt ekki trúa mér fyrir. Þér þyngist skap með degi hverjum. – Unirðu ekki fjöllunum?

ARNES: Við skulum ekki tala um þetta mál í dag.

KÁRI: Það kynni að brá af þér þunglyndinu ef þú gerðir mig að trúnaðarmanni þínum. – Eða öllu heldur Höllu – hún er mér vitrari og ég veit henni þykir vænt um þig.

ARNES: Halla er sjaldgæf kona.

KÁRI *(ákafur)*: Við skulum ekki segja Höllu frá þokunni; hún kynni að verða óróleg.

ARNES: Ég þegi.

(Halla kemur inn, ber vatnsfötu riðna úr tágum og þétta leir, leiðir þriggja ára telpubarn. Halla er í hvítum prjónabol og svörtu prjónapilsi, silfurbelti um sig miðja. Barnið er í hvítum prjónafötum. Þær eru berhöfðaðar, berfættar í skónum).

Hvers vegna ætli hann telji að Halla muni óttast þokuna?

HALLA: Hafið þið verið fengsælir í dag?

KÁRI *(ber sig illa)*: Já, við höfum verið fengsælir á strit og erfiði. Rjúpurnar hafa brugðið yfir sig huliðshjálmi. Við sáum einn hóp og hann flaug áður en við komumst í nánd við hann með snöruna.

HALLA: Er þetta satt?

ARNES: Já, við sáum rjúpnahóp sem flaug frá okkur.

HALLA: Ósköp hafið þið verið óheppnir. Við skulum vona að þið verðið heppnari næst.

KÁRI *(hlær)*: Þarna lék ég á þig. *(Hleypur að kofanum.)* Líttu á – fimm fallegar rjúpur.

HALLA: Sjáum til.

KÁRI *(lyftir álftinni)*: Við veiddum ekki meira.

HALLA: Nú er ég hissa. Hvernig náðir þú henni?

KÁRI: Ég hljóp hana uppi.

TÓTA: Má Tóta klappa?

HALLA: Já, Tóta má klappa. Ég hefði gaman af að búa þér til treyju úr hamnum.

KÁRI *(sker lappirnar af álftinni)*: Á ég að gefa þér lappirnar?

TÓTA: Já.

KÁRI: Einhvern tíma þegar ég hef lítið fyrir stafni skal ég flá þær; þú getur geymt í þeim smásteina.

HALLA: Þarna fékkstu fallegt gull. *(Sest á hækjur sínar.)* Hvar eru augun í henni mömmu? *(Hylur augun með álftarlöppunum.)*

TÓTA *(tekur þær frá augunum, bendir á augnalokin)*: Þarna.

HALLA *(rís upp)*: Þið hafið borðað bitann ykkar?

KÁRI: Upp til agna.

HALLA: Þá eruð þið ekki svangir?

KÁRI: Nei.

HALLA: Það er líka of snemmt að borða kvöldmatinn. – En á einhverju verð ég að gæða ykkur fyrir veiðina. Á ég að hita blóðbergste?

KÁRI: Já, hitaðu te. *(Við Arnes):* Við skulum halda á veiðinni inn í hellinn. *(Kári og Arnes fara.)*

HALLA: Nú verður Tóta bundin svo fossinn taki hana ekki meðan mamma hennar hitar vatnið. *(Tekur reipi sem er fest við stein og bindur utan um hana, færir henni* ***gull.****)* Þarna eru hestarnir þínir. *(Skorðar ketil, setur leirbolla á hlóðarsteinana, tekur handfylli sína af þurrkuðu blóðbergi og vallhumli úr tágakörfu, skolar það í köldu og skiptir í bollana, leggur sprek á eldinn. Syngur við vinnu sína)*:

---

gull: leikföng

Sáuð þið ekki sveininn minn,
vininn minn,
ástvininn;
skíran bar hann skjöldinn sinn
og skot hans aldrei brást.
Tíðum brosti ég tennur mínar hvítar –
tíðum brosti ég tennur mínar hvítar af ást.

Heyrðuð þið ekki hugann minn,
vininn minn,
ástvininn;
rödd hans fól mér fyrsta sinn
þann fögnuð sem ei brást.
í vor hann kyssti varir mínar rauðar –
í vor hann kyssti varir mínar rauðar af ást.

Svona, nú stendur ekki á öðru en að vatnið sjóði. *(Tekur mulningalyngið.)* Sjáðu, hvað Arnes færir þér.

TÓTA: Það eru ber.

HALLA: Þú mátt ekki láta þau upp í þig, þá verður þér illt í litla maganum þínum. *(Slítur langt puntstrá.)* Nú skal ég sýna þér – *(þræðir berin upp á stráið, telur)* – eitt, tvö – fjögur – sex, sjö. – Í sjö ár hafa pabbi þinn og mamma verið uppi á öræfunum. *(Klappar á kollinn á henni.)* Þegar þú ert orðin sextán ára höfum við dvalið tuttugu ár í óbyggðum. Þá erum við frjáls. Það verður hátíðisdagur. Á þeim degi verður Tóta í snjóhvítum fötum, á skóm úr lútarlituðu skinni, og mamma þín spennir um þig silfurbeltinu sínu. – Þegar við komum niður í byggðina mætum við ungum manni á silfurhnepptum jakka. – Hann stöðvar hestinn og snýr sér við – hann horfir lengi á eftir þér. Mamma þín er þá orðin gömul og hrukkótt og hárið næstum því eins hvítt og mjöllin – pabbi þinn er líka orðinn gamall. En þú ert beinvaxin eins og puntstrá – og lyftir hátt fótunum þegar þú hleypur. *(Kári og Arnes koma inn.)*

KÁRI *(hlær)*: Ég var rétt dottinn á höfuðið þegar við lyftum hellunni frá munnanum.

HALLA: Varstu það? – *(Fær Tótu stráið.)* Nú getur þú haldið áfram. *(Stendur upp.)* Er ekki óþarfi að byrgja munnann í hvert skipti? – Í þurrviðri gæti hellirinn að skaðlausu staðið opinn.

KÁRI: Varkárnin sakar ekki. Ef einhverjir kæmu að okkur óvörum fengjum við ekki ráðrúm til að fela munnann – þeir fyndu hellinn og eyðilegðu allan okkar forða eins og fyrir fjórum árum. – Manstu eftir því þegar við komum á gamla staðinn og fundum ekki annað en ösku – og veturinn vofði yfir okkur? – Þeir skildu okkur ekki einu sinni eftir einn kindarskrokk.

HALLA: Ég er ekki gleymin.

KÁRI: Þegar ég hugsa um það langar mig alltaf til þess að gera eitthvað illt af mér. Við erum þó manneskjur.

HALLA *(hlær kuldalega)*: Nei, við erum ekki annað en refir sem stelum kindunum þeirra.

KÁRI: Hvernig faldir þú vistir þínar, Arnes?

ARNES: Ég átti mörg fylgsni. – Einu sinni stal ég tveimur smjörfjórðungum – **þeim drap ég niður** í klettaskoru.

KÁRI: Það var snjallræði. *(Þau þegja.)*

---

drepa einhverju niður: láta eitthvað einhvers staðar

HALLA: Var gott útsýni uppi á fjallinu í dag?

KÁRI: Já – í suðri var dálítill þokuslæðingur.

HALLA: Skýið í draumnum kom úr suðri.

KÁRI: Þeim draumi getur þú aldrei gleymt.

HALLA: Ég sá fjórtán menn koma ríðandi út úr skýinu. *(Þegir andartak.)* Ertu viss um að þessir tveir menn, sem þið funduð slóðina eftir fyrir mánuði, hafi ekki orðið varir við okkur?

KÁRI: Já, það er ég viss um. Annars hefðu þeir komið nær.

HALLA: En hafi þeir nú séð reyk og sagt frá því?

KÁRI: Þá væru þeir komnir hingað með mannsöfnuði fyrir löngu. – Nú sýður á katlinum. *(Halla tekur ketilinn af hlóðunum og hellir í bollana.)* Blóðbergið þitt er líklega farið að minnka.

HALLA: Já. Ég verð að taka mér dag og safna vetrarforða. – Ég ætla niður í Sólhlíð. Það er hvergi eins mikið blóðberg. *(Þau drekka teið.)*

KÁRI: Þú verður að taka mikinn vallhumal svo þú getir búið til smyrsl. Þú veist hvað smáskurfur geta orðið bölvaðar þegar kuldi kemur að þeim. – Geymirðu hunangið sem ég fann?

HALLA: Já.

KÁRI: Það er líka gott við sárum. Og svo verður þú að tína fífu í kveiki. *(Gengur til Tótu, lætur hana dreypa á teinu.)* Tóta á líka að fá tebragð.

ARNES *(hefur horft á Höllu)*: Það er komin rauð slikja á hárið á þér. Fyrr á árum var það hrafnsvart.

KÁRI: Því hef ég ekki tekið eftir. En freknurnar eru eyddar – að því hef ég gáð. *(Klappar henni á kinnina.)* Fæ ég aftur í bollann minn?

HALLA: Eins mikið og þú vilt.

KÁRI *(stendur upp og gengur inn í kofann, kemur út með þrjár tóbakspípur úr tré og tvo poka, misjafnlega stóra)*: Það er nóg til af rjúpnalaufinu – en ég skammta ykkur tóbakið. (Þau troða í pípurnar.)

HALLA *(brosir)*: Heimskur varstu þegar þú kenndir mér að reykja.

KÁRI: Þér eru ekki of góðar þær ánægjustundirnar frekar en mér. *(Hristir pokann.)* Við skulum ekki vera kvíðin – ég á einhverja ögn í hellinum. Og þegar skíðafæri

Athugið að þrátt fyrir að Höllu virðist líða ágætlega er hún kvíðin og vör um sig.

kemur með vetrinum förum við Arnes niður til bróður míns. Hann lofaði mér að vera vel birgur af tóbaki og salti – og ég borga honum í ull eins og seinast. *(Kveikir í pípunni.)*

HALLA: Gætið ykkar að þið verðið ekki handsamaðir á einhverri ferðinni.

KÁRI: Það verðum við ekki. *(Þau sitja þögul og reykjandi.)* Nú væri gaman að heyra góða sögu. – Getur þú ekki sagt eitthvað skemmtilegt?

ARNES *(rís á fætur)*: Það get ég ekki. *(Gengur í átt að gljúfrunum.)*

KÁRI: Það stendur á sama þó að þú hafir sagt okkur hana áður.

HALLA: Arnes vill heldur geyma sögurnar til vetrarins.

KÁRI *(leggur pípuna á hlóðarsteininn)*: Nú hef ég handa þér verkefni. – Þú ættir að leysa ofan af skjóðunni við Arnes. *(Alvarlegur.)* Ég held það sé komið í hann óyndi.

Hvað á Kári við? Hvað á Halla að gera?

HALLA: Það vona ég að ekki sé.

KÁRI: Ég ætla í bað. Það er hægast fyrir þig að tala við hann í einrúmi. Mér veitir heldur ekki af að skola af mér svitann. *(Syngur á leið út)*:

Ég sótti upp til fjallanna um sumarbjarta nótt. –
Sólin gleymdi dagsins háttatíma. –
Ég efni heitið, vina mín, – það dýra djásn skal sótt.
– Í dimmum helli verður risaglíma. Hæ, hó!
Ég er í nýjum sokkum og ég er á nýjum skóm.
– Í öllum heimi' er enginn sem ég hræðist.

(Halla og Arnes sitja þögul.)

HALLA: Er þér farið að leiðast uppi á fjöllunum?

Virðist ykkur vera einhver munur á afstöðu og líðan Kára og hinna?

ARNES *(gengur til hennar)*: Kári ímyndar sér að mér leiðist af því ég get ekki alltaf verið jafnkátur.

HALLA *(brosir)*: Þú hefur **stært þig af** því að þú værir af tröllakyni.

ARNES: Það er ég. *(Halla stendur upp, púar stórum reykjarmekki framan í hann, hlær. Arnes tekur utan um úlnliðinn á henni.)* Einu sinni voru tvö tröll. Þau urðu ósátt – og lögðu hvort á annað að þau yrðu að steini. Annað átti að standa þar sem flestir fuglar drituðu og hitt átti að standa þar sem allir vindar gnauðuðu.

– Hvor steinninn kysir þú heldur að vera?

---

stæra sig: hrósa sjálfum sér

HALLA *(kippir að sér hendinni)*: Ég er ekki enn þá orðin að steingervingi.

Ég hélt þú værir búinn að týna niður öllum sögunum þínum.

ARNES: Þú ert sterk.

HALLA *(sest í grasið, leggst á handlegginn)*: Geturðu spáð í ský?

ARNES: Já – um veðrið.

HALLA: Það átti ég ekki við.

ARNES *(sest við hliðina á henni)*: Á barnsárunum fór ég oft í langan leiðangur með skýjunum. – Á ég að spá þér?

HALLA: Þú segist ekki kunna að spá.

ARNES: Skýin eru draumar jarðarinnar og vita ekkert um okkar ævi. – Má ég líta á handlegginn á þér?

HALLA: Hvað ætlarðu að sjá?

ARNES *(lyftir handleggnum)*: Þú heldur tilviljun ráði hvernig stráin strika á þér handlegginn. – En væri ég nógu vitur gæti ég lesið alla þína ókomnu ævi. Eitthvað get ég ef til vill séð. – Enginn skyldi halda að þessir grönnu handleggir væru svona sterkir.

HALLA *(hlær)*: Stendur það skrifað?

ARNES: Þú verður að sitja kyrr. – Þessi djúpa þverrák táknar sorg.

– Þarna er stórt bál *(strýkur fingurgóm yfir handlegginn)* – ég sé eldtungurnar. Það táknar að einhver elskar þig. *(Kyssir handlegginn).*

HALLA *(stendur upp, hlær)*: Brenndir þú þig ekki?

ARNES *(stendur upp)*: Ég vildi gjarnan spá þér allan daginn.

HALLA: Þá gæti farið svo að þú segðir mér einhverja þá hluti sem betur væru ósagðir. – Nú verð ég að vera iðin. *(Fer inn í kofann).*

ARNES *(horfir á eftir henni).*

HALLA *(kemur út með **spunasnældu**, ull og **hálfeltan bjór**)*: Ef þú ert orðinn afþreyttur þolir bjórinn dálítið tak enn þá.

ARNES: Láttu mig fá hann. *(Tekur stóran hrútshornshring, reipi er bundið í hringinn, bregður lykkju um einn setsteinanna, eltir. Halla sest og spinnur. Þau þegja).*

---

spunasnælda: verkfæri sem var notað við ullarvinnu
bjór: skinn
elta bjór: nudda skinn þar til það verður hvítt og mjúkt

HALLA: Það er kynlegt – oftast nær tek ég ekki eftir fossniðinum. En ef hann þagnaði mundi ég sakna hans. Er ekki eins um þig?

ARNES: Jú.

HALLA: Í fyrstunni **ægði** hann mér – seinna fór mér að þykja vænt um hann. Nú saknaði ég hans því aðeins að hann þagnaði.

– Mannssálin er undarleg. *(Þau þegja aftur).*

Hvað breyttist í samskiptum Arnesar og Höllu eftir að Kári fór?

ARNES: Getur þú sagt mér hvers vegna sumir menn fá að vera hamingjusamari en aðrir?

HALLA: Nei, það get ég ekki.

ARNES: Kári er hamingjusamur.

HALLA: Hvað veist þú um það?

ARNES: Því skyldi hann ekki vera það? – Hann á konu og barn.

HALLA: Vildi engin stúlka í þinni sveit fylgja þér upp í öræfin?

ARNES: Hver heldurðu vildi leggjast út minna vegna?

HALLA: Þorir þú ekki að ræna þér konu? – Ég skyldi vera eins góð við hana og mér væri unnt.

ARNES: Heldurðu að Kári hefði þorað að ræna þér nauðugri?

HALLA: Spurðu hann um það.

ARNES: Því sýnir hann þér ekki í verkinu að honum þyki vænt um þig? Hann sækir þér hvorki vatn né eldivið. Hann álasar þér ef kjötið er ekki mátulega steikt, að honum þykir. Hann fer með þig eins og þú værir vinnukonan hans.

HALLA: Það getur þú látið þér liggja í léttu rúmi.

ARNES: Hann tekur ekki eftir litnum á hárinu á þér.

HALLA: Ertu öfundsjúkur út af því að Kári veiddi álftina?

ARNES: Þú varst í góðum ástæðum og naust mikillar virðingar í þinni sveit – þú yfirgafst allt vegna hans. Hann mætti muna það betur.

HALLA: Ég kærði mig ekki um að þakklátssemin gerði hann þrællyndan. Enda yfirgaf ég ekkert hans vegna heldur vegna sjálfrar mín.

ARNES: Hann nennir ekki einu sinni að elta bjórinn í sængurverið þitt. Ef þú ættir ekki mig að yrðir þú að gera það sjálf.

---

að ægja: hræða, ógna

HALLA *(stendur upp)*: Mér er ekki um **eftirtölur**. *(Grípur í bjórinn.)* Slepptu.

ARNES *(sleppir **dræmt**)*: Reiddist þú við mig?

HALLA *(kippir bjórnum úr hringnum og hendir honum inn í kofann)*: Þú ert ekki eins ómissandi og þú heldur. *(Sest aftur að vinnunni.)*

ARNES: Ég ætlaði ekki að styggja þig. Mér þykir vænt um þegar ég get gert þér lítinn greiða. – Má ég ekki ljúka við að elta bjórinn?

HALLA: Þú snertir hann ekki.

ARNES *(þegir andartak)*: Þú mátt ekki vera reið við mig. – Viltu ekki fyrirgefa mér það sem ég sagði?

HALLA: Ég er ekki reið.

ARNES *(gengur til hennar)*: Þegar þú lást veik færði ég þér einu sinni strá sem höfðu grænkað undir snjónum. – Þá kysstir þú mig.

HALLA: Kyssti ég þig? *(Brosir. Kyssir hann lauslega á vangann.)* Er þér nú rórra?

ARNES: Ég veit ekki. Ég held mér verði aldrei rótt framar. *(Þau þegja.)*

HALLA: Þú varst góður við mig meðan ég lá veik.

ARNES: Ég er ekki góður – ég er vondur.

HALLA: Nei – það ertu ekki.

ARNES: Stundum langar mig jafnvel til þess að vera vondur við þig.

HALLA: Öllum getur **hverfst skap** þegar þeir eru hungraðir og þreyttir.

ARNES: Má ég kyssa þig einu sinni á munninn?

HALLA *(stendur upp)*: Nei – það máttu ekki.

ARNES: Ekki skemmast varirnar á þér við það. *(Tekur um axlirnar á henni.)*

HALLA *(slítur sig lausa)*: Ertu með öllu viti!

ARNES: Þú hefur verið Kára trú í sjö ár. Er þér ekki farið að leiðast það?

HALLA: Nú er andlitssvipurinn á þér eins og á hreppstjóranum þegar hann sagði að ég væri skækja. *(Rekur Arnes **löðrung**.)*

ARNES *(reiður)*: Ég þekki þig betur en þú heldur. Þú ert svo saklaus! – Þú hefur aldrei gert neitt illt af þér!

HALLA: Við hvað áttu?

Takið eftir upphrópunarmerkjunum og áhrifum þeirra á orð Arnesar.

---

eftirtölur: að telja eftir það sem einhver hefur gert fyrir aðra
dræmur: ófús, hægur, seinn
einhverjum hverfist skap: einhver skiptir um skap
löðrungur: högg á kinn, kinnhestur

ARNES: Kári er opinskárri en þú heldur. – Þú hefur átt barn fyrr en Tótu.

(*Halla grípur höndunum fyrir andlitið. Arnes þegir.)*

HALLA: Því segirðu ekki að ég hafi drepið barnið mitt? – Það var það sem þú ætlaðir að segja. – Þú veist að ég hef gert það.

ARNES: Bölvaður fari á mér munnurinn.

HALLA: Þú gerir þig að dómara. Hvað skilur þú? Þú ert ekki móðir og veist ekki hvað það er að bera nýtt líf inn í heiminn.

– Það þyngist með degi hverjum eins og vetrarsnjórinn. Hefði verið vor og sólskin hefði ég ekki getað gert það. En okkur leið illa og við vorum bjargarlítil. Það var góðverk að bera barnið út í frostið. – Dauðinn er lítil þjáning í samanburði við lífið.

ARNES: Ég dæmi þig ekki.

HALLA: Nei – þú hélst ég væri saklaus engill sem brynni af girnd.

– Þó þú leitaðir með logandi ljósi í sál minni – þú fyndir enga iðrun. Hvað átti að verða af barninu ef við yrðum ofsótt? Áttum við að selja það í hendur óþekktra manna? – Hvernig heldurðu það sé að vera útilegumannsbarn sem allir þykjast hafa rétt til að fyrirlíta.

ARNES: Mér datt ekki í hug að þér mundi þykja svona mikið fyrir því sem ég sagði.

HALLA: Heldurðu að ég hafi gert það með köldu blóði? Ég hef fætt tvö börn með þjáningum. – Ég vil heldur fæða tíu börn en lifa þá nótt upp aftur. Þegar ég kom inn úr kuldanum fékk ég óráð.– Mér fannst barnið liggja við hliðina á mér og það sóttu að okkur svartir fuglar. Ég grúfði mig yfir barnið – og fuglarnir hjuggu mig í bakið. Þeir slitu úr mér blóðug lungun. *(Þegir af geðshræringu.)*

ARNES: Ég vildi óska að ég væri dauður.

HALLA *(rólegri)*: Ég óskaði að það barn væri dautt löngu áður en það fæddist. *(Gengur til Tótu.)* En þessu litla vorbarni hef ég aldrei óskað neins ills. Í fyrsta skipti sem ég fann til þess að hún var lifandi skildi ég það sem fyrirgefningu, að mér auðnaðist að verða móðir í annað sinn. – Og þegar hún kom inn í heiminn var bjart sólskin og himinninn var blár og heiður. *(Kyssir hana.)*

ARNES: Ég réði ekki við munninn á mér. *(Leggur höndina á brjóstið.)* Það býr í mér djöfull. *(Stendur grafkyrr.)* Ég elska þig.

HALLA *(snýr sér að honum)*: Finnst þér ekki þú hafa sært mig nógu djúpt?

ARNES *(eyðilagður)*: Þú heldur að ég segi allt í illum tilgangi.

HALLA: Ég vil ekki tala við þig. *(Sest að vinnunni.)*

ARNES: Þú skalt ekki þurfa að hlusta á mig lengur. Ég ætla niður í byggð. – Yfirvöldin mega fara með mig eins og þau vilja.

HALLA: Þú getur líklega keypt þér **aflát** með því að vísa á kofann okkar.

ARNES: Geturðu trúað mér til þess?

HALLA *(stendur upp)*: Ef þér þykir vænt um mig, eins og þú segir, ættir þú að vera mér góður.

ARNES: Ástin hefur gert þig góða – en mig illan. *(Þegir.)* Manstu eftir þegar við Kári fórum upp á jökulinn og hann datt niður í sprunguna? – Hann sagði þér frá því að ég hefði skolfið af hræðslu. Ég var ekki hræddur um líf hans – ég var hræddur við mínar eigin hugsanir.

HALLA *(hrekkur saman)*: Við hvað áttu?

ARNES: Ég hef þrásinnis óskað að Kári væri dauður.

HALLA: Guð hjálpi mér.

ARNES: Nú er þér ljóst að ég verð að fara. Ég þori ekki að búa lengur með ykkur – og mér hrýs hugur við einverunni.

HALLA: Ég vildi óska að þú hefðir aldrei hitt okkur.

ARNES: Hefði Kári ekki verið **grandvaralaus** og trúað mér sem vini veit ég ekki hvort við lifðum báðir. Þú þekkir ekki tályrði freistingarinnar. – Mér fannst Kári hafa lifað svo lengi hamingjusömu lífi að það væri ekki óréttlátt þó hann dæi. Mér fannst hann vera óskyldari þér en ég – það er meiri auðn í okkar sál. Mér fannst að væri hann horfinn þá stæði ekkert á milli okkar.

HALLA: Hættu þessu tali. Freistingin hefur hvíslað að þér tómum lygum. Hefði Kári dáið, hefði ég fylgt honum inn í eilífðina eins og ég fylgdi honum upp á öræfin. Þú hefðir aldrei fengið mig lifandi. – Og hefði ég vitað að þú værir sekur í dauða hans myndi ég hafa myrt þig í svefni. Ég hef gefið manninum mínum allt – samviskuna líka. Ég get lifað þó honum þyki ekki alltaf eins vænt um mig. – En hætti ég að elska hann þá dey ég.

ARNES: Mér þykir vænt um að þú elskar manninn þinn. – Það er kominn yfir mig einhver annarlegur friður – hvort sem það er vegna þess að ég hef skriftað eða vegna hins að ég hef ákvarðað að þola mína hegningu. – Á morgun fer ég

---

aflát: fyrirgefning
grandvaralaus: grunlaus

héðan. Ég segi Kára að ég komi aftur. *(Gengur til Höllu.)* Viltu verða við síðustu ósk minni? – Segðu honum aldrei frá þessu.

HALLA: Ég get engu lofað þér.

ARNES: Það er best að ég kveðji þig meðan við erum einsömul. Ég geng yfir hraunrimann og sest einhvers staðar þar sem ég hef útsýn yfir auðnina. Þú segir Kára að ég komi eftir nokkra stund. *(Réttir fram höndina.)* Mér þætti vænt um að þú hugsaðir til mín **gremjulaust** þegar ég er farinn.

HALLA *(réttir honum höndina)*: Vertu sæll, Arnes.

ARNES: Vertu sæl, Halla. *(Gengur nokkur skref, nemur staðar.)* Í varðhaldinu mun ég minnast þín eins og þess fegursta sem ég hef séð. *(Fer.)*

HALLA *(stendur og horfir á eftir honum, sest að vinnunni, vinnur nokkra stund þegjandi, stendur upp, gengur til Tótu)*: Dæmalaust ertu þæg og góð stúlka. Ertu ekki orðin syfjuð? (Breiðir skinnfeld á jörðina.) Nú skal mamma syngja fyrir þig – *(losar reipið)* – viltu það? *(Lyftir henni.)*

TÓTA: Já.

HALLA *(sest, hallar henni að brjóstinu á sér)*: Láttu aftur augun. *(Situr þegjandi, raular og rær)*:

Sofðu, unga ástin mín,
– úti regnið grætur.
Mamma geymir gullin þín,
gamla leggi' og völuskrín.
Við skulum ekki vaka' um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit,
– minn er hugur þungur.
Oft ég svarta sandinn leit
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Ertu sofnuð? *(Stendur upp **hóglega**, leggur barnið á skinnfeldinn og breiðir yfir það, sest aftur að vinnunni.)*

KÁRI *(kemur inn með vott hárið)*: Veistu til hvers mig langar?

HALLA: Þú verður að tala lágt – Tóta er nýsofnuð. *(Kári gengur til vinstri.)* Hvert ætlarðu?

KÁRI: Ég kem samstundis. *(Hverfur niður í gljúfrin, eftir andartak kemur hann upp aftur.)*

---

gremjulaust: án reiði
hóglega: gætilega



Einhvern góðan veðurdag þegar ég er í vígahug langar mig til að reyna að synda á móti straumnum og komast alla leið inn í gljúfrin.

HALLA *(stendur upp)*: Arnes gekk út á sandana. Hann kemur að vörmu spori. Hann ætlar að skreppa niður í byggð, hann fer á morgun.

KÁRI: Ég vissi að það var komið í hann óyndi. – Ég vona að honum hlekkist ekkert á.

HALLA *(gengur til hans)*: Ef hann kæmi aldrei aftur yrðum við einsömul eins og forðum daga. *(Tekur um hendurnar á honum.)* Þykir þér vænt um mig enn þá?

KÁRI: Það veistu.

HALLA: Mig langar til að heyra þig segja það.

KÁRI *(heldur höndunum á henni föstum)*: Ég sýni þér það allt of sjaldan. – Ég gleymi því. – Þú verður að segja mér til þegar það er eitthvað sem þú vilt að ég geri fyrir þig. *(Kyssir hana, sleppir henni.)* Hryggir það þig að Arnes ætlar niður í byggð?

HALLA: Þú sást aldrei lækinn sem ég fann uppi við Hofsjökul. Hann spratt upp í mosaþúfu og rann í hring; barmarnir voru grænir en sandauðn umhverfis. Ég gat gengið í kringum allt rennslið í þrjátíu skrefum. – Mér virðist mannsævin líkjast þeim læk.

ARNES *(kemur hlaupandi náfölur, talar í hálfum hljóðum)*: Það koma menn!

KÁRI *(agndofa)*: Hvað segirðu?

HALLA *(gengur að Arnesi)*: Ertu að leika þér að því að hræða okkur?

ARNES: Þeir eru rétt á hælunum á okkur. – Þeir eru níu saman. Þið verðið að flýja samstundis.

HALLA: Ég flý ekki frá Tótu.

KÁRI: Það þýðir ekki að veita viðnám – við yrðum borin ofurliði. Þú verður að treysta miskunnsemi mannanna. Þarna koma þeir. – Hlauptu í guðs nafni!

(Halla er að því komin að hlaupa.)

RÖDD BJÖRNS *(grimm)*: Takið þið nú bölvaða refina!

HALLA *(hrekkur saman)*: Það er Björn! *(Ógurlegt æði myrkvar andlitið á henni, hún grípur Tótu, röddin er hás og gerbreytt.)* Hvolpinum skulu þeir ekki ná.

TÓTA *(hrædd og yfirkomin af svefni)*: Mamma!

HALLA *(hleypur grátandi í átt að gljúfrunum og hverfur niður í þau)*: Tóta! Tóta! Tóta!

KÁRI *(hefur staðið agndofa, hleypur á eftir henni)*: Í guðanna bænum!

(Barnsóp heyrist niðri í gljúfrunum. Halla kemur upp á gljúfrabarminn.)

KÁRI: Halla! Halla!

BJÖRN *(mjög nærri)*: Flýtið ykkur!

HALLA *(æpir að honum)*: Djöfull!

BJÖRN *(kemur hlaupandi, grípur Höllu)*: Þar náði ég þér.

(*Kári þrífur hníf sinn og rekur hann á kaf í brjóstið á Birni. Björn hnígur niður dauður. Kári og Halla flýja. Menn Björns koma inn, nema staðar höggdofa þegar þeir sjá lík Björns.*)

ARNES *(gengur hægum skrefum til móts við þá.)*

Tjaldið

Umræður/Verkefni

1. Hver var aðbúnaður Höllu og Kára í óbyggðum og hvernig öfluðu þau sér lífsviðurværis? (Takið vel eftir skáletruðum lýsingum í textanum.)
2. Hvers vegna haldið þið að Arnes vilji fara frá Höllu og Kára?
3. Hvað á Halla við þegar hún segir Arnesi að hún hafi ekki yfirgefið sitt fyrra líf vegna Kára heldur sjálfrar sín?
4. Hvað má lesa úr orðum Arnesar um samband Kára og Höllu eftir sjö ár á fjöllum?
5. Getur ástin gert mann vondan? Rökstyðjið svarið.
6. Finnst ykkur hægt að réttlæta gerðir Höllu þegar hún hendir barninu í gljúfrið? Færið rök fyrir svari ykkar.
7. „Dauðinn er lítil þjáning í samanburði við lífið," segir Halla. Eruð þið sammála henni? Getur lífið verið þjáning að ykkar mati?
8. Á bls. 33 segir Halla frá draumsýn sinni um framtíð Tótu dóttur sinnar. Hver er þessi draumsýn og hvað segir hún um líðan Höllu? Hvað finnst ykkur um hana?
9. Á bls. 44 spyr Kári Höllu hvort hún muni sakna Arnesar. Þá segir Halla: „Þú sást aldrei lækinn sem ég fann upp við Hofsjökul. Hann spratt upp í mosaþúfu og rann í hring; barmarnir voru grænir en sandauðn umhverfis. Ég gat gengið í kringum allt rennslið í þrjátíu skrefum. – Mér virðist mannsævin líkjast þeim læk." Getið þið útskýrt hvað Halla á við?

Smásögur

Smásagan er eldgamalt listform og talin komast næst upphafi frásagnarlistar. Til eru kínverskar smásögur frá því fyrir Krist en einnig má nefna persnesk-arabíska smásagnasafnið *Þúsund og ein nótt* frá því um 900 eftir Krist. Margar smásögur í því safni eru þekktar og nefna má sem dæmi frásagnirnar af Aladdín og Sindbað sæfara. Kvikmyndagerðarmenn hafa oft sótt innblástur í þessar sögur og eru nokkrar þekktar Disneymyndir byggðar á frásögnum þaðan.

Á síðari hluta 14. aldar kom út ítalskt sagnasafn sem þýtt hefur verið á íslensku og nefnist Tídægra en sumir telja þetta sagnasafn marka upphaf smásagnaritunar í nútímskilningi. Á svipuðum tíma kom fram á Íslandi sérstök tegund smásagna, svonefndir Íslendingaþættir, sem segja frá samskiptum Íslendinga við konunga. Aðrir telja þó að þessar sögur, þættir, ævintýri og dæmisögur séu aðeins forverar smásögunnar og að hún hafi ekki komið fram í núverandi mynd fyrr en um miðja 19. öld.

En hvað einkennir smásöguna? Þórarinn Eldjárn hefur skrifað smásögu sem hann nefnir „Smátt spurt og fátt um svör". Saga þessi birtist í smásagnasafni hans Eins og vax og kom út árið 2002. Sagan hefst einmitt á spurningunni: Hvað er smásaga?

„Hvað hún er? Smásagan er þegar best lætur nákvæmlega það sem hún segist vera, smá saga, smáSAGA.

Saga sem sagt, en smá?

Saga já, en smá og smá … tjah. Út af fyrir sig getur hún tekist á við stærstu spursmál og þannig verið stór þó smá sé en hún gerir það í smáu formati, smáum stíl, smátt og smátt.

Stór að innan, lítil að utan?

Já, eins og billinn í auglýsingunni. Chevrolet Novell.

Stórt spurt en fátt um svör?

Stórt eða smátt, já eftir atvikum skulum við segja en ævinlega fátt um svör. Í skáldsögum er þetta gjarna öfugt: Smátt spurt en mikið um svör. Þess vegna er skáldsagan löng. Teygir lopann meðan smásagan reynir helst að láta hann hlaupa. En eitt skal þó vera alveg á hreinu: Þó smásagan sé ekki alltaf smá innan um sig, þá verður hún að vera stutt. Enda heitir hún eftir því á ensku: Short story, stuttsaga."

Það er fleira sem einkennir smásöguna en lengdin. Í smásögu eru persónur yfirleitt fáar, sögutíminn stuttur eða takmarkaður, sögusviðið þröngt og söguþráðurinn einfaldur. Þá má nefna að sumar smásögur fylgja hefðbundinni sögubyggingu; hafa upphaf, miðju og endi eða kynningu, flækju og lausn en aðrar sleppa hins vegar kynningu og eiginlegri lausn, eru eins konar stuttmyndir eða svipmyndir. Efni þeirra er fjölbreytt, þar má finna sögur um menn og dýr sem minna mega sín, gamansögur með ádeilutón, furðusögur, hrollvekjur og sögur um glæpi og morð svo eitthvað sé nefnt.

Fyrsta íslenska smásagan kom út fyrir rúmlega hundrað og sextíu árum. Hún heitir *Grasaferð* en höfundur hennar var Jónas Hallgrímsson. Frá útkomu þessarar sögu hafa margar íslenskar smásögur birst í tímaritum og ófá smásagnasöfn litið dagsins ljós. Íslensk skáld hafa mörg hver byrjað feril sinn með því að semja og gefa út smásögur en hallað sér svo að skáldsagnaforminu. Nokkrir hafa þó helgað sig smásagnagerðinni og má þar nefna Ástu Sigurðar, Gyrði Elíasson, Svövu Jakobsdóttur og Þórarin Eldjárn. Síðustu 150 árin hefur smásagan notið mikilla vinsælda og verið áberandi í bókmenntum margra þjóða.

Jón Atli Jónasson (1972)

Töframaðurinn

Við höfum tekið þetta hús á leigu. Við ætluðum að vera hér í mánuð og halda svo áfram ferðalaginu um Evrópu. Við höfum skoðað hvern fersentimetra af Evrópu frá því ég man eftir mér. Borgir og götur eru farnar að koma mér kunnuglega fyrir sjónir. Samt nær allt að vera svo framandi. Eitthvað svo útlenskt. Kannski er það lyktin og mjólkin. Það er það fyrsta sem krakkar eins og ég taka eftir. Hvað útlensk mjólk er vond á bragðið.

Þetta er hvítt, tvílyft einbýlishús með stórum gluggum. Fyrir gluggunum eru svartir hlerar. Til að halda storminum úti. Við höfum þá dregna frá að mestu leyti. Nágranni okkar er gamall maður. Hann býr í nákvæmlega eins húsi. Hann er mættur út í garð snemma á morgnana. Hann er mikill áhugamaður um garðyrkju. Við bræðurnir heilsum upp á hann og sniglumst í kringum hann fram eftir degi. Þetta er einn af þessum dögum þegar við erum látnir í friði. Höfum nægan tíma til að vera litlir strákar og lenda í ævintýrum. Það er þögult samkomulag á milli okkar á svona dögum. Við erum saman í liði og sláumst ekki hvor við annan. Gamli maðurinn strýkur svitann af enninu og talar við okkur á þýsku. Við höfum enga hugmynd um hvað hann er að segja en kinkum kolli til hans. Bara svona til að sýna áhuga. Hann sýnir okkur skúrinn sinn. Hann er fullur af garðáhöldum sem standa í snyrtilegri röð upp við einn vegginn. Skúrinn er líka fullur af byssum, sverðum og fánum. Nágranni okkar er greinilega mikill áhugamaður um nasisma. Hann gefur okkur gasgrímur til að leika að. Við þurrkum af þeim mesta rykið og setjum þær upp. Svo hlaupum við öskrandi yfir í garðinn til mömmu. Hún gargar og veinar. Við erum sendir beinustu leið yfir grindverkið til að afþakka þessar fínu gjafir. Gamli maðurinn er leiður yfir þessu. Mig langar að segja honum svolítið en hann skilur ekki íslensku. Mig langar að segja honum að ég þurfi ekki grímuna. Ég er meistari í því að halda niðri í mér andanum. Ég get gert það svo dögum skiptir. Tekið góðan slurk af súrefni og geymt það í holu inni í mér. Það veit það enginn. Ekki einu sinni bróðir minn.

Við förum aftur inn í garðinn til mömmu og setjumst hjá henni. Það er heitt og sólin kyssir okkur. Ég lít upp í himininn. Framhjá tunglinu og framhjá sólinni. Lengst úti í sólkerfinu er lítill punktur. Ef ég horfi nógu stíft á hann get ég stoppað tímann. Reyndar ekki mjög lengi í einu. Ég er miklu klárari í að halda niðri í mér andanum. En ég er að vinna í þessu. Ég gefst upp á því að stara. Sólin er of sterk. Þegar hún skín svona mikið get ég ekki stoppað tímann. Í mesta lagi hægt á honum. Ég er með segulband í maganum. Þar

get ég tekið upp allt sem ég vil geyma. Ég set það í gang. Til að eiga seinna. Þegar gefur á bátinn. Ég kann nefnilega að gera alls konar töfrabrögð sem enginn veit um. Ekki einu sinni bróðir minn.

Við liggjum í skrjáfandi grasinu og finnum sólina baka hvíta líkama okkar. Pabbi er hvergi sjáanlegur. Hann liggur inni í skugganum og sefur. Þessi stund er eins og ljósmynd sem er tekin á nákvæmlega réttu augnabliki. Þegar hástökkvarinn réttir ökklana yfir stöngina. Það er að koma kvöld. Við tökum saman teppin og dótið. Við erum hálf dofin af sólinni og náttúrunni í kringum okkur. Of stór skammtur af útiveru. Það er einhver þögul ró yfir okkur. Eins og eitthvað í okkur hafi fengið að jafna sig.

Inni í húsinu er pabbi vaknaður og situr við eldhúsborðið. Hann stendur hægt upp og segir mér að fara út í bíl. Við ætlum að sækja eitthvað að borða. Ég fer í bolinn, grípur jakkann minn og hleyp út í bíl. Hann kemur á eftir mér og sest inn. Setur hann í gang. Við keyrum hratt eftir götum sem fela sig undir háum trjám og laufi. Síðustu geislar sólarinnar þröngva sér í gegnum glufur í gróðrinum og skjóta ljósbrotum á framrúðuna. Við keyrum framhjá stöðuvatni þar sem maður getur fengið að sigla á plastsvani með pedölum. Þeir rugga nokkrir saman við bakkann. Það er græn slikja á bringunni á þeim. Eins og þeir séu eitthvað veikir.

„Við erum líkir, ég og þú," segir hann og kveikir í sígarettu. „Það er ýmislegt sem verður að vera bara á milli okkar," segir hann og beygir inn hjá verslunarmiðstöðinni. „Sumt þarf mamma þín ekki að vita."

Hann rennir bílnum inn í stæði og við stígum út. Hann tekur peningaseðil úr vasanum og réttir mér hann. „Sérðu búðina þarna? Hlauptu þangað og kauptu þér súkkulaði. Ég verð á veitingastaðnum þarna. Bíddu svo eftir mér hérna við bílinn. Ég ætla að fá mér eitthvað að drekka. Ég er svo þyrstur. Svo kaupum við eitthvað í matinn." Ég finn að seðillinn er orðinn blautur af svita í lófanum á mér. „En þú mátt ekki drekka," segi ég ofurvarlega. Hljótt eins og ég voni að hann heyri ekki í mér. „Ekki einu sinni ef ég er þyrstur?" Hann brosir og röltir af stað í átt að veitingastaðnum. Ég hef komið einu sinni þangað inn. Það er súr lykt þar inni og þykkur reykur. Hann stingur mann í augun.

Það fer hrollur um mig. Frankenstein er að afgreiða í búðinni. Fyrir aftan hann er stafli af hálfbráðnuðu súkkulaði. Það er að reyna að flýja úr umbúðunum. Hann starir á mig úr tíu þúsund feta hæð og ég rétti honum blautan seðilinn. Kaupi eitt. Bara svona til að frelsa það. Ég fer aftur út og hendi því í ruslið. Það bólar ekkert á pabba. Ég geng að bílnum og sest á volgt húddið. Það er farið að kólna. Ég ýti á punkt í maganum á mér og spila það sem ég tók upp á segulbandið í dag. Volgt húddið hjálpar til.

Ég hlýt að hafa sofnað. Þegar ég vakna er ég orðinn stífur. Pabbi er að ýta við mér. Ég kipptist til og renn niður af bílnum og lendi á hörðu malbikinu. Það er lykt af honum.

Hann sest inn í bílinn og ég þurrka af mér. Hann teygir sig í hina hurðina og opnar fyrir mér. Ég stend hljóður í nokkrar sekúndur og dreg andann að mér. Stóra kúlu af súrefni sem ég geymi í neðanjarðarbyrgi í maganum. Svo sest ég inn og hann tætir af stað.

Hann er svo fullur að hann hefur varla stjórn á bílnum. Trén æða framhjá okkur í myrkrinu. Mér er alveg sama. Það skiptir engu máli. Ég stýri þessum bíl með hugarorkunni. Ég er mjög fær í því.

Þegar við komum að húsinu sé ég að ég hef gleymt að setja hlerana fyrir gluggana. Ljósin fyrir innan varpa geislum út á mölina. Ég hef ekki orku til að loka þeim. Það er orðið of seint. Pabbi stoppar bílinn og snýr sér að mér. „Þú mátt ekki kjafta í hana," segir hann og staulast út úr bílnum.

Við ryðjumst inn með látum. Ég fer beint inn í eldhús. Hann ráfar upp stigann inn á baðherbergi og lokar. Inni í eldhúsi situr mamma á stól og reykir. Bróðir minn liggur sofandi með höfuðið á eldhúsborðinu. Það eru hvítir logar í ljósu hárinu. Hún lítur á mig og vonar að ég eigi töfrabrögð. Svo sér hún í augunum á mér að ég get ekkert gert. Hún hefur komið baksviðs þegar ég er með sýningar. Hún veit hvernig brellurnar mínar virka. „Hann keypti ekkert að borða. Hann er fullur," segi ég til að taka af allan efa.

Mamma stendur upp og drepur í sígarettunni. Hún strýkur yfir kollinn á mér og svo fer hún upp. Ég elti hana að stiganum og bíð hennar þar.

Hún æpir. Hann æpir. Svo kemur hún í ljós efst í stiganum. Hún lítur á mig og varir hennar mynda orð sem er hljóðlaust. „Hlauptu," segir hún. Ég finn að það er hleypt köldu blóði á æðarnar. Hún hverfur og hann birtist. Kemur æðandi niður stigann. Hjartað í mér er farið að slá hratt. Ég loka augunum og sé það fyrir mér. Rauða pumpu. Ég er dálítið upp með mér. Það er með mér í liði. Ég ætla ekki að bregðast því. Ég hleyp fyrir það. Fyrir liðið mitt. Fyrir mömmu.

Ég grík í útidyrahurðina. Ég finn ekki húninn strax í myrkrinu. Húsið titrar þegar hann kemur æðandi niður stigann. Mér tekst loks að opna hurðina og finn reiðan andardrátt hans á hálsinum. Hann grípur í mig. Ég renni jakkanum mínum niður og hann kippir honum af mér. Ég heyri jakkann vöðlast saman í höndunum á honum og verða að engu. Svo hleyp ég út í myrkrið. Hann kemur á eftir mér. Ég hleyp að gatinu á girðingunni og bak við hús nágrannans. Ég heyri að hann kemur á eftir mér. Ég hleyp inn í garðinn og príla upp á vegginn hinum megin. Það tekur mig dálitla stund að komast upp á hann. Ég finn að hann er að koma. Þegar ég næ loks að lyfta mér upp á vegginn þá grípur hann í bolinn minn. Ég læt mig detta yfir vegginn og bolurinn rifnar utan af mér. Ég fell hægt niður í myrkrið handan við vegginn.

Stundum þegar ég einbeiti mér get ég svifið í loftinu. En ég segi engum frá því.

Nokkrum mínútum seinna skell ég niður á möl. Ég heyri hann berja í vegginn með hnefunum. Ég er við lestarsporið. Þar sem við megum ekki leika okkur. Veggurinn fer að bylgjast til. Hann er að reyna að klifra yfir. Ég hleyp af stað í lausri mölinni. Ég hleyp þangað til ég fæ hlaupasting. Einhvers staðar fyrir aftan mig heyri ég skell. Hann er kominn yfir vegginn. Hlaupastingurinn lamar brjóstið á mér eins og dauðageisli. Hann nær mér bráðum. Hann nær mér alltaf.



Ég kem auga á dálítið skot þar sem vegurinn mætir lestarsporinu. Undir teinunum. Ég skýt mér þangað undir og fel mig. Hann kemur hlaupandi en það er of seint. Ég er horfinn. Ég heyri fótatak hans fjarlægjast og öskrin í honum. Hann er að kalla á mig. Því miður. Ég er heyrnarlaus. Ég er búinn að slökkva á eyrunum.

Ég hlýt að hafa sofnað. Þegar ég opna augun hrynja litlir steinar niður á mig. Lestin er að koma. Ég frýs. Pabbi er einhvers staðar þarna úti við sporið að leita að mér. Ef ég hreyfi mig þá finnur hann mig. Hávaðinn í lestinni hækkar með hverri sekúndu. Svo heyri ég hrikalegar drunur. Lestin æðir beint yfir mig og ég titra allur og skelf af þunga hennar. Súrefniskúlan í maganum springur og eyrun kveikja aftur á sér. Ég ræð ekki við neitt.

Ég hverf inn í myrkur. Buxurnar mínar eru blautar. Bunan er svo sterk að hún bleytir mig upp á maga. Kannski er ég dáinn. Ég þori ekki að standa upp fyrr en löngu seinna. Ég læðist aftur að húsinu. Tek hvert skref eins varlega og ég get. Hann bíður mín bak við hvert horn. Ég opna gluggann í eldhúsinu og lít upp í svartan himininn og soga að mér nýja súrefniskúlu. Ég kem henni vel fyrir inni í maganum og svíf svo inn.

Ég heyri að hann hrýtur uppi í svefnherbergi. Hann hefur gefist upp. Ég sest við eldhúsborðið og róta í töskunni hennar mömmu. Finn sígaretturnar hennar og kveiki mér í einni. Á dagatalinu stendur þrettándi júlí. Ég verð tólf ára í desember. Höndin á mér fölnar upp og hverfur. Sígarettan svífur ein í loftinu. Reykurinn lekur af henni. Ég er að æfa mig í því að verða ósýnilegur.

Umræður/Verkefni

1. Hver er sögumaðurinn í þessari sögu og hvert er sjónarhorn hans?
2. Lýsið umhverfi/sögusviði sögunnar.
3. Finnið vísbendingar í 2. efnisgrein um það sem síðar gerist.
4. „Ég er meistari í að halda niðri í mér andanum. Ég get gert það svo dögum skiptir. Tekið góðan slurk af súrefni og geymt það í holu inni í mér. Það veit það enginn. Ekki einu sinni bróðir minn." (bls. 48)
   - Reynið að átta ykkur á líðan drengsins og lýsa henni með eigin orðum.
   - Hvað veldur þessari líðan?
5. „Ég ýti á punkt í maganum á mér og spila það sem ég tók upp á segulbandið í dag." Hvað tók hann upp á segulbandið?
6. „Hún hefur komið baksviðs þegar ég er með sýningar. Hún veit hvernig brellurnar mínar virka." (bls. 50) Hvernig skiljið þið þessi orð? Hvaða sýningar og brellur er hann að tala um?
7. „Þegar við komum að húsinu sé ég að ég hef gleymt að setja hlerana fyrir gluggana. Ljósin fyrir innan varpa geislum út á mölina. Ég hef ekki orku til að loka þeim. Það er orðið of seint." (bls. 50) Hvað er orðið of seint? Hvað geta gluggahlerarnir táknað annað en gluggahlera? Hverju telur hann sig bera ábyrgð á?
8. Hvernig virðist tengslum innan fjölskyldunnar vera háttað? Takið sérstaklega eftir sambandi sögumanns við móður sína og föður.
9. Hvernig túlkið þið sögulokin?
10. Hvaða áhrif hafði sagan á ykkur? Hvernig leið ykkur þegar þið lásuð hana? Hvaða tilfinningar vakti hún með ykkur og af hverju?

Steinunn Sigurðardóttir (1950)

Hálft andlit

HÚN BAÐ HANN í símann að koma ekki út á völl. Hún mundi sjálf hafa samband, þegar hún kæmi til landsins.

Það getur vel verið að hann komi samt, sagði hún við móður sína á leiðinni heim í flugvélinni.

Móðir hennar sagði: Hann hefur aldrei látið segja sér fyrir verkum.

Þær sátu aftast í vélinni. Hún var við gluggann og horfði út næstum alla leiðina, þótt það væri ekkert að sjá nema skýjateppið. Var hún ekki bara að þessu glápi svo enginn sæi ónýta vangann nema guð. Og náttúrlega jesú.

Þær pöntuðu sér koníak eftir matinn. Hún var hrædd um að það væri ekki gott saman við verkjalyfin, en móðir hennar sagði að einn væri í lagi.

Síðast þegar hún kom heim, með Jóa, frá Ítalíu, þá var einmitt drukkið sama koníak. Það var sumarið sem þau flökkuðu um og lágu allsber í sólinni hvar sem hægt var að koma því við. Jói var svo skotinn í henni sólbrenndri og gullinhærðri að hann gat ekki látið hana í friði í flugvélinni og hélt utanum hana alla leið, nema rétt á meðan hann borðaði matinn sinn. Meiraðsegja í flugtaki og lendingu, þótt það væri örugglega ólöglegt og sjálfsagt óþægilegt. Hún var fegin að hafa hann svo nálægt sér, því henni hafði aldrei líkað að fljúga. En í þetta skipti var henni sama.

Móðir hennar var sofnuð. Hún reyndi að gera henni ekki ónæði þegar hún fór framhjá til að komast á klósett. Þar inni var myrkur. Það kviknaði á ljósum um leið og hún læsti að sér. Hún var lifandi komin í speglinum, svona. Það hafði gleymst yfir koníakinu.

Af hverju dreif hún ekki í að kála sér í útlöndum, strax eftir slysið, í staðinn fyrir að koma heim einsog frík, leggja endalausa þvælu á Jóa, á sig, á alla í tíu kílómetra radíus. Hún opnaði veskið af gömlum vana og tók fram snyrtidótið. Réttast að setja smá-meik á hvítu grisjurnar. Hún varalitaði sig upp á grín, sneri svo góða vanganum í spegilinn.

Hann var búinn að bíða í fimmtán mínútur bak við glerið. Svo sá hann hana, í miðjum farþegahópnum. Hún skar sig úr vegna umbúðanna. Það var eyða í kringum hana, eða kringum þær öllu heldur, því móðir hennar vék ekki frá. Menn horfðu ekki einu sinni í áttina að henni. Ef einhver gerði það, þá voru það börn.

Hann veifaði, en hún sá það ekki. Hann vissi að þetta var hún, Erla Jónsdóttir, kærastan hans, sem hann ætlaði að giftast og eignast börn með. En þetta var ekki sama mann-

eskjan og sú sem hann horfði á eftir inn í passaskoðun fyrir þrem vikum og hvarf sjónum handan við málmleitarhliðið, vörn gegn flugvélarræningjum og terroristum. Þessi manneskja hreyfði sig öðruvísi. En nettir fótleggirnir voru samir, hún var með sömu silfurkeðju um sama úlnlið. Hún var meiraðsegja með rauða naglalakkið.

Hún sat frammí á leiðinni til Reykjavíkur. Góði vanginn sneri að bílstjóranum. Það var þoka, hann ók með háu ljósin. Móðir hennar sá um samræðuhliðina. Hann tók í höndina á stúlkunni í framsætinu, þegar þokunni létti. Hún flýtti sér að opna sælgætispoka úr fríhöfninni til þess að losa sig.

Þau voru ein í stóra herberginu hennar eftir kvöldmat. Þetta var uppáhaldsvistarveran hans í heiminum. Gardenían og hawairósin í fullum blóma, kveikt á rauða lampanum, hvítu blúndurnar fyrir gluggum. Hún talaði og hann þagði meðan þau drukku dósabjór.

Hún sagði að það mundi ganga á með skurðaðgerðum næsta árið. Samt yrði hún aldrei góð. Hún sagði að þetta kæmi í veg fyrir að þau gætu átt eðlilegt samband. Hann hankaði hana á orðalaginu og spurði hvaða formúlu hún hefði fyrir eðlilegu sambandi. Hún bað hann að láta ekki svona.

Hún var þreytt og hann lét hana leggjast útaf á heklaða rúmteppið og tók utanum hana. Hún spurði hvort hann vildi ekki sofa í herberginu núna og kannski stundum, fyrst um sinn, svo henni fyndist að hún ætti heima í veröldinni. Hún vissi vel að núna, eftir slysið, væri hún önnur manneskja, allir væru öðruvísi við hana. Hún sagðist vita að lífið væri búið hjá henni, í öllum venjulegum skilningi. Af því ég var venjuleg stelpa, sem þótti gaman að vera sæt. Ég ætlaði að giftast þér og eignast börnin þín. Mér leiddist í háskólanum og líka í vinnunni, en ég vissi alltaf að ég yrði ánægð heima hjá mér.

Hann hafði aldrei heyrt þetta áður. Ekki svona. Hann sagði ekkert.

Ég veit ekki hvað ég ætti að finna núna sem gæfi lífinu gildi. Af því ég var venjuleg stelpa.

Hann hankaði hana aftur: Hvað er venjuleg stelpa?

Góði láttu ekki svona, sagði hún. Þú veist hvernig ég er. Ef þú hugsar þig um.

Hann hafði að minnsta kosti einhvern tímann vitað, hvernig hún var.

Svo sagðist hún hvergi hafa meitt sig nema á hægri vanganum og bað hann aftur að sofa hjá sér stundum svo hún yrði síður desperat, eða minna desperat, hvort hún mætti ekki hringja.

Láttu ekki svona, sagði hann og kyssti hana á hendurnar sem ilmuðu af Anaís frá Cacharel.

Rétt áður en hann sofnaði hjá henni við hvítt sængurver sem hún hafði saumað GÓÐA NÓTT í, fannst honum einsog allt væri í lagi, allt yrði gott einsog einu sinni, en þegar hann vaknaði í myrkrinu mundi hann að draumarnir bentu til annars.



Umræður/Verkefni

1. Hver er innri tími sögunnar?
2. Þegar Erla og Jói komu frá Ítalíu hélt hann utan um hana nær alla flugferðina, meira að segja í flugtaki og lendingu. Þá þótti henni gott að hafa hann svona nálægt sér „því henni hafði aldrei líkað að fljúga. En í þetta skipti var henni sama“. Hvað er gefið í skyn með þessum orðum?
3. Hvað er venjuleg stelpa í huga Erlu? Eruð þið sammála? Rökstyðjið svarið.
4. Hvaða áhrif taldi Erla að slysið hefði á samband hennar og Jóa?
5. Hvað með Jóa? Hvað fannst honum?
6. Hvað teljið þið að höfundurinn vilji benda okkur á með þessari sögu?

Þórir Bergsson (Þorsteinn Jónsson) (1885)

Stökkið

Ég man vel eftir því kvöldi og eru til þess ýmsar ástæður. Það voru fyrstu jólin sem ég var ekki heima í foreldrahúsum, ég var að læra hjá Sigurði, prófasti á Stað, þann vetur. Ég var nýkominn á fætur eftir allþunga legu í lungnabólgu og hvergi nærri búinn að ná mér eftir veikindin. En eftirminnilegast er mér þó kvöldið vegna þess atburðar sem ég nú ætla að segja frá.

Við sátum öll kringum jólaborðið. — Bærinn á Stað er langt frá sjó, fram til dala og er fullkomin **þingmannaleið** út í kaupstaðinn og yfir háls að fara. Þótt sá háls sé ekki hár er hann þó oft illur yfirferðar á vetrum, hann er flatur og illt að átta sig þar í hríðum og dimmu.

Það var ljós í hverju horni — bar hvergi skugga á, svo sem siður er á jólunum því þetta var á sjálfu jólakvöldinu. Það var hlýtt og notalegt inni í stærsta herberginu og þar sat allt fólkið, um tuttugu manns — nema einn maður — Sveinbjörn vinnumaður.

En úti buldi norðanstórhríðin á þekjunni. Hann hafði skollið saman þá um kvöldið eða réttara sagt um daginn þegar fór að skyggja og stöðugt hert á veðrinu síðan. Við vissum það öll að þetta var aðeins byrjunin.

Öllum var okkur órótt í skapi. Við treystum að vísu Sveinbirni vel því hann var framúrskarandi dugnaðarmaður og þaulvanur slarkinu. En ástæður fyrir fjarveru hans voru þær að um morguninn hafði bóndi framan úr sveitinni komið í dauðans ofboði og beðið prófastinn að lána mann og hesta til að sækja lækninn. Útlitið var ískyggilegt og færðin mjög slæm. Það mátti engu muna og ekkert versna til þess að ófært væri með hesta um jörðina. — Sveinbjörn var þá auðvitað sendur af stað með fjóra hesta. Hann hafði margsinnis áður teflt um lífið og dauðann við stórhríðar og aðrar stórhættur. Og nú beið kona í **barnsnauð** þar frammi í sveitinni eftir einu hjálpinni sem sýndist mögulegt að afla sér. Og nú var eftir að vita hvort sú tilraun mundi lánast eða kannski verða fleirum að **fjörtjóni**.

Okkur var því órótt í skapi öllum sem sátum kringum jólaborðið þetta kvöld.

„Þeir ættu að vera komnir," sagði prófasturinn, „og það þótt þeir hafi orðið að ganga af hestunum og skilja þá eftir á Höfða. Og mér þykir líklegt að þeir hafi orðið að gera það."

„Mér líst ekki á þennan nýja lækni," sagði Brandur vinnumaður. „Þetta er mesti **væskill**. Ég held Sveinbjörn hafi orðið að bera hann barasta. Svei mér ef ég held það ekki barasta."

„Hann er ekki hraustlegur," sagði prófastsfrúin, „og kannski tæplega fær í þessar voðalegu ferðir. Þú þekkir hann víst, Jón."

Jón, sonur prófastsins, var nýlega orðinn sýslumaður þar í sýslunni og var heima hjá

þingmannaleið: dagleið ferðamanna að gömlu mati, um 37,5 km
barnsnauð: erfið fæðing
fjörtjón: dauði
væskill: kraftalítill maður

foreldrum sínum um jólin. Hann hafði komið utan úr firðinum daginn áður. Hafði hann setið þegjandi og hugsi við borðið að þessu en nú leit hann upp.

„Já, ég þekki hann nokkuð," sagði hann, „en við vorum samt ekki mikið saman. Hann var lítið með öðrum á námsárunum — en ég þekki hann þó að því að hann er fremur kjarklítill. Ég skal segja ykkur hvernig ég varð var við það. Við vorum nokkrir félagar saman. Við vorum glaðir á góðri stundu. Við fórum út og vorum „upplagðir" að gera ýmis **strákapör** og gerðum það líka. Við vorum naumast komnir af barnsaldri þá, að minnsta kosti þurfti ekki mikið til að vekja upp í okkur strákinn. Svo gengum við niður á bryggju, sjórinn hafði brotið skarð í hana. Það var allbreitt skarð, framarlega. Það var norðangola og úfinn sjór. Sá sem á undan fór var **glanni**, hann hljóp til og stökk yfir skarðið. Hann fann að það mátti ekki tæpara standa að hann gæti fótað sig hinum megin, það var svo langt hlaup til þess að gera og hált á borðunum. En hann sneri sér við og ögraði okkur til að koma á eftir sér. Við vorum fjórir alls og tveir hlupu strax yfir en Guðmundur læknirinn, stóð einn eftir. Við kölluðum til hans. „Ég stekk ekki yfir," sagði hann. „Þorirðu það ekki?" sagði ég. Hann svaraði ekki. „Þorirðu það ekki!" Við hlógum og skopuðumst að honum. „Nei, ég þori það ekki," sagði hann, „það er alveg óvíst, að þið gætuð bjargað mér ef ég dytti í sjóinn og stólparnir eru svo hálir að það er óvíst að ég gæti haldið mér uppi við þá meðan þið eruð að sækja bát." — Ég sé það auðvitað núna þegar ég fer að hugsa um þetta að það var alveg satt sem hann sagði. — En við höfðum alls ekkert hugsað um hættuna og ég held ekki að neinn kjarkmaður geri það þegar svona stendur á. Ég get ekki hugsað mér að sá maður sé dugandi og kjarkgóður sem alltaf er að hugsa um hvort þetta og þetta geti ekki verið hættulegt og aldrei þorir að tefla á tvær hættur, jafnvel þótt það sé aðeins gert til gamans."

„Mikil bö… dæmalaus **lydda** gat maðurinn verið," sagði Brandur. „Ég held ég hefði stokkið barasta."

„Það er enginn efi á því," sagði prófasturinn að Guðmundur gerði rétt í því að stökkva ekki. En samt er ég nú á þínu máli, Jón, að ég held að kjarkmaður hefði hlaupið og það jafnvel þótt hann hefði ekki vel treyst sér til þess. Og guð hjálpi veikum og þreklitlum huga úti í þessu veðri. Guð hjálpi aumingja konunni og manninum hennar."

„Er það ekki voðalegt," sagði Solveig, dóttir prófastsins, og augu hennar tindruðu af reiði, „er það ekki hreint og beint voðalegt ef Sveinbjörn hefur nú orðið að setjast að og gista með lækninn einhvers staðar úti í sveit og konan deyr svo eingöngu fyrir **ragmennskuna** í honum?"

„Við skulum ekki dæma of hart," sagði frúin. „Sveinbjörn er duglegur maður, eins og við vitum öll en þetta er líka alveg óttalegt veður, — hlustið þið á. Guð almáttugur, ég held hann sé alltaf að herða veðrið."

Við þögnuðum og hlustuðum. Það var eins og bærinn væri laminn utan með grjóti.

---

strákapör: prakkarastrik
glanni: fljótfær maður, fífldjarfur maður
lydda: hugleysingi
ragmennska: hugleysi

„Það eru ljótu andsvoðans lætin í honum," sagði Brandur. „Ég held barasta að ég muni ekki eftir öðrum eins látum."

Í því kom Guðrún vinnukona inn. Hún hafði farið fram. „Ég held að það sé einhver að reyna að komast inn í bæinn," sagði hún, „en ég þorði ekki ein fram."

Við hlupum öll fram í snatri og opnuðum hurðina. Það var undan veðrinu sem dyrnar sneru en út var að sjá í iðulausa hríðina sem þyrlaðist inn á gólfið. Og inn úr þessum ósköpum kom hár maður og grannur, allur **fannbarinn**.

Það var Guðmundur læknir.

„Gott kvöld," sagði hann og talaði hátt. „Komið þið strax út með mér einhverjir til að koma honum heim."

„Hvar er Sveinbjörn?" spurði prófasturinn.

„Hann varð veikur á leiðinni," sagði læknirinn. „Ég kom honum hér heim undir hólinn fyrir utan bæinn en þegar ég sá ljósið skildi ég hann eftir. Ljósið sést ekki langt núna. Komið þið nú að hjálpa mér að ná í hann."

Við sóttum okkur húfur og fórum út að sækja Sveinbjörn. Við studdum hann heim og inn. „Það kom í mig þetta óttalega máttleysi," stundi hann þegar við vorum að koma honum inn í bæinn. „Læknirinn varð nærri því að bera mig alla leið utan frá Stórhól." Læknirinn nam staðar í forstofunni. „Hafið þið frétt nokkuð af konunni?" spurði hann.

Því var neitað og honum var boðið inn.

„Nei, ég kem ekki inn því þá þiðnar þetta allt utan af mér. En ég verð að biðja yður, séra Sigurður, að lána mér einhvern til að fylgja mér fram eftir, ég rata ekkert." Hann brosti.

Það kom dálítið hik á prófastinn.

„Fyrst Sveinbjörn brást," sagði hann, „þá veit ég varla hver það ætti að vera í þessu veðri."

Læknirinn leit yfir hópinn og kom auga á sýslumanninn.

„Já, það er satt, þú ert hér, Jón," sagði hann glaðlega, „það bar vel í veiðar. Þú ert fæddur hér og upp alinn og þekkir auðvitað hverja þúfu. Þú fylgir mér þangað!"

Sýslumaðurinn þagði augnablik.

„Jæja?" sagði læknirinn.

„Ég er auðvitað kunnugur," sagði sýslumaðurinn hálfvandræðalegur, „en ég veit ekki hvort .... Ég held þú ættir að koma inn og fá þér hressingu og sjá hvort ekki slotar veðrinu seinna í kvöld eða þá í nótt."

Læknirinn horfði á hann og glotti.

„Allright!" sagði hann svo, „þú stekkur þá ekki!"

Svo sneri hann sér að prófastinum.

„Er nokkur hér inni sem treystir sér til að koma?" spurði hann. „Segið það þegar í stað því ég má ekki með nokkru móti slóra. Ég hef einu sinni farið þetta áður svo ég kemst

---

fannbarinn: snjóugur

það kannski einn. Ég tapaði aldrei áttunum í kvöld en auðvitað var það Sveinbjörn sem réð ferðinni."

„Brandur?" sagði prófastur og leit spyrjandi augum til vinnumannsins.

En Brandur stóð og tvísté á gólfinu.

„Ég treysti mér fjandans ekki til þess barasta," sagði hann.

Solveig gekk fram úr hópnum.

„Fáið þið mér karlmannsföt," sagði hún, „og ég fer með honum."

Læknirinn hló stuttan, glaðlegan hlátur.

„Nei, ungfrú góð," sagði hann, „þó að ég efist ekki um að þér ratið þá er nú veðrið tæplega fyrir yður."

„Ef ég væri á aldur við þig, Brandur," sagði Ásmundur gamli fjósakarl, „þá skyldi ég ekki standa hér eins og bjálfi."

En í sama bili var hurðinni hrundið upp og maður kom inn. Það var maðurinn konunnar sem verið var að sækja til lækninn.

„Er læknirinn kominn?“ sagði hann. „Mér datt það í hug að hann hefði kannski ekki treyst sér lengra. Guðrún segir að hún lifi það ekki af til morguns ef hún fær ekki hjálp.“ Hann sneri sér að lækninum og tók í handlegginn á honum. „Í guðsbænum komið þér með mér,“ sagði hann. „Ef þér eruð uppgefinn þá get ég borið yður.“

„Ég er ekki uppgefinn,“ sagði læknirinn. „Hérna er taskan mín. Þér megið bera hana en ekki mig.“

Í dyrunum sneri hann sér við.

„Það er líka satt,“ sagði hann, „ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla. Ég var nærri búinn að gleyma því að það eru jólin.“ Hann kinkaði kolli til okkar glaðlega.

Svo hvarf hann út í hríðina og myrkrið.

Umræður/Verkefni

1. Hver er sögumaðurinn í þessari sögu og hvert er sjónarhorn hans?
2. Hvaða aðferð beitir höfundur til að varpa frekara ljósi á persónu læknisins?
3. a. Hver er innri tími sögunnar?
   b. Hver er ytri tími sögunnar. Hvað er það sem gefur ytri tímann til kynna?
4. Hvar gerist sagan?
5. Hvert er hlutverk Jóns, prófastsins, konu hans og vinnumannsins Brands í sögunni?
6. Sagan snýst annars vegar um fífldirfsku og hins vegar um hetjudáð. Útskýrið við hvað er átt með þessari fullyrðingu.
7. Hvaða boðskap eða ádeilu má finna í sögunni?
8. Hvaða einkenni smásögunnar koma vel fram í þessari sögu?
9. Hvernig skilgreinið þið hetju eða hetjudáð? Lýsið manneskju eða manngerð sem þið teljið vera hetju. Greinið frá ákveðnu atviki eða kringumstæðum þar sem hetjulund þessa einstaklings kemur fram.

Sigríður Pétursdóttir (1961)

Áströlsk vögguvísa

From: Hulda Sigurðardóttir

To: danialle.jones@gmail.com

Sent: Tuesday, March 25, 2008 13:24 AM

Subject: takk fyrir spjallið

Hæ Danialle!

Ég veit að þetta hljómar kannski soldið einhverft en ég var að pæla í því í dag hvað nafnið þitt minnir mig á strák sem heitir Daníel og er með mér í árgangi. Hann er svo pirrandi að það er ekki mennskt en nöfnin eru bæði mjög töff samt ☺ en nóg um það, ég var að hugsa, fyrst þú ákvaðst að gefa mér emailið þitt í gærkvöldi hvort þú nenntir ekki að spjalla aðeins meira? Mér fannst eitthvað svo þægilegt að tala við þig. Ég veit að það gengur oftast ekki á MSN af því að það er mikill tímamismunur svo við getum bara notað meilinn. Páskafríið er búið hjá foreldrum mínum og ég er bara heima að passa litla bróður en það þýðir líka að ég get gubbað í friði á efri hæðinni. Í morgun var Gummi niðri að horfa á Monster Inc, skrímslateiknimynd sem hann hefur örugglega horft á þúsund sinnum og sjónvarpið var svo hátt stillt að ég þurfti ekki að hafa neinar áhyggjur af því hvort hann heyrði í gubbufestinu. Morgunógleði er það viðbjóðslegasta í heimi. Í páskafríinu hef ég þurft að fara niður í kjallara eða eitthvað á morgnana, svo mamma og pabbi bösti mig ekki. Ég bara fæ mig ekki til að segja þeim þetta eins og ég sagði þér í gærkvöldi (hjá mér en í gærdag hjá þér ☺) Hvað gubbar maður annars lengi? Og hey, ég gleymdi að spyrja þig í gær hvort tölvan virki í að tæla barnabörnin í heimsókn? ☺ Vonandi kemst meillinn til skila.

Bæjó
Hulda

Re: takk fyrir spjallið

From: Danialle Jones (danialle.jones@gmail.com)

Sent: Wed 3/26/08 16:13 PM

To: hulda_1993@hotmail.com

Sæl Hulda.

Bréfið þitt komst til skila og það gladdi mig að fá frá þér línurnar. Hulda er afskaplega fallegt nafn. Sjálfsagt ber ég það ekki rétt fram en af nöfnum sem ég þekki er það líkast Hulde eða Huldah. Býsna svipað.

Ég bý á 19. hæð í skýjakljúf í Brisbane í Queensland. Hef snoturt útsýni yfir Brisbane-ána, sem liggur gegnum borgina. Hægt að sitja við gluggann tímunum saman og horfa á lífið. Stundum nota ég kíki og skoða fuglana og mannlífið til skiptis. Það er bara 10 mínútna gangur í miðbæinn. Ég er svo sem ekki sporlétt lengur en eins og ég sagði þér þegar við spjölluðum var ég að vona að staðsetningin gerði það að verkum að krakkalúsirnar kæmu frekar í heimsókn. Mér finnst gott að senda frekar bréf því ég er ekki fljót að skrifa á svona spjallrásum. Ég er ennþá að venjast þessu. Við bréfaskriftir get ég hins vegar eytt löngum tíma í að pikka. Gott að hafa eitthvað að sýsla til að drepa tímann.

Það er ljómandi fallega gert, væna mín, að gleðja gamla konu með því að spjalla aðeins við hana. Síst datt mér þetta í hug þegar ég fjárfesti í þessu undratæki. Átti sannarlega ekki von á að eignast pennavin frá Íslandi. Ég verð nú að viðurkenna að ég veit ekki mjög mikið um land þitt og þjóð. Reyndar man ég vel eftir að hafa lesið frétt um það fyrir mörgum árum þegar þið kusuð konu fyrir forseta. Það er svo langt síðan að þú hefur tæpast verið fædd. Segðu mér, er þessi kona enn við völd á Íslandi? Ég man ennþá hvernig hún lítur út, ljóshærð með geislandi bros.

Angaskinnið mitt, ég finn til með þér í morgunógleðinni. Ég gekk nú með sex börn og var illa haldin í öll skiptin. Það er ósköp erfitt að segja til um hvað ógleðin mun standa lengi, það er svo einstaklingsbundið. Sjálf jafnaði ég mig alltaf í byrjun fjórða mánaðar og við tók yndislegur tími áður en ég

varð þung á mér. Ég veit nú ekki hvort ég geri þér nokkurn greiða með því að tala mikið um meðgöngu og barneignir á þessu stigi málsins góða mín. Áður en þú tekur þína mikilvægu ákvörðun.
…

Það er gott að þú gætir litla bróður þíns og vonandi geturðu bráðum rætt við foreldra þína. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það auðveldar þér lífið að segja þeim frá því að þú sért með barni. Ekki vanmeta þau. Ef marka má allt sem þú sagðir mér um ykkar samband taka þau þessu vel og hjálpa þér við ákvörðunina. Ég get ekki ímyndað mér að þú getir leynt ástandinu mikið lengur og hvernig ætlarðu að fara að á morgnana þegar þú ferð í skólann?

Ætli ég láti þessar línur ekki duga að sinni vina mín.
Gangi þér ætíð sem best!

Danialle

From: Hulda Sigurðardóttir

To: danialle.jones@gmail.com

Sent: Thursday, March 27, 2008 20:11

Subject: Re: takk fyrir spjallið

Hæ Danialle og takk fyrir bréfið!

Mér fannst gott að lesa það og mjög gott að geta talað við einhvern sem kjaftar örugglega ekki frá. Get svo svarið að ég þori ekki að trúa stelpunum fyrir þessu. Ég veit alveg hvernig það myndi fara. Ég held að það verði ekkert stórmál að leyna morgungubbinu í skólanum. Miklu auðveldara að skreppa á klósettið í tímum og gubba þar í rólegheitum heldur en hér heima þegar einhver gæti heyrt.

Þú meinar Vigdísi sem var einu sinni forseti. Já, ég held meira að segja að ég sé skyld henni eða eitthvað. Ekkert mikið sko en samt. Annars eru allir skyldir hérna á Íslandi. Hún kom einu sinni í heimsókn í leikskólann minn og

hún var alveg mjög fín sko. Man eftir því þó ég væri bara ponsa. Það er rétt hjá þér, ég gúgglaði hana og hún varð fyrst forseti 1980, löngu áður en ég fæddist. Hún hætti að vera forseti 1996 þegar ég var 3 ára. Ég fann fyrir þig vefsíðu þar sem þú getur séð allt um hana á ensku og líka hina forsetana okkar.
http://english.forseti.is/Index/FormerPresidents/VigdisFinnbogadottir/

Heyrðu, svo var mér að detta það í hug allt í einu að Vigdís var líka einstæð móðir. Þannig að lífið þarf ekkert að enda alveg þó maður eigi barn. Maður getur meira að segja orðið forseti ☺

Ég veit alveg að ég ætti að segja mömmu og pabba frá óléttunni en ég vil það ekki alveg strax. Það er ekkert af því að ég sé hrædd um að þau fríki út eða eitthvað. Það er bara af því að ég veit að þau myndu senda mig í fóstureyðingu ASAP. Og ég vil bara fá að hugsa mig um fyrst. Ég er ekkert viss um að ég vilji eyða fóstrinu. Hef alveg mínar ástæður fyrir því. Eina sem ég veit er að ég vil ekki fæða barn og gefa það síðan. Ég skil ekki hvernig svoleiðis er hægt. Að gefa barnið sitt bara. Ertu kannski búin að sjá Juno? Það er ótrúlega góð mynd um stelpu sem er aðeins eldri en ég og verður ólétt og hún bara gefur barnið. Ég gæti það sko aldrei.

19 hæðir. Eins gott að lyftan bili ekki :P en ég öfunda þig ekkert smá af veðrinu. Var að gúggla það í gærkvöldi að það er núna haust hjá þér og bara næs 17 stiga hiti eða eitthvað. Það er vor hérna og samt sjúklega kalt. Og síðan er bara svipað veður hjá þér í vetur og hjá mér í sumar. Frekar ósanngjarnt sko ☺

Vá hvað ég er búin að skrifa mikið. Ég á að vera að skrifa ritgerð í ensku en það er bara miklu skemmtilegra að skrifa þér. Hef reyndar alla helgina til að skrifa ritgerðina en mér finnst skemmtilegra að gera annað um helgar. Annars finnst mér allt í lagi í ensku, það er helv… líffræðin sem er ógeð og líka stærðfræðin. Skil bara ekki neitt. Ég er ekkert vitlaus, stærðfræði er bara einfaldlega ekki minn tebolli!!!

Verð að hætta núna
Bless bless
Hulda

Re: takk fyrir spjallið

From: Danialle Jones (danialle.jones@gmail.com)

Sent: Mon 3/31/08 20:40 PM

To: hulda_1993@hotmail.com

Kæra Hulda.

Takk fyrir langa og góða bréfið þitt. Ég skoðaði allar myndirnar af forsetanum ykkar og las um líf hennar. Kærar þakkir fyrir vefslóðina, virkilega áhugavert og lífgaði upp á daginn hjá mér. Mikil kjarnakona þessi Vigdís, forseti og einstæð móðir. Ég las líka um hina forsetana.

Nú er helgin liðin og vonandi hafðirðu það gott. Í gær komu barnabörn mín, Tagini, Daanyal, Samreen og Aaron-Lee í heimsókn. Vinsælt að fara í tölvuna hjá ömmu gömlu og svo ákvað ég að baka til að gleðja þau og foreldrana sem komu til að sækja þau seinni partinn. Ég var nú sæmileg til heilsunnar þessa helgi, næstum alveg verkjalaus, svo ég notaði tækifærið og bakaði uppáhaldið þeirra flestra. Lamingtons heitir kakan og er áströlsk.
…

Ég verð aldrei leið á að horfa á gleðisvipinn á litlum andlitum þegar þau skófla í sig köku. Fyrst börnin mín, síðan barnabörnin og nú líka langömmubörnin.

Jæja vina mín, nú er rækalls gigtin farin að segja til sín í öxlinni. Best að láta staðar numið að sinni.

Líði þér vel Hulda litla.
Þín aldna vinkona Danialle

From: Hulda Sigurðardóttir

To: danialle.jones@gmail.com

Sent: Tuesday, April 1, 2008 17:02

Subject: Re: takk fyrir spjallið

Halló Danialle,

ekkert smá gaman fyrir krakkana að koma til ömmunnar að borða köku og hanga í tölvunni. …

Ég var reyndar líka að baka köku um helgina. Skúffuköku með Freyju vinkonu minni. Mér var ekkert óglatt þá svo ég gat alveg bakað. Freyja er alveg rosalega falleg. Hún er með sítt, ljóst hár og dökk augu. Hún þolir ekki freknurnar framan í sér en mér finnst þær flottar. Ég sýndi henni einu sinni mynd af fyrirsætu sem var öll útí freknum. Freyja er líka næstum alltaf með varaþurrk svo varirnar eru dökkrauðar og þó að við séum ekki að baka er alltaf einhvern veginn ótrúlega góð svona smákökulykt af henni. Æji, það er erfitt að útskýra það ☺ hún er búin að vera besta vinkona mín síðan í sjötta bekk og ég segi henni allt. Hún veit meira að segja að ég er með köku í ofninum. Og þá er ég ekki að tala um skúffukökuna ☺ þú og hún, engir aðrir vita um óléttuna. Ég segi foreldrunum bráðum, engar áhyggjur, ég verð bara að fá smá tíma fyrst samt.

Freyja segir að ég eigi að drífa mig í fóstureyðingu áður en fóstrið verði of stórt. Um helgina sýndi hún mér á netinu hvenær fóstur eru komin með eyru og geta heyrt og svona. Það var alveg frekar erfitt að skoða þessar myndir. Á eftir grét ég en Freyja var svo góð og hélt utan um mig alveg þar til ég sofnaði. Hún er best.

Ég vil ekki hljóma eins og einhver algjör monni en hvað er aftur gigt nákvæmlega?

Ætla að hætta núna. Þarf að læra. Erfitt samt því Gummi litli bró er alltaf að reyna að hrekkja mig af því að það er 1. apríl **:o)**

Bæjó
Hulda

Re: takk fyrir spjallið
From: Danialle Jones (danialle.jones@gmail.com)
Sent: Thu 4/03/08 12:20 PM
To: hulda_1993@hotmail.com

Sæl og blessuð Hulda mín.

Ekki von að þú vitir mikið um gigtarófétið. Ég var heilsuhraust lengi framan af en fyrir áratug eða svo fór ég að finna fyrir miklum stirðleika og verkjum í liðamótum og fékk í framhaldi af því lyf við slitgigt. Vonum seinna sjálfsagt því ég er orðin gömul kona og vísast eðlilegt að finna til einhvers krankleika. Ég tek líka lyf við of háum blóðþrýstingi en annars er ég árans ansi spræk af 88 ára gamalli konu að vera.

Ég er fædd árið 1920, næstelst níu systkina. Þurfti að bera vatn, kol og fleira sem barn svo þessir gömlu liðir hafa staðið sína plikt lengi. Þú hefur annars tæpast gaman af að lesa um heilsufar gamallar konu, skinnið mitt.

Mér heyrist Freyja vera væn stúlka og góð vinkona. Hún vill þér áreiðanlega vel þó ég geti skilið að það hafi reynst þér erfitt að skoða myndirnar. Góður vinskapur er eitt það dýrmætasta sem manni er gefið. Ég átti sömu vinkonurnar allt lífið. Nú eru fjórar komnar yfir móðuna miklu en við tórum ennþá tvær.

Besta vinkona mín hét Narisa. Hún var mín Freyja. Falleg stúlka sem varð að fallegri konu. Komin af frumbyggjum í móðurætt, dökk á hörund, en smáfríð eins og föðurættin hennar, sem var ensk. Narisa gekk með mér gegnum súrt og sætt og henni trúði ég fyrir leyndarmálunum. Þungbærast var að standa í þínum sporum heillin mín. Já, ég var ekki búin að segja þér það en eitt af mínum sex börnum fæddi ég í þennan heim 16 ára gömul. Þá var ekki um það að ræða að fara í fóstureyðingu. Ég gat heldur ekki haldið barninu því við vorum fátæk og marga munna að metta. Drengnum mínum var komið fyrir hjá barnlausum eldri hjónum sem voru honum afskaplega góð. Aldrei leið sá dagur að ég hugsaði ekki til hans. Jafnvel eftir að ég átti hin börnin mín og hafði komið þeim á legg. Lagði aftur augun og sá fyrir mér mjúkan vanga litla hnokkans. Mundi ilminn af honum nýfæddum. Lengi eftir fæðinguna fann ég fyrir sárum verk í brjóstinu og kreisti í svuntuvasanum litlar hosur sem ég prjónaði honum. Ég gat ekki grátið.

Drengurinn var skírður Tad og kom aftur inn í líf mitt sem ungur maður. Bankaði á dyrnar eins og ekkert væri sjálfsagðara. Uppgjör varð aldrei. Ekki eins og í kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum þar sem ásakanir og eftirsjá er í allra hugum. Fósturforeldrar hans voru orðnir aldraðir og höfðu frá upphafi rætt við hann um ættleiðinguna. Tad small strax inn í barnahópinn minn og er í góðu sambandi við hálfsystkini sín. Einn af unglingunum sem sækir hvað mest í tölvuskarnið mitt er barnabarnið hans. Daanyal, **sposkur** strákur á aldur við þig Hulda mín. Svona er nú orðið langt um liðið.

Eftir meira en hálfa öld finn ég enn fyrir sársauka yfir að hafa misst af því að sjá Tad minn taka fyrstu skrefin, læra að lesa og læra að raka sig. Hins vegar hefur hann auðgað líf okkar allra sem fullorðinn maður og sem betur fer voru fósturforeldrar hans honum góðir. Lífið er oft erfitt Hulda mín en mest um vert að gera það besta úr því sem maður hefur. Ég ætla ekki að ráðleggja þér eitt eða annað en stattu fast á því sem þú ákveður í sátt við sjálfa þig og engan annan.

…

Ætli þessar línur dugi ekki í bili mín kæra.
Mínar bestu kveðjur,
Danialle

---

sposkur: spottandi, hæðinn, kíminn

From: Hulda Sigurðardóttir

To: danialle.jones@gmail.com

Sent: Saturday, April 5, 2008 02:15

Subject: Re: takk fyrir spjallið

Hæ Danialle!

…
Takk fyrir að segja mér frá Tad. Veistu, ég fór aðeins að gráta. Fannst svo sorglegt að þú hafir þurft að gefa hann. Þú ert Juno, vá.

Núna finnst mér eins og ég geti talað við þig um allt. Ég hef ekki sagt neinum nema Freyju frá pabbanum. Hann veit heldur ekki um óléttuna. Ef ég fer í fóstureyðingu ætla ég aldrei að segja honum að þetta hafi gerst fyrir mig. Ég er ekkert skotin í honum. Hann er samt alveg sætur og vinsæll sko. Mjög margar stelpur hrifnar af honum. En þetta kvöld þarna var ég dálítið full. Þó að ég sé að segja þér vona ég að þú haldir ekki eitthvað um mig. Að ég sé drusla eða eitthvað ☹ foreldrar mínir myndu trompast ef þau vissu að ég væri að drekka en það gera það allir. Það eru mjög fáir í bekknum mínum sem drekka ekki. Nördar. Ég er heldur ekkert oft full eða að drekka. B er líka eini strákurinn sem ég hef gert það með.

Mér fannst það bara ömurlegt. Allavega það sem ég man. Ekkert gott eða skemmtilegt. Stærsta leyndarmálið mitt er að ég held ég vilji aldrei vera með strák aftur. Aldrei. Mér finnst strákar ekki einu sinni sætir. Ég horfi alltaf á stelpur. Það er líka þess vegna sem mig langar ekki í fóstureyðingu. Ég elska börn. Ég hef passað Nonna bróður næstum á hverjum degi síðan hann fæddist.

Ef ég sé lesbía á ég þá allavega eitt barn ef ég fer ekki í fóstureyðingu. Ég segi ennþá EF því ég veit það kannski ekkert alveg ennþá … en samt.

Vá Danialle, nú er ég búin að segja þér allt. Meira en ég þori að segja upphátt sjálf. Hef bara hugsað þetta þangað til núna. Ég þori varla að ýta á SEND en ætla samt að gera það.

Knús Hulda

Re: takk fyrir spjallið

From: Danialle Jones (danialle.jones@gmail.com)

Sent: Sun 4/06/08 20:45 PM

To: hulda_1993@hotmail.com

Elsku Hulda litla!

Þakka þér fyrir trúnaðartraustið. Þú þarft allavega ekki að vera hrædd um að ég dæmi þig. Slíkt er fjarri mér. Fáir vita betur en ég að kringumstæður geta haft áhrif á gerðir fólks og enginn er fullkominn.

Ástin er afstæð og það eina sem ég get gaukað að þér er að láta hjartað ráða. Nú á dögum er það léttara en áður fyrr. Hvort sem þú hneigist til karla eða kvenna. Að velta því fyrir sér á þínum aldri, og vera kannski ekki alveg viss, er algengara en þú heldur stúlkan mín. Þannig var það nú líka í mínu ungdæmi þó aldrei væri um það rætt. Þú skalt hugsa þig vel um áður en þú afskrifar fóstureyðingu ef þetta er eina ástæðan fyrir því að þú ert fráhverf henni. Það eru svo margar leiðir færar nú til dags. Einn dóttursona minna er samkynhneigður og hann og maðurinn hans eiga ljómandi fallega tvíbura sem þeir ættleiddu. Ef ég á að vera alveg hreinskilin held ég að sú litla fjölskylda sé einna hamingjusömust af öllum mínum afkomendum. Ég var einmitt að hugsa um það þegar við komum öll hingað heim úr kirkju í dag, til að drekka kaffisopa saman. Rétt áður en ég las bréfkornið frá þér.

…

Ég treysti mér ekki til að skrifa meira núna Hulda mín. Einhver **lurða** í kellingunni. En ég vildi samt skrifa þér nokkrar línur strax eftir að þú skrifaðir mér þínar leyndustu hugsanir.

Líði þér vel heilladísin.
Þín aldna vinkona Danialle

---

lurða: lasleiki, slen

From: Hulda Sigurðardóttir

To: danialle.jones@gmail.com

Sent: Tuesday, April 8, 2008 16:45

Subject: Re: takk fyrir spjallið

Halló kæra Danialle!

Takk fyrir að svara mér strax! Ég var nefnilega soldið hrædd um að þér fyndist ég ömurleg eftir síðasta bréf. Var alveg með smá móral sko. Yfir að hafa sagt þér allt. En nú er ég glöð af því að það er gott að geta talað um þetta við einhvern. Var mikið að hugsa um þessi mál eftir að ég skrifaði þér. Horfði á mynd með Johnny Depp og hann er alveg sætur sko. Þó að hann sé strákur. Eða maður.

Ég get ekki enn alveg ákveðið hvað ég ætla að gera. Veit samt að ég verð að fara að gera það. Á hverju kvöldi hugsa ég um að segja mömmu og pabba á morgun en síðan þegar ég er að reyna að fá mig til að gera það finnst mér það aldrei vera rétta stundin. Það væri kannski too much að segja þeim að ég sé ekki viss um hvort ég sé hrifinn af strákum á sama tíma. Gamla settið myndi fríka út held ég. Þau eru ekkert róleg eins og þú ☺

Í síðasta bréfi sagðirðu að þið hefðuð farið í kirkju. Við förum aldrei í kirkju. Ekki nema náttúrulega þegar einhver giftir sig eða eitthvað svoleiðis. Ég man samt eftir sunnudagaskólanum. Hann var alveg skemmtilegur. Síðast þegar ég fór í kirkju var þegar ég fermdist. Er þetta hjá þér svona eins og maður sér í sjónvarpinu, öll fjölskyldan í sparifötunum að fara í kirkju og svo taka allir í spaðann á prestinum á eftir?

Ég var aðeins að spá í hvað það væri helst sem fjölskyldan gerir saman hér á Íslandi. Og ég veit það sko vel. Ef einhver stór byggingavöruverslun eða eitthvað er að opna, svona verslunarkjarni, þá er kannski kaka og gos handa krökkunum eða eitthvað og allir fara saman að skoða nýju búðina. Það er örugglega svona mest eins og þegar þið farið öll saman í kirkju. Liðið kannski ekki alveg í sparifötunum að fara að skoða skrúfur og borvélar en samt. Fara allir saman í jeppanum og borða köku og gos í búðinni. Hitta

kannski aðrar fjölskyldur sem þeir þekkja sem eru líka að skoða og borða köku og gos. Krökkunum finnst að sjálfsögðu ekkert gaman að skoða byggingadót svo um leið og nammið eða kakan er búin verða þeir alveg brjál og hlaupa milli rekkanna með foreldrana öskrandi á eftir þeim.

Mér dettur án alls gríns samt ekkert annað í hug í augnablikinu. Nema kannski jú sumarbústaðaferðir. Íslendingar fara rosalega mikið í sumarbústaði. Líka á veturna.

Ég ætla allavega ekki að fara með barnið mitt í Ikea um helgar. Það er að segja ef ég ákveð að eiga það. Ég stelst stundum til að hugsa um hvort það sé strákur eða stelpa. Ég veit alveg vel að ég á ekkert að vera að því af því að það er verra ef ég fer í fóstureyðingu. Samt get ég ekki stillt mig um að hugsa meira að segja um það þegar barnið verður stórt. Ekkert mjög stórt en kannski 8 ára eða eitthvað. Hvort það hafi gaman af fótbolta eða dansi. Ég sagði Freyju þetta í gær en hún sagði að ég ætti að hugsa um barnið sem frumur. Mér finnst það erfitt.

Heyrðu! Ég hætti að skrifa áðan og fór fram í eldhús að ná mér í mjólkurglas og veistu hvað?! Það eru komnar flugur strax. Koma venjulega ekki svona snemma á Íslandi. Það kom ein risastór hlussa inn um gluggann í eldhúsinu, við mamma öskruðum og hlupum inn í stofu, en pabbi drap hana með Geisla. Svona hreinsiefni sem fæst hér á Íslandi. Svo fékk ég samviskubit.

Ég er að hugsa. Þú þarft sko alls ekki að segja mér það sko, en sá sem þú áttir Tad með þegar þú varst 16, hver var það? Vissi hann um barnið?

Þín vinkona Hulda

Re: takk fyrir spjallið

From: Danialle Jones (danialle.jones@gmail.com)

Sent: Fri 4/11/08 20:16 PM

To: hulda_1993@hotmail.com

Kæra litla vinkona.

Nei, faðir Tads vissi aldrei um tilvist hans. Ég hafði ekki tök á að komast nákvæmlega að því hver hann var. Í upphafi vildi ég það ekki og þegar Tad var orðinn fullorðinn maður og hafði hug á að vita um faðernið var það orðið of seint. Ég hef aldrei rætt það við aðra afkomendur en Tad hvernig ég varð ófrísk. Sagan er fjarri því að vera rómantísk eða ævintýraleg er ég hrædd um heillin mín.

Á funheitum sumardegi var ég fengin til **að ganga um beina** á næsta bæ. Þar bjó efnað fólk og hafði ráðið flokk manna til að byggja nýja hlöðu. Ég tók eftir að einn eldri vinnumannanna gaf mér auga þegar ég bar þeim drykki og meðlæti en velti því ekki frekar fyrir mér. Eftir kvöldkaffið bað hann mig að aðstoða sig aðeins, að hnappur hefði dottið úr skyrtunni hans, og hvort ég gæti saumað hann á. Ekki var það nú í mínum verkahring en ég var vön að gera það sem ég var beðin um og fylgdi honum í sakleysi mínu til vinnubúðanna sem hafði verið slegið upp fyrir flokkinn. Hann bjó í stóru, botnlausu strigatjaldi. Inni var lykt af skraufþurru grasi. Eins og þú getur nærri var enginn laus hnappur til að festa. Ég var lítil og létt eins og fis. Kraftmikill vinnumaður þurfti ekki að hafa mikið fyrir því að koma fram vilja sínum.

---

að ganga um beina: að þjóna til borðs

Ekki man ég hvernig ég komst heim. Ég grét í koddann og hélt engu niðri. Þar sem ég gubbaði stöðugt hélt mamma að ég væri veik svo ég slapp við að fara og þjóna vinnuflokknum næstu daga. Skömmin var ólýsanleg.

Hlaðan reis hratt og vinnuflokkurinn fór eftir stutta dvöl. Ég hafði ekki hugmynd um nafn mannsins og vildi ekki vita það. Ekki heldur fjórum mánuðum síðar þegar ég komst að því að ég bæri barn undir belti. Þú veist svo hvernig fór ljósið mitt, foreldrar mínir sáu um að finna góð hjón sem tóku snáðann að sér. Eftir þetta var ég lengi afhuga karlmönnum. Eiginmanni mínum kynntist ég mörgum árum síðar. Hann var mér og börnunum afskaplega góður. Vænn og tryggur maður. Það voru kærleikar milli okkar þó sambandið hafi kannski ekki verið ástríðufullt.

Slæmska í öxlinni gerir það að verkum að ég á erfitt með að skrifa mikið í einu. Verð að fara að hætta. Ég gat nú ekki annað en brosað þegar ég las um fjölskylduskemmtanir Íslendinga. Þó gamalli konu eins og mér þyki þetta heldur dapurlegt í aðra röndina.

Það er ósköp eðlilegt að hugsa um barn en ekki frumur þó ég efist ekki um að það sé sárara. Já Hulda litla, nú þarftu að taka stærstu ákvörðun lífs þíns áður en langt um líður.

Gangi þér vel vina mín!
Þín Danialle

From: Hulda Sigurðardóttir

To: danialle.jones@gmail.com

Sent: Saturday, April 12, 2008 15:48

Subject: Re: takk fyrir spjallið

Elsku Danialle!

Veistu, ég fór í alvörunni að gráta þegar ég las um hvað kallinn gerði við þig. Þetta er sko bara nauðgun og hann hefur þar að auki verið barnaperri. Ógeð. Sorry, ég er bara svo reið. Ef þetta væri núna væri hægt að kæra og kæmi mynd af honum í blöðunum og allt. Það væri hann sem ætti að skammast sín.

Fyrirgefðu, það er kannski ekkert gaman fyrir þig að lesa svona um pabba stráksins þíns. En ég er bara svo reið! Ég ætla frekar að skrifa þér meira á morgun.

Bless elsku Danialle!
Þín Hulda

From: Hulda Sigurðardóttir

To: danialle.jones@gmail.com

Sent: Monday, April 14, 2008 17:10

Subject: Re: takk fyrir spjallið

Sæl Danialle mín!

Var að koma úr bænum. Fór strax eftir skóla með vinkonu minni að kíkja í búðir. Keypti mér geggjaaaaðaaan vintage kjól í búð sem er bara með sjúklega töff notuð föt. Við vinkonurnar erum mest í því. Ekkert dýrt eða neitt. Kjóllinn er alveg rosalega blár og það er munstur á tölunum. Pínkulítil gul og hvít blóm. Ekkert smá flott sko. Mittið er rétt undir brjóstunum og svo er

vítt þar fyrir neðan svo ég get meira að segja notað hann ef ég ákveð að fara ekki í fóstureyðingu ☺

Svo fyndið að þegar ég var að borga datt mér allt í einu í hug að kannski hefðir þú átt svona kjól í gamla daga. Eða allavega einhvern líkan þessum. Ég fór að hugsa um hvernig þú hefðir litið út þegar þú varst á mínum aldri í svona gamaldags kjól, sem þá var auðvitað ekkert gamaldags ☺ og ég fattaði að ég veit ekki einu sinni hvort þú sért ljóshærð eða dökkhærð. Samt fannst mér eins og ég ætti að vera farin að vita það, fattaru?

Jæja, ég ætla að máta nýja kjólinn minn og svo neyðist ég víst til að læra aðeins **:P**

Vonandi ertu betri í gigtinni Danialle mín!
Hulda

Re: takk fyrir spjallið

From: Danialle Jones (danialle.jones@gmail.com)

Sent: Tue 4/15/08 09:10 AM

To: hulda_1993@hotmail.com

Kæra Hulda mín.

Ég er innilega sammála því að mér finnst ákaflega gaman að skrafa við þig og hlakka mikið til að opna frá þér bréfin. Heiðblái kjóllinn þinn er eflaust ljómandi fallegur, sjálf hef ég alltaf haldið mikið upp á bláa litinn og alla hans fallegu tóna. Svona tölum man ég vel eftir, tölur með smágerðu mynstri voru vinsælar á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar. Ég man til þess að hafa átt blússu með svipuðum tölum. Blússan var hvít en tölurnar með upphleyptum myndum af jarðarberjum. Eitt sinn hafði ég mikið hár, hrafntinnusvart. Nú eru **hærurnar** mínar hvítar. Svona er lífið. Ég hef ímyndað mér að þú sért ljóshærð Hulda litla, en það er ef til vill vegna þess að ég ímynda mér Íslendinga ljósa yfirlitum.

---

hærur: hár

Ekki hafa áhyggjur af hreinskilninni varðandi föðurómynd drengsins míns. Ætli hafi ekki oft sótt á mig viðlíka hugsanir á árum áður. Sem betur fer gerði ég mér fyrir löngu grein fyrir að þær gerðu mér ekki gott. Núorðið er auðvelt að beina hugsununum að því hvað Tad er vel gerður og hlýr maður. Ég er afar stolt af honum. Erfiðast er að hafa misst af því að sjá hann taka fyrstu skrefin og hafa aldrei fengið að syngja hann í svefn, litla kútinn.

…

Gigtaróhræsið er enn að plaga mig er ég hrædd um. Ég er ómöguleg í skrokknum og einhver slappleiki yfir mér. Má vera að einhver pest sé í gömlu konunni.

Því læt ég þessar línur nægja núna Hulda mín.
Guð veri með þér!
Þín Danialle

Umræður/Verkefni

1. Af hverju haldið þið að Hulda kjósi að ræða aðstæður sínar við Danialle, konu sem hún þekkir ekkert?
2. Tad, syni Danialle, hefur vegnað vel í lífinu. Hvað haldið þið að hafi m.a. stuðlað að því?
3. Hvaða viðhorf koma fram í bréfinu til áfengisneyslu unglinga? Hvað finnst ykkur um þetta?
4. Hvað gera íslenskar fjölskyldur saman um helgar samkvæmt því sem Hulda segir? Er þetta rétt? Segið frá ykkar reynslu.
5. Hvernig unglingur er Hulda? Er hún dæmigerður unglingur? Rökstyðjið svarið með því að vísa í textann.
6. Hvað haldið þið að Hulda hafi gert? Fór hún í fóstureyðingu eða átti hún barnið?
7. Hvað finnst ykkur að hún hefði átt að gera? Rökstyðjið svarið.
8. Hvaða áhrif (málfar, stíl, uppbyggingu) hefur það á söguna að konurnar svara tölvupósti hvor frá annarri? Hefði sagan breyst ef hún hefði verið skrifuð á hefðbundnari máta? Rökstyðjið svarið.
9. Ræðið kosti og galla spjallrása og skrifið vangaveltur ykkar um þetta efni.
10. Semjið nú framhald sögunnar. Setjið ykkur í spor Huldu og skrifið Danialle og síðan svar hennar. Gætið að ólíku málfari vinkvenanna.

Þórarinn Eldjárn (1949)

Stanleyhamarsheimt

Þegar Jón Þór Óðinsson vaknaði á þessum gráa fimmtudagsmorgni var hann dálitla stund að átta sig en þó liðu ekki nema nokkrar sekúndur þar til spælingin helltist yfir hann á ný. Hann skreiddist fram úr, hristi hausinn og opnaði skólatöskuna, hvolfdi úr henni og fór enn einu sinni í gegnum öll hólfin eins og allt hefði ef til vill verið tómur misskilningur. En það var því miður ekki svo: Hamarinn var gjörsamlega horfinn. En hvernig? Varla hafði hann hoppað upp úr töskunni og hvergi var á henni nógu stórt gat. Það hlaut einhver að hafa tekið hann. Og Jón Þór hafði vissan aðila grunaðan.

En hvað hafði hann eiginlega verið að þvælast með hamarinn í skólann? Jón Þór gat ekki annað en bölvað sjálfum sér fyrir þá vitleysu. Hann hafði verið að fíflast með hann og sýna hann af eintómu monti en svo hafði engum þótt þetta neitt merkilegt nema Þórði smíðakennara, karlskrjóðurinn átti ekki orð af aðdáun.

Hamarinn var erfðagripur en gallinn var bara sá að Jón Þór var ekki búinn að erfa hann. Það stóð að vísu til eins og afi hans var margbúinn að lýsa yfir. En gamli maðurinn var enn í fullu fjöri, stundum einum of miklu meira að segja. Afi hafði fengið þennan merkilega grip að gjöf þegar hann fór með sendinefnd frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur að skoða Stanley-hamraverksmiðjurnar í Bandaríkjunum sumarið 1963. Í sjálfar höfuðstöðvarnar í New Britain í Connecticut. Ótal sögur kunni afi úr þeirri miklu ævintýraferð. Hann var óspar á að segja þær, sat þá yfirleitt í leðurstólnum, hafði tekið hamarinn ofan af vegg og handlék hann ástúðlega meðan hann lét móðan mása. Hausinn á hamrinum var gylltur og útflúraður, skaftið úr fílabeini og nafnið grafið í það með skrautletri ásamt dagsetningunni: Jon Thor Odinsson, July 24th 1963. Nafnið þeirra beggja, afans og alnafnans. Síðan amma dó fyrir löngu þótti afa ekki jafnvænt um neitt og þennan hamar. Jón Þór hafði freistast til að taka hann meðan afi var í Hveragerði. Hann átti að sjá um að vökva blómin fyrir gamla manninn, gefa kettinum og henda ruslpósti. Hann hafði ætlað að skila hamrinum í dag en afi var væntanlegur á morgun.

Jón Þór var eiginlega alveg viss um að sökudólgurinn væri Þrymur Örn Mjófjörð bekkjarbróðir hans. Þrymur var afskaplega erfiður náungi, stór og feitur og dálítið

klikkaður og Jón Þór hafði oft átt í útistöðum við hann. Reyndar vissi hann upp á sig sökina um að hafa strítt honum og meðal annars átt upptökin að því að kalla hann Þrym þrumara. Einhvern veginn varð hann að komast að því hvort Þrymur var sá seki. En hvernig? Ekki gat hann með nokkru móti farið og spurt hann og enn verra væri að ásaka hann beint og hafa hann hugsanlega fyrir rangri sök. Það gæti orðið meira en lítið vandræðalegt fyrir Jón Þór því það var ekki hægt að neita því að sjálfur hafði hann auðvitað stolið hamrinum frá afa sínum.

*

Á leiðinni í skólann gat hann rætt málið við Jónínu Freyju, tvíburasystur sína. Fyrst hafði hún reyndar ekkert uppbyggilegt fram að færa:

Þú getur bara sjálfum þér um kennt. Fáránlegt að halda að það sé eitthvað svalt að mæta í skólann með einhvern asnalegan hamar frá afa sínum. Og týna honum svo bara. Eins og veslings afa þykir nú vænt um þennan hamar. Hvað varstu eiginlega að hugsa?

Nú, hann er að minnsta kosti nógu svalur til að einhverjum datt í hug að stela honum frá mér. Þetta er Þrymur. Það er alveg á hreinu. Ég bara veit ekki hvernig ég get sannað það. Þú veist hvernig hann er.

Þá hafði Jónína Freyja loks sagt eitthvað af viti:

Af hverju biðurðu ekki Loga að komast að því? Hann er sá eini af vinum þínum sem kann tökin á Þrymi og þessum þursaflokki hans.

Þetta var alveg rétt. Logi var einmitt svona náungi sem gat komið sér vel alstaðar ef hann vildi það við hafa. Samt var hann alls ekki vinsæll.

*

Þegar Jón Þór kom inn í skólastofuna sá hann strax á svipnum á Þrymi að hann var sá seki. Hvernig hann sat þarna útbelgdur af monti og vinir hans glottandi í kringum leiðtogann. Rétt um leið og kennarinn kom inn í stofuna leit Þrymur á Jón Þór og lék um leið háðslega með höndunum að hann héldi á nagla milli þumals og vísifingurs vinstri handar og væri að negla hann með hamri í þeirri hægri. Skýrara gat það ekki verið.

Jón Þór talaði því við Loga í næstu frímínútum. Hann tók málið strax að sér og var ekki lengi að finna út úr því. Eftir nokkur SMS fram og til baka lá óbein játning fyrir og jafnframt tilkynnti Þrymur að hann mundi seinna um daginn birta skilyrðin sem hann setti fyrir því að afhenda hamarinn. Jón Þór vonaði bara að það yrði ekki eitthvað hræðilega niðurlægjandi. Maður gat aldrei verið viss þegar Þrymur var annars vegar.

Hann var kominn heim þegar Logi hringdi í hann og sagði honum hvers þursinn krefðist. Jón Þór varð ansi vondaufur þegar hann heyrði hver skilyrðin væru. Slík klikkun var alveg eftir Þrymi. Í stuttu máli krafðist Þrymur þess sem sagt að Jónína Freyja yrði kærastan hans. Hún átti að hefja ferilinn með því að fara með Þrymi á bíó strax sama kvöld. Um leið ætlaði hann að afhenda hamarinn, eða „hlutinn" eins og hann komst að orði í skeytinu.

Þegar Jón Þór var búinn að safna nægum kjarki fór hann fram á þetta við Freyju systur sína. Fyrst var hún alveg viss um að hann væri að grínast en svo þegar hann hélt áfram og hún áttaði sig á því að hann var í alvöru að biðja hana um þetta varð hún gjörsamlega snælduóð:

Heldurðu virkilega að ég sé einhver helvítis mella? Það mundi aldrei einu sinni hvarfla að mér að láta sjá mig með þessu ógeði.

Jón Þór reyndi samt að dekstra hana en þá sleppti hún sér endanlega og réðst á hann. Hann hélt hún ætlaði að kyrkja sig og slapp við illan leik. Það dugðu engin rök á hana, hann sagði að hún þyrfti auðvitað ekkert að vera með Þrymi, heldur bara mæta í bíóið, ná hamrinum og segja honum svo upp strax.

*

Heimir vinur hans átti hugmyndina:

Heyrðu, sagði hann, þið eruð tvíburar og eiginlega alveg eins í útliti þó þú sért aðeins stærri. Fáðu lánuð föt af henni, og einhverja skartgripi, til dæmis stóru perlufestina sem hún var með í dag. Svo ferðu bara á stefnumótið og nærð strax af honum hamrinum.

Jón Þór hélt fyrst að Heimir væri orðinn eitthvað bilaður:

Heldurðu að ég sé einhver helvítis hommi? Heldurðu að ég ætli að fara að klæða mig í kerlingaföt?

Loga fannst hugmyndin hins vegar frábær:

Ég sé að minnsta kosti ekki neina betri leið til að ná hamrinum fyrir morgundaginn.

Hann fattar þetta eins og skot, sagði Jón Þór.

Nei, blessaður vertu, hann er svo vitlaus. Og heyrðu, ég skal koma með þér.

Þá fattar hann það nú á stundinni. Ef þú kemur með Freyju systur, þá veit hann sko alveg að þetta er ég.

Nei, ég verð líka dulbúinn. Ég gæti verið einhver vinkona Freyju sem hún tekur með sér til öryggis. Það er oft svoleiðis.

Hvaða vinkona, hann þekkir þær allar …

Ég verð frænka utan af landi. Frá Fáskrúðsfirði til dæmis. Drífðu í þessu maður ef þú

vilt fá hamarinn. Ég læt Þrym vita að Freyja ætli að koma.

Áður en Jón Þór vissi var Logi búinn að grípa gemsann og hringja í Þrym.

Ókei, sagði hann, þetta gengur svona. Hún kemur í bíóið klukkan átta og þú verður með hamarinn, annars fer hún strax. Hún kemur bara inn í salinn og sest hjá þér. Passaðu sæti. Heyrðu, og líka fyrir frænku hennar frá Fáskrúðsfirði. Gömul kelling? Ertu bilaður, maður. Þetta er alveg geðveik gella, miklu sætari en Freyja. Ókei, segjum það.

Hver er sætari en ég?

Freyja var komin inn til þeirra og Logi sagði eins og skot:

Ég.

Síðan kvaddi hann og sagðist koma aftur strax eftir kvöldmat.

Freyja ætlaði beinlínis að rifna af hlátri þegar hún heyrði hvað til stóð. En svo byrjaði hún að hjálpa til af miklum áhuga. Hún kom með fullt af fötum af sér en mörg þeirra reyndust of lítil. Þeim tókst samt að finna hitt og þetta en enduðu svo með því að fá lánaðan kjól af mömmu sinni. Þau sögðu henni að það ætti að vera grímuball í skólanum. Einhvers staðar fundu þau líka hárkollu. Freyja hjálpaði bróður sínum að mála sig og endaði með því að bjóða honum perlufestina sína. Hún skemmti sér konunglega og var óspör á góð ráð en Jóni Þór var farið að finnast þetta minna og minna fyndið.

Dyrabjallan hringdi. Jón Þór tók af sér hárkolluna, skellti sér í náttslopp yfir kjólinn og fór til dyra. Þar var einhver rosasæt stelpa sem hann hafði aldrei séð áður. Er Freyja við? spurði hún. Jón Þór kallaði á systur sína. Hún kom strax og fór að hlæja. Ókunna stelpan skellihló líka og það var fyrst þá sem Jón Þór áttaði sig á því að þetta var Logi.

*

Jón Þór var orðinn verulega óstyrkur þegar þeir gengu inn í bíóið. Sem betur fer var frekar skuggsýnt og hann reyndi að láta lítið fyrir sér fara. En Logi virtist njóta sín vel. Hann fór í miðasöluna og sá um allt. Á leiðinni hafði hann lagt Jóni Þór lífsreglurnar um það hvernig hann ætti að vera:

Reyndu að labba dálítið eðlilega og ekki vera alveg eins og tröllskessa. Beygðu þig aðeins í hnjánum þegar við göngum í salinn. Já, vertu bara eðlilegur og brosandi eins og systir þín. Af hverju ættir þú ekki að geta það alveg eins og hún?

Þegar þeir stigu inn í rökkvaðan salinn langaði hann helst til að hlaupa burt og gefa skít í þetta allt saman. Hann ætlaði bara að játa allt fyrir afa sem síðan mundi sjá til þess að láta lögregluna hirða hamarinn af þessum helvítis glæpamanni. Hann sá út undan sér hvar Þrymur sat og var alltaf að líta um öxl. Sitt hvorum megin við hann voru tvö auð sæti sem hann hafði lagt hrammana yfir. Þá ákvað Jón Þór að hingað og ekki lengra gæti hann gengið. Hann snarstansaði og ætlaði að æða burt en hann komst ekkert fyrir Loga sem ýtti honum áfram af heljarafli og hvæsti í eyrað á honum:

Þú verður að vinka til hans. Ég er frá Fáskrúðsfirði og þekki hann ekki neitt.

Nú var Þrymur búinn að koma auga á þá og benti þeim að koma. Héðan af varð ekki aftur snúið.

*

Eftir þetta varð atburðarásin hröð. Jón Þór vissi eiginlega varla af sér fyrr en hann var kominn heim til afa síns, búinn að hengja hamarinn á sinn stað á veggnum, farinn úr stelpufötunum og kominn í gömul jakkaföt af afa sem hann fann inni í skáp. Hann settist í leðurstólinn og reyndi að slaka á meðan hann fór yfir atburðarásina í huganum.

Þeir Logi, eða Þuríður eins og hann hafði kynnt sig, höfðu fikrað sig inn eftir sætaröðinni í átt til Þryms. Um leið og þeir voru sestir lyfti Þrymur plastpoka upp af gólfinu og þar sást glitta í hamarinn. Þá hafði Jón Þór alveg misst stjórn á sér. Hann gaf skít í allt planið sem Logi var búinn að fara svo vandlega yfir. Hann hrifsaði pokann af Þrymi og stóð um leið upp. Þvínæst ruddist hann burt eftir sætaröðinni og hugsaði um það eitt að komast burt.

Hann sá að Þrymur stóð strax upp og gargaði: Hey … Síðan vissi Jón Þór ekki meira fyrr en hann var kominn móður og másandi út úr bíóinu. Hann hafði sloppið óséður og fór strax og faldi sig bak við bíl til að sjá hvert Þrymur færi. En honum til mikillar furðu kom enginn. Hann beið dágóða stund en hneppti síðan vel að sér og strunsaði heim til afa.

*

Hann heyrði ekki frá Loga fyrr en daginn eftir.

Þú ert nú meiri auminginn, sagði hann. Ég varð að taka að mér að stoppa þursinn.

Hvernig fórstu eiginlega að því? Ég hugsa að þú sért helmingi minni en Þrymur.

Logi þagði um stund en sagði svo: Ég hvíslaði dálitlu að honum, sat svo bara þarna við hliðina á honum og hélt í höndina á honum. Annars er þetta nú bara besti strákur, svo blíður og góður.

Það var hreint ekki auðvelt að sjá hvort Logi væri að grínast eða ekki. Hann var mjög góður leikari. En svo gat hann líka verið algjörlega óútreiknanlegur.

*

Jón Þór hafði kviðið því að hitta Þrym í skólanum eftir helgina. En þegar til kom lét Þrymur eins og ekkert væri. Það eina sem hann gerði var að hann sendi Jónínu Freyju hatursfullt augnaráð og gerði fokkmerki.

Satt að segja var eins og Þrymur væri dálítið breyttur. Hann var einhvern veginn rólegri en áður og ekki með alveg jafnmikla stæla. Það var haft eftir vinum hans að hann væri ástfanginn af einhverri stelpu á Fáskrúðsfirði og eyddi núorðið öllum kvöldum í að tala við hana á MSN.

Stanleyhamarsheimt byggir á Þrymskviðu sem finna má í Snorra-Eddu. Kviðan er 32 erindi og hefst þegar þrumuguðinn Þór vaknar og sér að hamri hans hefur verið stolið. Hann leitar hjálpar hjá Loka Laufeyjarsyni sem kemst að því að jötunninn Þrymur hefur stolið hamrinum en í stað hans vill hann fá gyðjuna Freyju fyrir konu en hún neitar. Loki ráðleggur þá Þór að klæðast brúðarlíni og látast vera Freyja. Þeir fara síðan saman til Jötunheima og tekst að endurheimta hamarinn.

Umræður/Verkefni

1. Hver er flétta (söguþráður) sögunnar?
2. Hvaða áhrif hafði bíóferðin á Þrym og Loga?
3. Margar sögur Þórarins eru fyndnar og kaldhæðnar. Finnið nokkur dæmi í sögunni um þetta og útskýrið með ykkar orðum í hverju kaldhæðnin og fyndnin felst.
4. Semjið leikgerð sögunnar og flytjið.
5. Semjið stutta frásögn af atburði sem þið hafið upplifað með vinum ykkar. Reynið að hafa frásögnina í gamansömum tón.

Skáldsögur

Þið eigið eflaust ekki í neinum vanda með að segja hvað einkennir skáldsögur þegar þið hafið lesið um hvað einkennir smásöguna hér að framan. Almennt má segja að skáldsagan sé lengri en smásagan, sögupersónur fleiri, sögutíminn lengri, sögusviðið fjölbreyttara og söguþráðurinn flóknari. Hafið þó í huga að það er ekki hægt að koma með eina skilgreiningu á því hvað skáldsaga er þar sem þær eru mjög fjölbreyttar að formi og efni. Frá nítjándu öld hefur skáldsagan verið aðalgrein heimsbókmenntanna.

Bókmenntagrein verður ekki til á einni nóttu heldur þróast hún á löngum tíma. Þannig var það einnig með skáldsöguna, en hún á m.a. rætur sínar í söguljóðum um riddara. Þessi söguljóð komu fyrst fram á frönsku málsvæði á tólftu öld og urðu mjög vinsæl. Söguljóðin voru kölluð roman en þetta orð er einmitt notað yfir skáldsögur í mörgum evrópskum tungumálum og er talið benda til þess að þar sé upphaf skáldsöguritunar í Evrópu að finna. Með tímanum breyttust þessi ljóð í óbundið mál, riddarasögur, sem fjölluðu um fleiri þjóðfélagshópa en riddara. Þessi nýja bókmenntagrein náði svo til sífellt fleiri landa í Vestur Evrópu, þar á meðal Íslands.

Fjórar aldir liðu þó frá því fyrstu riddaraljóðin voru samin þar til fyrsta skáldsagan sem menn eru sammála um að kalla megi því nafni kom út. Þessi saga heitir Don Kíkóti. Höfundur hennar er Miguel de Cervantes en hún kom út á Spáni um aldamótin 1600. Sagan segir frá manni sem hefur lesið yfir sig af riddarasögum og trúir því að sömu ævintýri og hann las um bíði sín úti í heimi. Auðvitað varð raunin önnur enda er sagan skopstæling á riddarasögum fyrri tíma. Árið 2002 valdi alþjóðleg nefnd rithöfunda þessa bók bestu skáldsögu allra tíma. Don Kíkóti er til í íslenskri þýðingu Guðbergs Bergssonar.

Sagan Piltur og stúlka eftir Jón Thoroddsen er talin fyrsta íslenska skáldsagan. Hún kom út árið 1850. Þar segir frá lífi og samskiptum Sigríðar og Indriða, ungmenna sem uppi voru um miðbik nítjándu aldarinnar.

Flest textabrotin sem hér fara á eftir eru frá tímabilinu 1980 og fram til dagsins í dag. Tvö brotanna mætti flokka sem þroskasögur en slíkar sögur hafa notið vinsælda undanfarið. Hin eru úr glæpasögum en þær eru tiltölulega nýjar af nálinni hér á landi og orðnar afar vinsælar.

Epík

Orðið epos er komið úr grísku og merkir „það sem sagt er". Epík er frásögn sögumanns af atburðum, sönnum eða skálduðum, frásögn sem hefur upphaf, miðju og endi og er oftast í þátíð, andstætt dramatík sem er í nútíð.

Úr don Kíkóta

VIII. KAFLI um góða atburðinn sem henti hugrakka riddarann don Kíkóta í hræðilega og ólýsanlega ævintýrinu hjá vindmyllunum og annað minnisvert.

RÉTT í ÞESSU komu þeir auga á þrjátíu eða fjörutíu vindmyllur þarna á slétt-unni. Um leið og don Kíkóti sá þær sagði hann við ***skjaldsveininn****:*

– Gæfan hagar málum okkar betur en hægt væri að hugsa sér, félagi Sansjó, því sjáðu hvar gnæfa ***ófreskir*** *risar, þrjátíu eða þar um bil, sem ég ætla að berjast við og svipta alla lífinu. Hagur okkar fer hækkandi með herfangi þeirra enda er þetta réttlátt stríð og guði þóknanlegt að uppræta slíkt illgresi af ásjónu jarðar.*

– Hvaða risa? spurði Sansjó Pansa.

– Þá sem þú sérð þarna með löngu handleggina, svaraði húsbóndinn. Sumir eru með næstum tveggja mílna faðm.

– Hafið nú gát á yðar náð, bað Sansjó. Þetta eru ekki risar heldur vindmyllur og það sem sýnist vera armar eru spaðar sem ganga fyrir vindi og snúa ***kvarnar-steininum****.*

– Það er auðheyrt að þú ert illa lesinn í ævintýrum, svaraði don Kíkóti. Þetta eru risar og feldu þig úti í móa og leggstu á bæn, ef þú ert smeykur, því ég ætla að eiga við þá harða en ójafna orrustu.

skjaldsveinn: sá sem ber skjöld riddara eða e-s annars
ófreskur: sá sem sér það sem venjulegum augum er hulið, skyggn
kvarnarsteinn: steinn í kvörn sem malar korn, myllusteinn

Að svo mæltu keyrði hann Rósinant sporum og hirti ekki um köll Sansjós, skjaldsveinsins, sem aðvaraði hann og sagði ekkert efamál að það væru myllur en ekki risar sem hann réðst gegn. En hann var svo viss í sinni sök að hann heyrði hvorki köll skjaldsveinsins né sá hvað þetta var, þótt hann væri kominn í návígi, heldur kallaði háum rómi:

*– **Hopið** hvergi, **gungur** og illvættir, það er riddari einn síns liðs sem ræðst gegn yður.*

Nú hreyfði örlítið vind og stóru spaðarnir fóru af stað. Don Kíkóti sá það og sagði:

*– Einu gildir þótt þér **skakið** fleiri **skanka** en risinn Bríareo, þér skuluð undan láta.*

*Don Kíkóti hafði allt eitt atriði: Hann helgaði sig frúnni Dúlsíneu frá Toboso og bað hana að duga sér í nauð um leið og hann réðst fram, vel varinn af skildinum, með mundaða **lensu** á harða spretti á Rósinant og lagði til fyrstu myllunnar á vegi sínum. Lagið kom á spaðann, en vindurinn sneri honum svo hratt að lensan kurlaðist og spaðinn rykkti hestinum til sín ásamt með riddaranum sem veltist illa leikinn um völlinn. Sansjó Pansa ætlaði að verða til hjálpar og spretti hratt úr spori á asnanum, en þegar hann kom að sá hann að riddarinn gat sig hvergi hrært, slíkur var skellurinn sem hann fékk við fall Rósinants.*

– Drottinn minn! sagði Sansjó Pansa. Bað ég ekki yðar náð að gæta sín, því þetta væru bara vindmyllur; sem enginn villist á nema sá sem hefur eitthvað svipað þeim í kollinum.

*– Hægan, Sansjó góði, svaraði don Kíkóti. Ekkert breytist jafnört og allt sem varðar stríð, einkum þegar mig grunar, og það er víst, að hinn fjölvísi Freston, sem rændi mig herberginu og bókunum, hefur breytt risunum í myllur með það fyrir augum að svipta mig heiðri af sigrinum. Slík er óvild hans í minn garð, en **fjölkynngin** mun duga skammt gegn **gæsku** sverðs míns.*

– Guð mun gera hvað hann getur, sagði Sansjó Pansa.

Og hann hjálpaði honum á fætur og aftur upp á Rósinant, sem hafði sigið mjög í hryggnum. Þeir ræddu sín í milli um nýafstaðið ævintýri og héldu eftir veginum að Lapíþeskarði, vegna þess að don Kíkóti taldi auðsætt að þeir myndu lenda þar í mörgum og margvíslegum ævintýrum, enda fjölfarin leið. En honum var mjög þungt í skapi yfir að missa lensuna og trúði skjaldsveininum fyrir því …

hopa: hörfa
gunga: hugleysingi
skaka: hrista

skanki: útlimur
lensa: oddhvasst lagvopn með löngu skafti

fjölkynngi: galdrar
gæska: gæði

Úr Pilti og stúlku

Úr brekkunni, sem Sigríður var í, var allskammt ofan að ánni; áin var þar ekki breið og féll þar fram á millum tveggja klettasnasa, er hófust lítið eitt upp yfir árbakkana. Sigríður gekk fram á snösina sín megin og stóð þar. Kindurnar liðu hægt og hægt og smábítandi undan piltinum, en hann fór spölkorn á eftir; og er hann kemur þar móts við, sem Sigríður stóð við ána, verður honum litið yfir um og sér, að þar stendur kvenmaður ekki allstórvaxinn; hann nemur þá staðar og starir um stund á hana, en hleypur síðan fram að ánni og kallar á Sigríði og spyr hana að heiti.

– Sigga Bjarnadóttir heiti ég.

– Smalar þú þar í Tungu?

– Ég á að sitja hjá; en hvað heitir þú?

– Indriði frá Hóli heiti ég og sit hjá eins og þú.

– Leiðist þér ekki að sitja hjá einn saman?

– O, nei, ekki svo mikið, þegar gott er veðrið; en hvar er húsið þitt?

– Ég á ekkert hús enn þá hérna fram frá; átt þú nokkuð hús?

– Já, hérna inn í hvamminum, og þar sit ég á daginn og er að smíða; það er svo stórt, að við gætum verið þar bæði og staðið upprétt; en það er illt, að þú getur ekki komið yfir um til mín, þá skyldum við leika okkur saman, því ég sé, að þú ert lítil eins og ég — eða leiðist þér ekki á daginn, þar sem þú átt ekkert hús?

– Jú, mér leiðist ósköp, segir Sigríður, og svo er ég svo hrædd við álfafólkið, sem kvað vera hérna á dalnum.

– Hér er ekkert álfafólk, held ég, sagði Indriði, eða hefurðu séð nokkuð af því?

– Já, ég sá í gær svartan strák svo ljótan skjótast þarna út úr gráa steininum, sem stendur þarna inn í hvamminum.

– Þar er enginn grár steinn! Það er húsið mitt, sem stendur þarna á hólnum, kelli mín, og það hefur líklega verið ég, sem þú sást; en nú verð ég að fara og hóa kindunum dálítið lengra fram eftir, og svo kem ég aftur, því mér þykir gaman að tala við þig.

Þessar urðu fyrstar samræður þeirra Indriða og Sigríðar; en eftir það sáust þau og töluðust við þar við ána á hverjum degi, og leið ekki á löngu, áður þau yrðu mestu mátar. A morgnana, þegar þau komu með féð í hagann, gengu þau fram á klettasnasirnar sitt hvorum megin og heilsuðust og sögðu hvort öðru tíðindi; á daginn, þegar veður var gott, sátu þau og ræddust við yfir ána, sögðu hvort öðru sögur og kváðust á; hvort hafði yndi af öðru; Sigríður grét, ef Indriði kom einhverju sinni seinna en vandi var til með féð á dalinn, en hoppaði og lék af gleði, þegar hún sá hann koma. Viðlíka fór fyrir Indriða, að honum fannst hver sú stundin leið og löng, sem hann varð að sjá af Sigríði.

Íslensk skáldsagnaritun hófst árið 1850 þegar Piltur og stúlka eftir Jón Thoroddsen kom út. Síðan þá hefur mikið verið skrifað og aldrei áður hafa jafnmargir metnaðarfullir rithöfundar verið að störfum hér á landi.

Pétur Gunnarsson (1947)

Textabrotin hér á eftir eru úr bókinni Ég um mig frá mér til mín. Hún er önnur bókin af fjórum um Andra Haraldsson. Í þessari bók er fjallað um unglingsár Andra.

Ég um mig frá mér til mín

V

Þegar hann kom heim úr skólanum beið enginn eftir honum nema fiskurinn í pottinum. Hann leit ekki við honum en hámaði í sig brauð og Morgunblaðið. Skólatöskuna opnaði hann ekki frekar en það væri í henni lík. Þegar hann var búinn að lesa blaðið, náði leiðinn tökum á honum. Stal sígarettu úr gestapakkanum. Viss passi að um leið og hann byrjaði að reykja, gerði holdið uppreisn. Ein synd býður annarri heim. Nú var það Björg sem stríddi á hann. Á eftir **blygðaðist** hann sín. Eiginkona föður hans. Samt gerði hann það aftur stuttu seinna.

Blygðun var hans daglega brauð. Hann skammaðist sín fyrir sjálfan sig, fyrir foreldra sína, sérstaklega að móðir hans skyldi vinna í mjólkurbúð. Sjálfstraustið var fokið út í veður og vind og um leið var hann á valdi „almenningsálitsins". Hann var ekki fyrr kominn í margmenni en hann byrjaði að roðna, roðnaði af ótta við að roðna, roðnaði af skömm yfir að roðna, roðnaði ef það var horft á hann, roðnaði ef hann var látinn afskiptalaus, roðnaði bara upp úr þurru. Fyrirvaralaust byrjaði hann að roðna og þótt hann tæki á öllu sem hann átti til, gat hann ekki litið upp.

Ef hann hefði litið upp, hefði hann séð að það var akkúrat enginn að horfa á hann, allir áttu nóg með sig og þjáðust af sama minnimætti og hann. „Hinir" voru bara speglar til að spegla sig í. Skiptir ekki máli hvað maður er, heldur hvað „hinir" hugsa, halda, vita um mann …

Öryggisleysið gerði að verkum að það var ekki hægt að taka neina áhættu: allir reyndu að vera eins og Útlitseftirlitið ákvað. Þegar vanmáttur allra var kom-

---

að blygðast sín: að skammast sín

inn saman, breyttist hann í hópafl. Í skjóli hópsins gátu þau látið eins og fífl.

Um leið og kennarinn sneri baki í hópinn, tókust flotar af skutlum á loft og bréfskot smullu í töflunni. Þegar hann sneri sér aftur við, voru þau sakleysið bólugrafið. Flestir kennarar höfðu þróað með sér hæfileika til að skrifa afturfyrir sig til að geta horfst í augu við bekkinn um leið.

Finnbogi sögukennari reyndi að láta eins og ekkert væri og fiskaði hvern stórviðburðinn á fætur öðrum upp úr sögupokanum. Hann var að tala um Njálssögu og skutlurnar náðu honum í ökkla. Þegar Andri sprengdi bréfpoka, labbaði Finnbogi að Höllu og spurði:

Halla mín, afhverju vildi nafna þín langbrók ekki ljá Gunnari lokk úr hári sínu?

Halla gerði hlé á túperingunni og stokkroðnaði af því pabbi hennar var flæktur í fjármálahneyksli.

Ætli það hafi ekki verið farið að þynnast á henni hárið, stamaði hún.

Andri fann að hann var lentur í tossabekk. Eins og honum hafði gengið vel á gáfnaprófinu. Þetta voru allt öðruvísi krakkar en hann átti að venjast. Krakkarnir í Axelsbekk höfðu verið vel upp aldir og snobbað fyrir íslenskri menningu. Þessir kærðu sig kollótta um allt.

Ungur maður úr Háskólanum átti að kenna þeim Náttúrufræði í forföllum. Hann stóð fyrir framan töfluna, rjóður í vöngum og bekkurinn vó hann og mat. Stelpurnar voru strax pínulítið skotnar í honum og strákarnir tvöfölduðu púðurskammtinn. „Í heiminum eru mörg dýr …," byrjaði hann stórhuga og feiminn. Bekkurinn öskraði af hlátri.

Séra Uni kenndi þeim kristnifræðina.

Hlæiði bara, sagði hann. Ykkur er velkomið að hlæja.

Beið með krosslagðar hendur eftir hlátursholskeflunni, en hafið var spegilslétt.

Þá færði hann sig upp á skaftið og söng: „Ó Jesú bróðir besti". Hörðustu jaxlar fólu andlitin í höndum sér, sumum leið eins og þeir stæðu með allt niðrum sig. Rauður litur lak niður andlitið á Andra.

Þetta er yndislegasti sálmur íslenskrar tungu, andvarpaði séra Uni dasaður. Síðan byrjaði hann að gera ýmis trúarbrögð hlægileg. Í Búddasið trúa menn að þeir geti breyst í ánamaðk, Múhameðstrúarmenn mega eiga margar konur en ekki borða svín! Þegar önnur trúarbrögð voru orðin óæt, rann kristindómurinn ofan í þau.

„Í upphafi var orðið …", svo komst hann ekki lengra því bjallan hringdi og þau ruddust út.

Orðið? Í upphafi var orðið? Það hlaut að hafa fallið niður „s".

Umræður/Verkefni

1. Í textabrotinu segir að strákarnir hafi tvöfaldað púðurskammtinn þegar nýi náttúrufræðikennarinn kom. Hvað haldið þið að felist í þessu? Og hvers vegna brugðust þeir svona við?
2. Hvernig haldið þið að andrúmsloftið sé í kennslustofunni? Kannist þið við þetta úr eigin skólagöngu?
3. Af hverju ætli Andri skammist sín fyrir mömmu sína? Rökstyðjið svörin. Eru störf mismerkileg? Á þetta við í dag? Rökstyðjið svörin.
4. Eru allir aldurshópar á valdi almenningsálitsins? Eru einhverjir aldurshópar frekar á valdi þess en aðrir? Nefnið dæmi og rökstyðjið svarið.
5. Starfar Útlitseftirlit í ykkar skóla/samfélagi í dag? Rökstyðjið. Ef já – hvaða kröfur gerir það?
6. Hvað á höfundur við þegar hann segir: „Í skjóli hópsins gátu þau látið eins og fífl." Getið þið nefnt dæmi um þetta? Er auðveldara að láta eins og fífl í hópi? Af hverju? Af hverju ekki? Hvað með ábyrgð, hver ber hana í hópfíflagangi?

IV

…

Þau voru fyrsta fólkið síðan á söguöld sem hafði aldrei búið við skort. Eiginlega voru þau ekki íslensk, þekktu ekki lóu frá spóa. Hinar 154 fuglategundir landsins runnu saman í „fugla". Fiskar hafsins samanstóðu af þessu klassíska „flaki", ýsa og þorskur voru sama dýr fyrir þeim. Höfuðáttirnar „hingað" og „þangað". Og málið! Þau voru alin upp í umhverfi sem var svo einhæft að það var hægt að komast af með já, nei og „ég meina það". Þau höfðu alist upp við: passaðu þig á bílunum, ekki inn á skónum, veriði úti, þegiðu það eru fréttir og svo dónalegu orðin. Jarðvegurinn sem málið var sprottið úr, var fokinn burt, tungumálið stóð eftir eins og ruslahaugur: „hamla á móti", „klakklaust", „elta ólar", „efst á baugi", „mata krókinn", „sitja á hakanum", „leika á als oddi", „ríða baggamuninn", „láta kylfu ráða kasti", „í miðjum klíðum", „töglin og hagldirnar", „síðustu forvöð" …

Heimilið var ekki lengur verkstæði út í náttúrunni, heimilið var næringar – og tæmingarmiðstöð mitt í malbikinu. Þegar hér var komið sögu var vinnumarkaðurinn lystarlaus á kvenfólk. Ef allt var með felldu, sátu þær heima með

síðustu forvöð
mata krókinn
elta ólar
hamla á móti
töglin og hagldirna
klakklaust
efst á baugi
í miðjum klíðum
sitja á hakanum
leika á alsoddi
láta kylfu ráða kasti
ríða baggamuninn

fullt hús af börnum og biðu eftir því að suðan kæmi upp. Heimilisfaðirinn var í nauðungarvinnu út í bæ, það var aldrei minnst á það, hvað þá að börnin þekktu til á vinnustaðnum. Sæist karlmaður um hábjartan dag, var hann annaðhvort póstur eða róni.

Þar sem malbikinu sleppti, tók skólinn við. Uppfræðslan var í hans höndum: „Hvað eru mörg bein í manninum" og svo framvegis. Skólinn var hlutlaus eins og Ríkisútvarpið sem sveif um í veðurfréttum, tilkynningum og íslenskum einsöngvurum. Það sem „skipti máli" fékk ekki afgreiðslu, allt varð að vera á „einu máli." „Hverjir græða og hverjir blæða?", skipti máli og var þessvegna fyrir utan verksvið skólans. Afturámóti mátti telja upp Atvinnuvegina í réttri röð, sjávarútvegurinn var til að mynda ekkert slor, það voru síldarár og Ísland var þriðja þjóðartekjuhæsta land í heimi. Aðeins fimm þjóðir voru betur akandi, þrjár bjuggu við betri símakost, tvær innbyrtu fleiri kaloríur, engin var hamingjusamari. Ísland var besta land í heimi og „þjóðarstolt" í raun og veru eina skyldunámsgrein skólans. Allir áttu að þekkja sjálfstæðisbaráttumennina: Baldvin Einarsson, Jón Eiríksson, Skúla Magnússon, Fjölnismenn, Jón Sigurðsson …

1944 hafði landið öðlast sjálfstæði á ný og nú reið á að sýna umheiminum, sérstaklega Dönum, að við gætum staðið á eigin fótum. „Íslandi allt!" (sem Ferðaskrifstofurnar breyttu í: „Á Íslandi er kalt").

1944. Þar nam sagan staðar. Framhaldið skipti of miklu máli til að hægt væri að gera úr því kennslubók.

Umræður/Verkefni

1. Jarðvegurinn sem málið var sprottið úr, var fokinn burt, tungumálið stóð eftir eins og ruslahaugur. Hvað er átt við með þessum orðum? Hvernig er staða tungumálsins í dag?
2. Hjálpist að við að finna skýringar á orðtökunum í upphafi kaflans.
3. Hvað segir textinn um stöðu kvenna á sögutímanum?
4. Lesið vel síðustu efnisgreinarnar og tilgreinið hvað þær segja um skólann á sögutímanum? Er þetta eins í dag?
5. „1944. Þar nam sagan staðar. Framhaldið skipti of miklu máli til að hægt væri að gera úr því kennslubók." Hvað er höfundur að meina? Ræðið/segið frá í stuttu máli.
6. Hvað er mikilvægast að læra í skólanum? Rökstyðjið svör ykkar.

VII – 33

Börnin minntu á fallhlífarhermenn þar sem þau pjökkuðu í skólann með vindinn í fangið og töskuna á bakinu. Skólinn átti að fljúga með þau út í lífið.

Menn skyldu samt ekki halda að þeir gætu setið í vélinni eins og farþegar, pantað viskí og stokkið af í Kaupmannahöfn. Skólastjórinn gekk berserksgang og reyndi að henda mönnum út áður en þeir festust í **Landsprófi**. Hann var metnaðargjarn fyrir hönd skólans og vildi háa meðaleinkunn. „Spurðu ekki hvað skólinn geti gert fyrir þig," o.s.frv. Milli skólastjórans og Andra var eitthvað bríarí, hann lét gott heita þótt Andri settist í Landspróf, þrátt fyrir botnlausa einkunn upp úr II. bekk. Aðra setti hann í verknám og verslunardeild og lét þá síðan hoppa beint í ginið á atvinnurekendum.

Landspróf. Hreinsunareldurinn. Ingólfur yfirkennari stóð upp við svarta töflu og las fyrir:

„Í ályktun nefndarinnar var á það minnzt, að engin þjóð gæti staðizt þá miskunnarlausu samkeppni, sem ríkti í framleiðslu og viðskiptum, nema hæfileikar æskunnar fengju að þroskast við beztu menntunarskilyrði."

Fórnardýrið var svo skjálfhent að krítin brotnaði. Þegar hún var orðin nógu margbrotin til að hægt væri að skrifa með henni, neitaði hendin að stýra, það var alveg ólæsilegt.

Afsakið, sagði Ingólfur hátíðlega, það eru allir stafirnir eins. Hvar er „engin þjóð"?

Bekkurinn var víðsfjarri í fíflalátum eins og þegar Jesús var krossfestur. Þegar fórnardýrinu hafði loks tekist að hripa setninguna á töfluna, taldi Ingólfur villurnar. Þær voru tólf.

Vel af sér vikið í jafn fáum orðum.

Fórnardýrið ætlaði að hneigja sig og labba í sætið.

Hvar er frumlagið? spurði Ingólfur.

Frumlagið? Hvaða frumlag?

Frumlagið í setningunni.

Fórnardýrið las setninguna yfir en fann hvergi frumlag.

Hvar er umsögnin? spurði Ingólfur og reyndi að sýna stillingu.

Um? Umsögnin?

En andlagið? Hvar er þá andlagið?

Ætlaði þessum pyntingum aldrei að linna? Það var grafarþögn.

Semsagt. Þú hefur ekki lesið heima. Eitthvað þarfara að gera?

Bara.

Landspróf: inntökupróf í menntaskóla sem tekið var í núverandi 10. bekk

Valla hjá rakaranum?

Hláturkórinn spilaði sitt númer og fórnardýrið skjögraði í sætið. Samstundis grúfði bekkurinn sig yfir bækurnar, til að ljá ekki færis á því að vera tekinn upp. Hvert sem Ingólfur leit var eintómt hár. Hár, hár, hár – svona er hann Óli klár.

Í næsta tíma var vélritun. Laufey var ákveðin í að láta ekkert á sig fá. „Gjöra svo vel og setja blaðið í vélina, aaa með vinstri, æææ með hægri. Og nú byrjum við."

Samstundis byrjaði vélbyssuskothríðin og eftir það heyrðist ekki mannsins mál. Sumir voru að reyna að spila vélritunarlagið úr þættinum „Efst á baugi."

Í frímínútum leystist bekkurinn upp í klíkur. Það var tískuklíkan, labbklíkan, hallærisklíkan, gáfaða klíkan, reykingaklíkan, skellinöðruklíkan (þessir sem hlupu út í frímínútum og settu einusinni í gang). Sumar klíkur voru blandaðar. Geðveikaklíkan var fjölmennust, en starfsemi hennar fólst í hrikalegum fíflalátum. Eins og fyrridaginn var það Úlfur sem var **leiksoppurinn**. Nú var hann orðinn stjórnarformaður skólafélagsins. Þeir bundu hann með treflum á höndum og fótum, bundu fyrir augun, þvældu honum um gangana og gaukuðu honum loks inn um dyrnar á kennarastofunni. Kennararnir sátu með munninn fullan af vínarbrauðum og horfðu agndofa á þessa pöddu spriklandi á gólfinu.

Í annað skipti hlupu þeir með hann inn á Fjölritunarstofu, bundu hann á borðið og gerðu tilraun til að svæfa hann með fjölritunarvökva. Það voru engin takmörk. Ingólfur yfirkennari sagði að þetta væri spurning um útrás, „það er eitthvað sem þarf að rasa út í þeim". Í miðjum frímínútum átti hann til að koma fram og láta þau hoppa eða keppa um hver gæti stokkið upp flestar tröppur. Stelpunum fannst það bæði asnalegt og hallærislegt og alveg vonlaust.

Á endanum fóru þeir út á bensínstöð og byrjuðu í vatnsslag. Þegar allir voru örugglega orðnir holdvotir, sneru þeir jökkunum við og löbbuðu niður í bæ. Samt var fyrir löngu búið að hringja inn. Hingaðtil höfðu þeir látið sér nægja að brjóta reglur skólans, nú stigu þeir skrefi lengra og létu eins og hann væri ekki til. Til að breiða yfir hjartsláttinn, tóku þeir kyrrstæða bíla og sneru þeim við.

Niðri í bæ stóð **Menntaskólinn** og þurfti víst enga smáræðis greindarvísitölu til að komast lífs af úr honum. Menntskælingarnir húktu inn á **Skalla** og voru svo gáfaðir að nálgaðist sturlun. Einungis mjór tóbaksreykur hlekkjaði þá við jörðina.

---

leiksoppur: fórnarlamb
Menntaskólinn: Menntaskólinn í Reykjavík, MR
Skalli: sjoppa sem var við Lækjargötu á móti MR

Umræður/Verkefni

1. Stundum fjalla menn um grafalvarlegt efni á gamansaman hátt. Þetta á við um þessa texta Péturs Gunnarssonar. Finnið nokkur dæmi um slíkt. Hafið í huga orðanotkun, myndmál og stílbrögð almennt.
2. Hvers vegna beita höfundar gamanseminni þegar þeir fjalla um alvarlegt efni?
3. Hvert textabrotanna þótti ykkur skemmtilegast/áhugaverðast og hvers vegna?
4. Semjið stutta frásögn (um 200 orð) sem byggist á reynslu ykkar í skóla og reynið að glæða hana með því að beita gamansemi, ýkjum og kaldhæðni.

Vigdís Grímsdóttir (1953)

Kaldaljós er fyrsta skáldsaga Vigdísar Grímsdóttur. Sagan er þroskasaga Gríms Hermundssonar sem ólst upp úti á landi. Eftir mikinn harmleik fluttist hann til Reykjavíkur og fór í myndlistarnám.

Úr Kaldaljósi

Nýtt hólf – nýr hlátur, brot

…

Og hann minnist þess dags þegar hann lauk við fyrstu myndina sína. Lauk henni og merkti. Þá gerðist eitthvað inní honum. Einsog opnaðist hólf. Opnaðist eitthvað sem áður hafði verið lokað. Og hann hló. Og hláturinn var öðruvísi en nokkur annar hlátur sem hann hafði áður heyrt. Fullur af vindi. Vindhlátur. Hann hló. Og hólf opnaðist. Samt var teikningin óskýr. Minningin þung.

Nýtt hólf.

Nýr hlátur.

Hann minnist þessa dags. Gleymir honum aldrei. Geymir hann á fyrsta blaðinu. Þar verður hann alltaf og í höfðinu.

Fastur. Alltaf einsog nýr. Alltaf.

Þetta var skrýtinn dagur.

Það var kalt.

Það voru frostrósir á glugganum hans. Og hann potaði fingrinum í eina þeirra. Og rósin skemmdist. Hann kíkti í gegnum skemmda rósina og sá mömmu bera þvottakörfu út í þurrkhús. Síðan sá hann hana allt í einu koma hlaupandi. Hún var lafmóð einsog hún væri með fjandann á hælunum. Hún var hrædd við eitthvað. Það var greinilegt.

Oft hafði hann séð mömmu með slæðu um hausinn og hestatopp fram á ennið, í bomsum, fara með þvottakörfu út í þurrkhús. En aldrei áður hafði hann séð hana koma svo fljótt út aftur með svo miklu **írafári** og með slæðuna í hend-

---

írafár: óðagot, asi, mikill flýtir

inni og toppinn beint aftur. Í rauninni hafði hann aldrei séð hana hlaupandi. Hún var alltaf róleg.

Hann hljóp niður stigann og í gegnum eldhúsið út í þurrkhús. Var næstum dottinn og mætti mömmu í dyrunum. Hún var andstutt og baðaði höndunum út í loftið þegar hún sagði: – Ég get ekki hengt upp tauið, Grímur. Ég kemst ekki að fyrir einhverri bannsettri læðu sem hefur álpast til að gjóta rétt fyrir innan gættina. Hún hefur hringað sig kringum kettlingana og hvæsir í sífellu. Bölvuð vandræði eru þetta.

Hann hafði ekki oft heyrt mömmu segja svo mörg orð í einu og bera svo ótt á. Það flaug í gegnum hausinn á honum að kannski mundi hún aldrei þagna. Hún var furðuleg, ekki gat hún verið hrædd við eina kisupísl. Og auðvitað hlaut hún að vita að kisa var einungis að vernda kettlingana sína og hélt að hún þyrfti að hvæsa. Enda gat kisa ekki vitað að konan sem kom raulandi með þvottakörfu inn í þurrkhús var besta konan í öllum firðinum og ætlaði sér ekki annað en að hengja upp tau. Hvernig datt henni í hug að kisa vissi það?

– Hún er bara að verja kettlingana sína, mamma, sagði hann og vonaði að æðin á hálsinum á mömmu, blá og þrútin ormaæð, hætti að slá. Og hann bætti við með lægri rödd að hann héldi að slíkt mundu allar mæður gera. Verja börnin sín. Og allir. Hann líka. Hann mundi verja sín börn. Hún mundi verja hann og Gottínu ef hún héldi að einhver ætlaði að gera þeim illt. Mundi hún ekki gera það?

– Ég veit það, Grímur minn, að hún er að passa upp á sína kettlinga. Ég veit það. En ég verð samt sem áður að komast að með minn þvott. Það gagnar mér nú ósköp lítið að hengja út í frosti.

Önnur ræða. En ekki jafnlöng. Æðin var minni. Og þar með gekk hún upp á loftið og hann heyrði hana setjast niður einsog hún gerði gjarna þegar hún þurfti að hugsa sitt ráð.

Grímur stóð í dyragættinni á þurrkhúsinu. Honum var kalt. Einn þorði hann ekki inn fyrir þröskuldinn. Einn þorði hann ekki að eiga við kolbrjálaða læðu sem hélt að allir **væru á höttunum** eftir kettlingunum hennar. Og dýramál kunni hann ekki. Því hefði svo verið hefði hann útskýrt allt fyrir henni. En mömmu varð hann að hjálpa. Það varð hann að gera. Tauið varð að komast í hús. Hann varð að finna Gottínu.

Og hann hljóp í kringum húsið. Fann Gottínu hjá kjallaratröppunum. Hún hlóð spýtum yfir tröppurnar og sagðist vera að byggja sér hús. Það var merkilegt að Gottína byggði sér alltaf hús þegar hún átti stund í næði. Hendur hennar voru rauðar í kuldanum og hann sá að skinnið var byrjað að flagna af

---

að vera á höttunum eftir einhverju: að sækjast eftir einhverju

hnúunum. Gottína var vinnuþjarkur. Grímur steig á enda einnar spýtunnar. Hún sporðreistist. Gottína horfði á hann og neri saman lófunum. Hún þagði. Fannst hann líklega ógnvekjandi. Kóngur á spýtunni hennar sem sagði:

– Gottína! Núna verður þú að hjálpa mér!

– Núú, sagði hún um leið og hún spýtti í lófana og neri þeim saman. En hann heyrði samt undrunarhljóð í röddinni. Og hann sagði frá öllu saman.

Hún klóraði sér í höfðinu. Þagði um stund en horfði svo á Grím alvarlegum augum. **Drap samt tittlinga** framan í hann. Sagði svo:

– Auðvitað er hún bara að vernda kettlingana.

– Ég veit það.

– Og hvað með það þá?

– Við verðum að finna ráð.

– Ummmm.

– Við verðum að bíða færis.

Hann var spenntur í röddinni og hafði í raun ekki hugmynd um hvorri hann vorkenndi meira, mömmu með hjartsláttinn í blárri hálsæðinni og rennblautan þvottinn eða hvæsandi læðunni. Þær voru báðar hræddar.

– Við verðum að bíða færis, endurtók hann. – Verðum að bíða þangað til hún fer á veiðar og og þá færum við kettlingana eitthvað annað.

– Hvert þá?

– Á einhvern góðan stað þar sem þeim verður ekki kalt. Kannski niður í kjallara. Mamma getur þá hengt upp tauið og kisa verið í friði.

Allan daginn vöktuðu þau þurrkhúsið.

Allan daginn voru þau dularfullir njósnarar.

Allan daginn umvafði læðan kettlingana sína og hvæsti sæi hún þau í gættinni. Mamma hafði sagt þeim að stugga ekki við henni. En eitthvað varð að gera.

– Hún fer á stjá í myrkrinu, hvíslaði Gottína.

– Þá bíðum við eftir myrkrinu, hvíslaði hann á móti. Og þegar myrkrið datt yfir fjörðinn læddust þau út. Og inn fyrir gættina. Önduðu ekki. Og hún var horfin. Farin á veiðar. Það var greinilegt. Kettlingarnir voru sex.

Svartir og hvítir á litinn. Blautir. Og þau sáu hjörtun hamast. Næstum sprengjast út úr brjóstunum. Þeir voru hræddir. Greindu ekkert ljós. Blindingjar.

Gottína tók einn.

Grímur annan.

Þeir voru mjúkir og reyndu að brjótast úr lófum þeirra. Sleiktu og hömuðust.

---

að drepa tittlinga: að depla augunum í sífellu

Þau settu þá í ullarhúfur svo að þeim kólnaði ekki á leiðinni út í kjallarann. Það var skrýtið að horfa á kettlinga í ullarhúfum og aðeins hausarnir eða blátrýnin upp fyrir.

Í kjallaranum útbjuggu þau bæli. Hrúguðu upp tuskum og breiddu peysudruslu yfir. Hvorki kisu né kettlingunum skyldi verða kalt. Þau gátu kúrt hér óáreitt. Í bælinu fengju þau að vera í friði. Þangað kæmi enginn til að hengja upp tau. Þangað kæmi enginn til að trufla. Enginn.

Grímur hafði gert rétt. Hann hafði fundið bestu leiðina og þá auðveldustu fyrir alla. Og hann tók kettlinginn úr höndum Gottínu og lét hann finna fyrir bróður sínum. Þeir nudduðu saman trýnunum og vældu. Hann lagði þá í bælið og strauk bróðurlega yfir þá. Fannst hann vera bróðir þeirra en bara strákur. Hann stóð og horfði lengi á þá og var ánægður. Gottína stóð fyrir aftan hann og hann fann hvernig hún hallaði sér upp að honum. Þeir tveir. Þau tvö. Og hann tók utan um hana.

Og þá var að sækja hina fjóra og finna síðan eitthvert ráð til að sýna læðunni sem auðvitað yrði óð þegar hún fyndi þá ekki. En það yrði auðvelt. Það yrði enginn vandi. Hún yrði fljót að renna til sinna. Lyktin.

Þeim dvaldist heldur lengi í kjallaranum. Úti var orðið almyrkt. Tíminn hafði þotið hjá. Komið þeim að óvörum. Grímur sá á himninum að þeirra yrði bráðum vænst í matinn.

Himinninn breytti um svip. Í svip hans sá hann best hvernig dagurinn leið og hvernig nóttin tók við. Hvernig hún tók við, fyrst lauslega og hremmdi svo allt. Alveg einsog dagurinn tók síðan við. Ævinlega það sama. Ævinlega eins. Aðeins himinninn breytti um svip. Annars hafði ekkert gerst. Ekkert.

Þau hlupu upp kjallaratröppurnar. Yfir lóðina og út í þurrkhús. Í dyragættinni beið þeirra ekki hvæsandi læða. Þar var enginn. Hvorki læða né fjórir kettlingar. Grímur horfði í augu Gottínu. Þau voru blá og tóm. Tóm einsog karfan. Auð. Hans augu voru líka tóm. Auð. Augu þeirra beggja voru ráðalaus og hendurnar máttlausar. Hann tók um axlir hennar en hún hristi hann af sér. Gottína kærði sig greinilega ekki um að hann snerti hana.

– Hvað eigum við að gera? sagði hann og horfði dapur á tóma körfuna.

– Nú leita! sagði hún einsog spurningin væri fáránleg. Einsog allt lægi í augum uppi.

Og þau skimuðu um þurrkhúsið. Út í hvert horn og krók.

Bak við hverja grind og tunnu.

Engin verksummerki.

Ekkert var ljóst.

Og úti heyrðust engin hljóð. Engin. Hvorki mjálm né ýl. Ekkert aumkunarvert væl. Hann sá mömmu bregða fyrir í eldhúsinu. Hún sneri sér í hringi. Var auðsjáanlega ekkert hrædd lengur. Og pabbi opnaði útidyrnar. Hann var blautur og þreyttur. Kominn heim af sjónum. Þau töluðu saman og hendur mömmu pötuðust út í loftið þangað til pabbi kyssti hana.

Grímur og Gottína hlupu niður götuna. Þeim var heitt og þau voru sveitt þótt kalt væri úti. Hann greip hönd hennar aftur. Nú hristi hún hann ekki af sér heldur greip um hans hönd. Og hönd hennar var **þvöl**. Og þau hlupu niður fyrir götuna og út á túnið. Í túninu voru engir felustaðir. Það var slétt og breitt og hvítt og huldi ekkert. Og það var harðfenni. Felustaðirnir voru hinum megin. Nær fjörunni. Í fjörunni. Grímur Hermundsson datt. Hrasaði um eitthvað. Bölvaðir steinarnir.

– Reyndu að standa á fótunum, Grímur, sagði Gottína höstug. Hún var líka andstutt eftir hlaupin og togaði í hann. Hann gat ekki risið á fætur heldur starði niður fyrir sig. Trúði ekki því sem hann sá. Gat ekki trúað því.

Starði bara.

Á jörðinni beint fyrir neðan hann lá kettlingur. Svartur og hvítur. Harður og stífur. Einn. Grímur fann allt í einu að honum var kalt. Og hann sá andardrátt sinn og Gottínu lykjast um kettlinginn á nákvæmlega sama hátt og hann hafði oft séð skýin lykjast um Tind.

Hann leit upp og sá að himinninn var svartur yfir Tindi. Ekki nokkurt ský sjáanlegt. Aðeins hvítt fjall og svartur himinn. Hvítt og svart. Og hann horfði á kettlinginn. Sömu litir. Andardráttur þeirra var í raun ský sem umluktu kettlingana. Þeirra eigin ský. Ekki himinsins.

Gottína þagði.

Grímur þagði.

Hann óskaði þess að þau væru fuglar og flygju burt. Langt burt frá þessum dauða. Langt burt frá þessum dauða blindingja. Hann reis upp á fjóra fætur og leit í kringum sig einsog köttur. Sneri næstum höfðinu í hringi. Og þá sá hann hina þrjá. Aðeins lengra í burtu. Liggjandi þrjá saman einsog þrír fyrstu steinarnir í vörðu. Hann gólaði einsog úlfur. Gólaði lengi. Hann hataðist við allan þennan dauða. Langaði að rífa í sundur þennan margeflda dauða sem var öllu yfirsterkari. Langaði að öskra tröllsöskri og sjá hvernig Tindur þeytti ópinu út í myrkrið.

Hún hefur ekki komist með þá lengra, auminginn, hvíslaði Gottína. Grímur

---

þvöl/þvalur: rakur

gat ekkert sagt. Hann þagði. Orðin stóðu föst í hálsinum á honum einsog fiskbein. Hann gat varla andað heldur. Lagðist á jörðina og laut höfði. Læðan hafði misskilið allt.

Allt.

Hann ætlaði ekki að grípa fram fyrir hendurnar á henni.

Hann ætlaði engu að stjórna.

Hann ætlaði bara að hjálpa.

Hún hlaut að hafa haldið að einhver ætlaði að drepa kettlingana. Heimska læða.

Hún hafði misskilið allt. Helvítis misskilningstuðran.

Hún hafði ekkert skilið. Ekkert.

Og kettlingarnir tveir í kjallaranum. Hver átti að hugsa um þá? Þeir gátu ekki hugsað um sig sjálfir. Átti hann að gera það? Var hann bróðir þeirra? Já, það var hann.

– Við skulum fara, Gottína hvíslaði enn. – Við skulum fara heim, hélt hún áfram. Hann gat ekki horft á hana. Langaði að hverfa. Vissi ekki hvernig hann átti að fara heim. Vissi ekki hvernig hann átti að rísa á fætur. Hann hvæsti innra með sér, reis á fætur og tók upp hvern blindingjann af öðrum og lagði í húfuna sína. Hún var mjúk jörð. Þeir voru smáir og höfðu nóg pláss. Hann hvæsti.

Gottína stóð upp. Hún hafði kropið en hann hafði ekki fundið nálægð hennar en fann nú að hún var heit og hlý. Nálægð systur hans var þykk. Og þau gengu heim. Yfir túnið. Sömu leið til baka og honum fannst eins og leiðin væri lengri en áðan. Og hann kom húfunni fyrir undir peysunni. Mjúk jörð og dauðinn.

– Í kjallaranum bíða þeir bræðra sinna, hvíslaði hann að Gottínu einsog hún hafði hvíslað að honum. Og orðin stóðu ekki lengur föst í hálsinum á honum en þau voru hljóðlát eins og dauðinn.

– Kannski getur pabbi kveikt í þeim líf, Grímur minn.

Hann svaraði engu. Þessu var ekki hægt að svara. Þessu þurfti ekki að svara. Enginn kveikir líf í því sem þegar er dáið. Enginn. Dáið er dáið.

Um kvöldið sá hann pabba ganga þungum skrefum yfir túnið. Þungum skrefum með poka. Með dauðann í poka. Slíkur poki hlaut að vera fjandi þungur. Það hlaut hann að vera. Veslings Hermundur. Og um morguninn var bælið sannarlega horfið úr þurrkhúsinu einsog það hefði aldrei verið þar. Einsog þar hefðu aldrei fæðst kettlingar.

Og nú gat mamma hengt tauið til þerris.

Hver morgunn ber í skauti sér fortíð og nútíð en enga framtíð. Fyrir Grími Hermundssyni er framtíðin ekki til. Ekki ögn af henni. Ekki tilhugsun um hana. Aldrei. En fortíðin er lifandi. Öll fortíðarhlussan er lifandi, eða það af henni sem hann man og minni hans er stundum mjög digurt. Og nútíðin. Hún er undarleg. Hún er óveruleg, finnst honum. Eiginlega er hún ekki neitt neitt og verður ekki neitt neitt fyrr en fortíðin hefur gleypt hana. Farið um hana höndum. Litað hana. Mótað hana einsog Tindur mótar snjóinn í hlíðum sínum. Ein og sér á nútíðin engan lit. Enga lögun. Stundum finnur hann sárlega til með þessari tíð sem ekki er til þótt hún sé til. Ósnert er nútíðin magnlaus. Já, fortíðarhendurnar eru nauðsynlegar og ef til vill einu raunverulegu hendurnar. En þær eru misjafnar. Afar ólíkar. Afar margar. Stundum mjúkar. Stundum ógreinilegar og skipta litlu máli. En stundum verða þær krumlur. Hlífðarlausir vargar. Og allar koma þessar hendur minningunum við. Nútíðin er magnlaus tuskudrusla áður en hún fær hendur. Þennan morgun hafa nútíðinni vaxið klær. Þetta er vondur morgunn með klær. Flugbeittur klóamorgunn. Úff.

Og þennan morgun er hann reiður. Það er í honum uppreisn gegn öllu sem er. Menn með spjót og axir berjast um í höfðinu á honum. Höggva hver annan í herðar niður. Hlífa engu. Og konur og börn standa hjá veinandi. Hafa viðbjóð á blóði. En á konur og börn er ekki hlustað þennan morgun. Það er drepið og drepið. Grímur Hermundsson veinar inni í sínu eigin höfði með konum og börnum. Hann reynir að hugsa um eitthvað annað. Reynir að hugsa um eitthvað fallegt. En hann getur það ekki. Hann gnístir tönnum og kemur ekki auga á neina fegurð. Stundum er alls ekki hægt að koma auga á neina fegurð. Stundum er ekkert fallegt. Stundum er allt skrímsli og kvikindi. Hann sér ekki fegurð frostrósa þennan morgun. Heyrir ekki söng fuglanna úti í vetrarkuldanum þegar þeir tína fræin hennar Gottínu upp úr fótsporunum við húsið. Gottína dreifir fræjum. Hún lætur sér annt um fugla. Það gerir hann líka. En ekki þennan morgun. Þennan morgun lætur hann sér ekki annt um neitt.

Það er ekki hægt.

Ekki hægt.

Þennan morgun getur hann, Grímur Hermundsson, ekki farið niður. Hann getur ekki hlaupið léttfættur niður stigann og flautað og sest síðan brosandi við matarborðið einsog ekkert hafi gerst. Hann hefur aldrei getað látið einsog ekkert hafi gerst þegar eitthvað hefur raunverulega gerst. Hann skilur heldur ekki hvernig það er hægt. Hann getur ekki og vill ekki setjast við borðið og drekka með pabba kaffilögg áður en hann fer á sjóinn. Kannski eru menn eins- og Hermundur Jónsson best geymdir á sjó. Best geymdir þar alltaf. Ekki í sjó.

Á sjó. Best er að vita sem minnst um menn einsog hann. Best að loka augunum þegar maður sér morðingja. Maður á ekki að horfa á morðingja. Aldrei.

Hermundur Jónsson er morðingi. Það er hann.

Grímur ætlar ekki að hlaupa niður stigann.

Hann situr á sínu rúmi með lokuð augun og hugsar um bakið á Hermundi Jónssyni þegar hann gengur yfir túnið með pokann í höndunum. Með pokaógeðið í höndunum. Með dauðann í höndunum. Þessi morgunn Gríms Hermundssonar hefur fortíðarklær. Og hann svíður í höfuðið undan þeim:

Í pokanum eru sex móðurlausir kettlingar. Sex vesælir móðurlausir kettlingar. Aumt er allt. Fjórir frosnir. Stífir. Dauðir. Þeir liggja neðst í pokanum. Hefði Grímur Hermundsson verið nógu fljótur þá væri allt annað að lifa. Hefði hann verið fljótari að hugsa væru þessir fjórir á lífi einsog hinir tveir sem sprikla emjandi ofan á bræðrum sínum. En hann var aumingi. Svifaseinn ræfill.

Það er þungt loft í pokanum. Viðbjóðslega þungt. Vælið nístir hann. Þeir sjá ekkert. Finna aðeins til. Finna hvernig pokinn hristist í takt við göngulag pabba. Upp. Niður. Upp. Niður.

Þeir eru varnarlausir og liggja ofan á köldum bræðrum sínum og vita ekki að bráðum verður þeim hent í vök. Að bráðum verður þeim drekkt. Þeir vita ekki að bráðum þurfa þeir að berjast vonlausri baráttu við vatnið. Berjast ósanngjarnri baráttu ofan í lokuðum pokaskratta. Ofan á dauðstífum bræðrum sínum. Oj. Svona er barátta smælingjanna. Það sér hann núna. Þeir stóru halda fyrir opin á pokunum. Og þeir kreista bölvaðir. Þessi barátta er meira að segja harðari en barátta sjómanna í hafsnauð því þeir halda í vonina á meðan þeir hafa máttinn. Þó sigrar kuldinn að lokum og lamar þá og sjórinn sogar þá til sín. Heldur um opið á þeim poka. Djöfullinn. Helvítis.

Hann hefði átt að hlaupa á eftir pabba. En Grímur er fattleysingi og heilarola. Hann hefði átt að kasta sér aftan á hann. Hanga í úlpunni hans. Toga í hárið á honum. Hrista hann til. Klípa hann og bíta. Það hefði hann átt að gera. Og hann heyrir sjálfan sig segja með skipandi rödd:

– Hermundur Jónsson. Ég skipa þér að leggja frá þér þennan poka og það á stundinni.

Og hann sér hvernig pabbi hrekkur í kút þegar hann heyrir kraftmikla rödd Gríms að baki sér og hann reynir að hrista hann af sér. En Grímur er fastur einsog segull við járn. Grímur er þungur. Hann bítur og slær. Lætur engan bilbug á sér finna. Það gerir hann ekki. Og loksins skilur pabbi að hann á við ofurefli að etja og hann lætur pokann detta á túnið. Grímur stekkur af honum. Og opnar pokann.

Hann mátti ekki seinni vera.

Hann heldur á tveimur svörtum og hvítum kettlingum í höndunum. Svona hefði allt getað farið. Hann leggur þá varlega í húfuna sína. Setur húfuna undir úlpuna. Og þeir hjúfra sig hvor að öðrum.

Bræður.

Grímur er bjargvætturinn í túninu.

Hann horfir upp til pabba sem er þögull. Það er sekt í svip hans.

– Þeir verða að lifa, pabbi minn.

Hermundur lítur niður og tvístígur. Hann skammast sín. Grímur heldur áfram:

– Þeir verða að fá að lifa af því að náttúran hefur ætlað þeim það. Enginn maður getur gripið fram fyrir hendur náttúrunnar. Sá sem gerir það er að skemma fyrir guði.

Pabbi lýtur enn höfði en tvístígur ekki. Hann ber virðingu fyrir guði þótt hann beri enga virðingu fyrir dýrum. Og Grímur sér að það er engin tilviljun að hann og Gottína björguðu einmitt þessum tveimur kettlingum. Kannski hafa náttúran og guð ráðstafað því þannig í sameiningu að kisa bar burt hina kettlingana fjóra. Og kannski hafa þau saman, náttúran og guð, fengið hana til að halda að eitthvert illfygli væri að reyna að ræna hana börnum sínum. Þannig er það.

Náttúran og guð eru til alls vís. Þau hafa komið sér saman um þetta til þess að tveir hvítir og svartir kettlingar fái að lifa. Sex hefðu ekki þrifist í kjallaranum. Það hefði verið illmögulegt. Tveir éta ekki svo mikið. Og tveir éta þau örugglega ekki út á gaddinn þótt lítið sé til. Náttúran og guð eru merkilegt par, finnst honum. Ráðskast með allt og alla.

Pabbi hans klappar honum á kollinn. Það veit á gott.

– Við leyfum þeim að lifa, vinur, segir hann og lítur upp.

En þetta gerðist ekki svona. Grímur Hermundsson hljóp ekki á eftir Hermundi Jónssyni. Hann sat kyrr. Bölvaður tréhesturinn og moðhausinn. Og þess vegna er það honum að kenna að Hermundur Jónsson er morðingi. Hann er sjálfur einn þeirra sem höggva í herðar niður mann og annan. Hann veinaði ekki eins- og konurnar og börnin. Það er lygi. Hann sat kyrr. Asninn. Hann vonar að hann verði einhvern tímann vitur áður en ekki ævinlega eftir á.

En hvernig líður Hermundi Jónssyni? Hefur hann getað sofið um nóttina eftir slíkt voðaverk? Hvað hugsar hann þennan morgun þegar Grímur kemur ekki til hans og drekkur með honum kaffi áður en hann fer á sjóinn? Skyldi hann

sjálfur hugsa einsog Grímur að hann sé best geymdur á sjónum? Eða í sjónum einsog dauður drumbur?

Nei. Nei. Nei. Það má ekki vera! Aldrei!

Það er uppreisn í Grími þennan morgun. Og nú vísar hún í einkennilegar áttir. Spjót hans og axir stefna rakleiðis að honum sjálfum. – Drepa og drepa, segja þau. Og nú bitnar reiði hans á dauðum hlutum. Á gluggakistunni. Hann ber krepptum hnefanum í kistubríkina. Einu sinni. Tvisvar. Þrisvar. Og hendur hans verða blóðrisa. Æi. Þetta er vont. Hann fær tár í augun af því að hann veit ekki hvað snýr upp og hvað snýr niður á þessum vonda morgni. Þessum andskotans morgni.

Hann veit ekki hvor er sekari, hann sjálfur eða pabbi.

Náttúran eða guð.

Og hann gengur niður þennan morgun einsog alla aðra morgna og drekkur kaffi með Hermundi Jónssyni áður en hann fer á sjó.

Og hann minnist þess dags þegar hann lauk við fyrstu myndina sína. Lauk henni og merkti. Þá gerðist eitthvað inni í honum. Einsog opnaðist hólf. Opnaðist eitthvað sem áður hafði verið lokað. Og hann hló. Og hláturinn var öðruvísi en nokkur annar hlátur sem hann hafði áður heyrt. Fullur af vindi. Vindhlátur. Hann hló og hólf opnaðist. Samt var teikningin óskýr.

Óskýr mynd af sex hvítum og svörtum kettlingum og þvotti á snúru.

Umræður/Verkefni

1. Hvert virðist ykkur sögusvið og tími sögunnar vera?
2. Grímur taldi sig bera ábyrgð á dauða kettlinganna. Vísið í textann máli ykkar til stuðnings. Eruð þið sammála honum? Rökstyðjið svarið.
3. Hvernig breytist líðan Gríms í kaflanum? Vísið í söguna í svari ykkar.
4. Kaflinn heitir NÝTT HÓLF – NÝR HLÁTUR. Hvernig skiljið þið þetta kaflaheiti? Rökstyðjið svarið.
5. Hvernig teljið þið að hinn nýi hlátur hafi hljómað?
6. Hefur ykkur einhvern tímann mistekist það sem þið vilduð gera, eitthvað farið öðruvísi en þið ætluðuð? Segið frá því eða semjið stutta sögu eða ljóð sem fjallar um þetta.

Arnaldur Indriðason (1961)

Grafarþögn (brot)

Erlendur rannsóknarlögreglumaður er aðalpersóna flestra bóka Arnaldar Indriðasonar. Hann er fráskilinn og á tvö börn, Sindra Snæ og Evu Lind. Þegar hér er komið sögu er Erlendur að leita að Evu Lind í undirheimum borgarinnar. Hann telur að hún sé í hættu og fylgir vísbendingum sem hann fær hjá útkastara á skemmtistað.

5

Erlendur ók inn í elsta hluta borgarinnar niðri við höfnina og hugsaði um Evu Lind og hugsaði um Reykjavík. Hann var aðkomumaður og leit á sig sem slíkan þótt hann hefði búið í borginni mestanpart ævinnar og séð hana breiða úr sér út yfir voga og hæðir eftir því sem byggðum hafði fækkað í landinu. Nútímaborg sem túnaði út af fólki sem vildi ekki lengur búa í sveitunum eða sjávarplássunum eða gat ekki búið þar lengur og kom til borgarinnar til að byrja nýtt líf en missti rætur sínar og stóð uppi án fortíðar og með óvissa framtíð. Honum hafði aldrei liðið vel í þessari borg.

Liðið eins og útlendingi.

Alli var um tvítugt, **mösulbeina, rauðbirkinn** og freknóttur og vantaði í hann framtennurnar, tekinn í andliti og veiklulegur með ljótan hósta. Hann var þar sem Baddi hélt að hann væri, sat inni á Kaffi Austurstræti, einn við borð með tómt bjórglas fyrir framan sig. Það var eins og hann væri sofandi, höfuðið hékk niður á bringu og hendurnar voru krosslagðar yfir brjóstið. Hann var í skítugri, grænni kuldaúlpu með loðkraga. Baddi hafði gefið góða lýsingu á honum. Erlendur settist við borðið.

– Ert þú Alli? spurði hann en fékk ekkert svar. Hann leit í kringum sig. Dimmt var inni á staðnum og fámennt, setið við borð á stangli. Vesæll kántrísöngvari flutti tregafullt lag um glataðar ástir í hátalara fyrir ofan þá. Barþjónn á miðjum aldri sat á háum kolli innan við barborðið og las Ísfólkið.

Hann endurtók spurninguna og ýtti loks á öxlina á manninum, sem vaknaði

---

mösulbeina: magur, grindhoraður
rauðbirkinn: rauðleitur í andliti og/eða rauðhærður

og horfði á Erlend sljóum augum.

– Meiri bjór? spurði Erlendur og reyndi hvað hann gat að brosa. Það myndaðist gretta í andliti hans.

– Hver ert þú? spurði Alli sljór um augun. Hann reyndi ekki að leyna aulasvipnum.

– Ég er að leita að Evu Lind. Ég er pabbi hennar og ég er að flýta mér. Hún hringdi í mig og bað um hjálp.

– Ertu löggan? spurði Alli.

– Já, ég er löggan, sagði Erlendur.

Alli reisti sig upp í sætinu og leit flóttalega í kringum sig.

– Af hverju ertu að spyrja mig?

– Ég veit að þú þekkir Evu Lind.

– Hvernig?

– Veistu hvar hún er?

– Ætlarðu að splæsa bjór?

Erlendur horfði á hann og velti því fyrir sér andartak hvort hann væri að beita réttu aðferðinni en lét gott heita, var í tímaþröng. Hann stóð upp og gekk hröðum skrefum að barnum. Barþjónninn leit treglega upp úr Ísfólkinu, lagði bókina frá sér með eftirsjá og stóð upp af kollinum. Erlendur bað um stórt bjórglas. Hann var að þreifa eftir veskinu sínu þegar hann tók eftir að Alli var horfinn. Hann leit snöggt í kringum sig og sá útihurðina falla að stöfum. Hann skildi barþjóninn eftir með bjórglasið fullt, hljóp af stað og sá Alla á harðahlaupum í átt að **Grjótaþorpinu.**

Alli hljóp ekki mjög hratt og entist heldur ekki lengi á hlaupum. Hann leit aftur fyrir sig, sá Erlend koma á eftir sér og reyndi að herða á hlaupunum en hann var grútmáttlaus. Erlendur náði honum fljótlega og hrinti honum svo hann datt emjandi í götuna. Tvö pilluglös hrundu úr vösum hans og Erlendur tók þau upp. Sýndist það vera e-töflur. Hann reif Alla úr úlpunni og heyrði hringla í fleiri glösum. Þegar hann hafði tæmt úlpuvasana var hann kominn með álitlegan lyfjaskáp í hendur.

– Þeir … drepa … mig, sagði Alli andstuttur og stóð upp af götunni. Fátt var á ferli. Miðaldra hjón hinum megin götunnar höfðu fylgst með aðförunum en hraðað sér í burtu þegar þau sáu Erlend taka upp hvert pilluglasið á fætur öðru.

– Sama er mér, sagði Erlendur.

– Ekki taka þetta af mér. Þú veist ekki hvernig þeir eru …

– Hverjir?

Alli hímdi upp við húsvegg og var byrjaður að skæla.

– Ég er á síðasta séns, sagði hann og hor rann niður úr nefinu.

– Mér er skítsama á hvaða séns þú ert. Hvenær hittirðu Evu Lind síðast?

Alli saug upp í nefið á sér og horfði allt í einu einbeittur á Erlend eins og hann sæi undankomuleið.

– Ókei.

– Hvað?

– Ef ég segi þér frá Evu, læturðu mig þá hafa þetta aftur? spurði hann.

Erlendur hugsaði sig um.

– Ef þú veist um Evu skal ég láta þig hafa þetta. Ef þú lýgur kem ég aftur og nota þig fyrir trampólín.

– Ókei, ókei. Eva kom til mín í dag. Ef þú hittir hana þá skuldar hún mér. Böns. Ég neitaði að gefa henni meira. Ég díla ekki við óléttar stelpur.

– Nei, sagði Erlendur. Prinsippmaður eins og þú.

– Hún kom með bumbuna út í loftið og vældi í mér og var með einhver læti þegar ég neitaði að gefa henni og svo fór hún.

Grjótaþorpið: hverfi í miðbæ Reykjavíkur, rétt við Ingólfstorg

– Veistu hvert?

– Ekki hugmynd.

– Hvar býr hún?

– Tussa sem á engan pening. Mig vantar pening, skilurðu. Annars drepa þeir mig.

– Veistu hvar hún býr?

– Býr? Hvergi. Hún er bara að flækjast. Flækist um og sníkir. Heldur að hún geti bara fengið þetta frítt. Það hnussaði í Alla, fullum fyrirlitningar. Bara eins og maður geti gefið þetta. Eins og þetta sé bara gefins.

Mjúkt esshljóð myndaðist í tannlausa bilinu þegar hann talaði og hann varð allt í einu eins og stórt barn í skítugu kuldaúlpunni sinni að reyna að bera sig mannalega.

Hor var aftur byrjaður að renna niður úr nefinu.

– Hvert getur hún hafa farið? spurði Erlendur.

Alli horfði á Erlend og saug upp í nefið.

– Læturðu mig hafa þetta aftur?

– Hvar er hún?

– Fæ ég allt aftur ef ég segi þér það?

– Hvar?

– Um Evu Lind.

– Ef þú ert ekki að ljúga. Hvar er hún?

– Það var stelpa með henni.

– Hver?

– Ég veit hvar hún býr.

Erlendur steig nær honum.

– Þú færð allt aftur, sagði hann. Hvaða stelpa var það?

– Ragga. Á heima hérna rétt hjá. Á **Tryggvagötunni**. Efst í stóra húsinu á móti bryggjunni. Alli rétti hikandi fram höndina. Ókei? Þú lofaðir. Láttu mig fá þetta aftur. Þú lofaðir.

– Það er engin leið fyrir mig að láta þig hafa þetta aftur, bjáninn þinn, sagði Erlendur. Engin. Og ef ég hefði tíma til þess þá myndi ég fara með þig inn á **Hverfisgötu** og henda þér inn í klefa. Svo eitthvað græðirðu á þessu samt.

– Nei, þeir drepa mig! Ekki! Láttu mig fá þetta, plís. Láttu mig fá þetta!

Erlendur hlustaði ekki á hann, heldur gekk í burtu og skildi Alla eftir snöktandi upp við húsvegginn, blótandi sjálfum sér í sand og ösku og berjandi höfðinu utan í vegginn í máttvana reiði. Erlendur heyrði formælingarnar langar leiðir en honum til undrunar beindust þær ekki að honum heldur Alla sjálfum.

– Helvítis fífliið þitt, þú ert fífl, fífl, fífl, helvítis fífl …

Hann leit við og sá Alla gefa sjálfum sér kinnhest.

Tryggvagata: gata í miðbæ Reykjavíkur

Hverfisgötu: höfuðstöðvar lögregluembættisins í Reykjavík eru á Hverfisgötu

Lítill drengur, kannski fjögurra ára, ber að ofan í náttbuxum, berfættur með skítugt hárið, opnaði dyrnar og horfði upp til Erlendar. Hann beygði sig niður til hans en þegar hann rétti fram höndina til að strjúka drengnum um vangann kippti hann til höfðinu. Erlendur spurði hvort mamma hans væri heima en strákurinn horfði á hann rannsakandi augum og svaraði honum ekki.

– Er Eva Lind hjá þér, vinur? spurði hann strákinn.

Erlendi fannst eins og tíminn væri að renna frá sér. Um tvær klukkustundir voru síðan Eva Lind hringdi. Hann reyndi að bægja þeirri hugsun frá sér að hann væri þegar of seinn að koma henni til hjálpar. Hann reyndi að ímynda sér í hvers konar hremmingum hún væri stödd en hætti fljótlega að kvelja sjálfan sig og einbeitti sér að leitinni. Hann vissi með hverjum hún var þegar hún fór frá Alla undir kvöldið. Hann vissi að hann var að nálgast hana.

Drengurinn svaraði honum ekki. Hann tók á rás inn í íbúðina og hvarf. Erlendur elti hann en sá ekki hvert hann fór. Niðamyrkur var í íbúðinni og Erlendur þreifaði eftir ljósarofum á veggjunum til þess að kveikja. Hann fann nokkra sem ekki virkuðu þangað til hann hafði krafsað sig inn í lítið herbergi. Þar kviknaði loks á einmanalegri peru sem hékk niður úr loftinu. Þarna var ekkert gólfefni, aðeins köld steypan. Skítugar dýnur lágu hér og hvar um íbúðina og á einni þeirra lá stúlka, litlu yngri en Eva Lind, í snjáðum gallabuxum og rauðum ermalausum bol. Lítið járnbox með tveimur sprautunálum lá opið við hliðina á henni. Mjó plastslanga hringaði sig um gólfið. Tveir menn sváfu á dýnum, hvor sínum megin við hana.

Erlendur kraup niður hjá stúlkunni og stjakaði lauslega við henni en fékk engin viðbrögð. Hann lyfti undir höfuð hennar og reisti hana upp og klappaði henni létt á vangann. Það umlaði eitthvað í henni. Hann reisti sig upp, lyfti henni á lappir og reyndi að fá hana til þess að ganga um og brátt var eins og hún rankaði við sér. Hún opnaði augun. Erlendur sá eldhússtól í rökkrinu og lét hana setjast. Hún horfði á hann og höfuðið datt niður á bringu. Hann sló hana létt í andlitið og hún rankaði við sér aftur.

– Hvar er Eva Lind? spurði Erlendur.

– Eva, muldraði stúlkan.

– Þú varst með henni í dag. Hvert fór hún?

– Eva …

Hausinn datt aftur niður á bringu. Erlendur sá litla drenginn standa í herbergisdyrunum. Hann hélt á dúkku undir annarri hendinni en í hinni var hann með tóman pela sem hann rétti í átt til Erlendar. Svo stakk hann pelanum upp í sig og Erlendur heyrði hvernig hann sogaði loftið ofan í sig. Hann horfði á strákinn í dyrunum og gnísti tönnum áður en hann tók upp farsímann og hringdi eftir hjálp.

Það kom læknir með sjúkrabílnum, eins og Erlendur hafði krafist.

– Ég þarf að biðja þig að sprauta hana, sagði Erlendur.

– Sprauta? sagði læknirinn.

– Ég held að það sé heróín. Ertu með naloxon eða narcanti? Í töskunni?

– Já, ég …

– Ég verð að tala við hana. Strax. Dóttir mín er í hættu. Hún veit hvar hún er.

Læknirinn leit á stúlkuna. Og svo aftur á Erlend. Hann kinkaði kolli.

Erlendur hafði lagt stúlkuna aftur út af á dýnuna og það leið nokkur stund áður en hún fór að ranka við sér. Sjúkraflutningamennirnir stóðu yfir henni með sjúkrabörur á milli sín. Barnið var í felum inni í herberginu. Mennirnir tveir lágu enn eins og rotaðir á dýnunum.

Erlendur kraup niður hjá stúlkunni sem var að vakna smám saman til meðvitundar. Hún leit á Erlend og upp til læknisins og mannanna með sjúkrabörurnar.

– Hvað er í gangi? spurði hún lágt eins og hún væri að tala við sjálfa sig.

– Veistu um Evu Lind? spurði Erlendur.

– Evu?

– Hún var með þér í kvöld. Ég held að hún geti verið í hættu. Veistu hvert hún fór?

– Er ekki allt í lagi með Evu? spurði hún og svo leit hún í kringum sig. Hvar er Kiddi?

– Það er lítill strákur inni í herberginu þarna, sagði Erlendur. Hann bíður eftir þér. Segðu mér hvar ég get fundið Evu Lind.

– Hver ert þú?

– Pabbi hennar.

– Löggan?

– Já.

– Hún þolir þig ekki.

– Ég veit. Veistu hvar hún er?

– Hún fékk verki. Ég sagði henni að fara upp á spítala. Hún ætlaði að ganga þangað.

– Verki?

– Hún var að drepast í kúlunni.

– Hvaðan ætlaði hún að ganga? Héðan?

– Við vorum á Hlemmi.

– Hlemmi?

– Ætlaði á **Lansann**. Er hún ekki þar?

Erlendur reisti sig upp og fékk númerið á Landspítalanum hjá lækninum. Hann hringdi og fékk að vita að engin Eva Lind hefði verið skráð inn á spítalann undanfarnar klukkustundir. Engin kona á hennar aldri hefði komið þar inn. Hann fékk samband við

Lansinn: Landspítalinn við Miklubraut

fæðingardeildina og reyndi að lýsa dóttur sinni eins vel og hann gat en ljósmóðir á vakt kannaðist ekki við hana.

Hann hljóp út úr íbúðinni og ók í loftköstum upp á Hlemm. Þar var ekki nokkur maður á kreiki. Strætisvagnastöðinni var lokað á miðnætti. Hann skildi bílinn eftir og gekk hratt niður á Snorrabraut, hljóp við fót upp götuna framhjá húsunum sem tilheyrðu **Norðurmýrinni** og skimaði inn í garðana í leit að dóttur sinni. Hann byrjaði að kalla nafn hennar þegar hann nálgaðist byggingar Landspítalans, en fékk ekkert svar.

Hann fann hana loks liggjandi í blóði sínu á grasbala innan um trjágróður um fimmtíu metra frá gamla Fæðingarheimilinu. Það tók hann ekki langan tíma að hafa uppi á henni. Samt var hann of seinn. Grassvörðurinn undir henni var litaður blóði og buxur hennar voru blóði drifnar.

Erlendur kraup við hliðina á dóttur sinni og leit upp að **Fæðingarheimilinu** og sá sjálfan sig hverfa inn um dyrnar með Halldóru einn rigningardag fyrir öllum þessum árum þegar Eva Lind kom í heiminn. Ætlaði hún að deyja á þessum sama stað?

Erlendur strauk Evu um ennið, óviss um hvort hann ætti að þora að hreyfa hana.

Hann hélt að hún væri komin sjö mánuði á leið.

Umræður/Verkefni

1. Hvaða áhrifum haldið þið að höfundur ætli að ná með því að hafa drenginn í þessum kafla?
2. Hvað er gefið í skyn með viðbrögðum litla drengsins þegar Erlendur ætlar að strjúka honum um vangann?
3. Hvaða hugmyndir haldið þið að fólkið sem Erlendur talar við í leit sinni að Evu Lind hafi um hann? Vísið í söguna máli ykkar til stuðnings.
4. Hvernig kemur Erlendur ykkur fyrir sjónir? Vísið í söguna máli ykkar til stuðnings.
5. Erlendur fer um undirheima Reykjavíkur í leit sinni að Evu Lind. Lýsið sögusviðinu. Er þessi mynd í samræmi við það sem þið hafið heyrt eða lesið um?
6. Hvernig er hægt að lýsa stíl Arnaldar sem rithöfundar? Er hann einfaldur eða flókinn? Berið stílinn saman við stíl Péturs Gunnarssonar í textunum í þessari bók. Væri hægt að skrifa alvarlega og spennandi glæpasögu með því að nota stíl Péturs?

Norðurmýrin: hverfi í Reykjavík, austan við Landspítalann
Fæðingarheimilið: Húsið á horni Eiríksgötu og Þorfinnsgötu í Reykjavík

Yrsa Sigurðardóttir (1963)

Ég man þig (brot)

Hjónin Katrín og Garðar eru stödd á Hesteyri á Hornströndum ásamt Líf vinkonu sinni en Einar maður hennar er nýlátinn. Þau hafa keypt gamalt, yfirgefið hús og ætla að gera það upp og reka þar gistiheimili. Á Hesteyri hefur enginn búið árum saman.

3. kafli

…

Katrín hagræddi sér á pallinum og reyndi að koma auga á Garðar og Líf í hlíðinni vestur af byggðinni en sá illa fyrir þurri, dauðri hvönninni frá liðnu sumri. Það var erfitt að greina nokkuð í gegnum gulnaðar plönturnar og engin leið að sjá alla leið upp á topp. Garðar hafði sagt að brekkan virtist þægilega aflíðandi langleiðina upp en þar tæki við slétta sem næði nánast yfir í næsta fjörð fyrir norðan. En Katrín sá einungis hluta af brekkunni sjálfri og brúnina var engin leið að koma auga á. Hana grunaði að Garðar hefði ekki haft mikið fyrir sér þegar hann lýsti aðstæðum. Það fór of vel um hana til þess að hún hefði sig á fætur til að skima eftir þeim. Þau hlytu líka að koma von bráðar. Hún gerði sér ekki fyllilega grein fyrir hversu langt var síðan þau lögðu af stað, það

voru mörg ár síðan hún hætti að ganga með armbandsúr, lét klukkuna á farsímanum nægja. En rafhlaða símans var of dýrmæt til þess að hafa kveikt á honum. Þau höfðu hinsvegar verið svo lengi í burtu að hún var dauðfegin að hafa ekki farið með þeim. Skipstjórinn hafði sagt að það væri GSM-samband uppi á brúninni en kannski var jafn mikið að marka það og söguna af hjólbörunum. Ef til vill þurfti að ganga miklu lengra í leit að góðum móttökuskilyrðum þarna efra. Það hefði gert út af við hana að þurfa að þramma þar fram og aftur, auk þess sem Garðar var einfær um að spyrja fasteignasalann hvort kassar, sem þau höfðu fundið í húsinu, tilheyrðu þeim eða dánarbúinu. Katrínu fannst óþarfi hjá Garðari að vera að standa í þessu, sérstaklega í ljósi þess að það varð að vera eitthvert rafmagn á símunum ef óveður brysti á eða þau þyrftu á neyðaraðstoð að halda, en það varð engu tauti við hann komið þegar hann beit eitthvað í sig. Hún hafði því ekki hreyft mótmælum. Meira að segja þegar Líf, sem var of slöpp til að leggja þeim lið við framkvæmdirnar, sagðist ætla að skella sér með hafði Katrín setið á sér þótt hana langaði mest af öllu til þess að segja að henni væri nær að reyna að mála eitthvað. Ástæðan fyrir því að Líf vildi ólm skálma af stað með Garðari var líklega sú að hún vissi vel að Katrín fyndi handa henni verkefni um leið og þær yrðu orðnar tvær einar. Katrín var ekki alveg jafn aumingjagóð og Garðar sem hafði sagt Líf um morguninn að hún skyldi bara hvíla sig þangað til hún yrði hressari.

Katrín rýndi aftur í gegnum gulnað gróðurhafið í von um að sjá til ferða þeirra. Kannski hafði eitthvað komið fyrir, hvorugt var vant fjallgöngum og Líf hálfgerður hrakfallabálkur í þokkabót. Hún brosti með sjálfri sér. Auðvitað var allt í lagi með þau. Hvað gat svo sem komið fyrir? Hér var enginn nema þau þrjú og fyrir utan fuglana virtist gráleit tófa eina lifandi veran sem bjó á svæðinu. Lágfóta hafði fylgst álengdar með þeim í flutningunum kvöldið áður en ekkert hafði borið á henni í dag, nærvera Putta eflaust hrætt hana á brott. Eftir að Garðar og Líf lögðu af stað var Katrín því sem næst ein í heiminum þar sem blessaður hundurinn hafði látið tilleiðast að fara með þeim þrátt fyrir að stuttir fætur hans virtust vart nógu burðugir til þess að klífa fjöll. Þetta var í fyrsta sinn sem hún hafði upplifað svona fullkomna einsemd og henni fannst umhverfið og mannlaust húsið að baki sér þrúgandi. Því hefði hún tekið félagsskap tófunnar fagnandi. Hana var hinsvegar hvergi að sjá eða heyra. Katrín hafði ekki hugmynd um hvort refir væru aðallega á ferli um nætur eða í dagsbirtu. Hún vonaði að dýrið léti sjá sig en helst vildi hún fá Garðar til sín aftur – og Líf auðvitað líka. Katrín brölti á fætur en þótt hlíðin blasti nú að mestu við henni sá hún þau hvergi. Það sagði svo sem ekki neitt, þau voru bæði klædd í föt í jarðlitum svo þau féllu inn í snjólaust vetrarlandslagið. Hún skimaði eftir hreyfingu á slóðanum sem þau höfðu gengið eftir. Þá heyrði hún allt í einu marra í húsinu að baki sér. Katrínu rann kalt vatn milli skinns og hörunds og hún færði sig ósjálfrátt aðeins fjær. Hana langaði mest að hlaupa af

stað upp í hlíðina þar sem þau hlytu að vera. Svo slakaði hún á jafn skyndilega og hún hafði spennst upp.

Asni gat hún verið. Þetta var eldgamalt hús. Ekkert óeðlilegt við stöku hljóð. Hitaþensla í timbrinu í sólinni. Hún var bara svo óvön þessari þrúgandi þögn. Samt æpti hún upp yfir sig þegar gripið var þéttingsfast um axlir hennar. „Bú!"

„Hálfviti!" Katrín hratt höndum Garðars frá sér og stappaði niður fæti af bræði. „Ég hefði getað fengið hjartaáfall." Hún hafði aldrei þolað að vera brugðið á þennan hátt, allt frá blautu barnsbeini, og reiðin út í Garðar beindist einnig að öllum þeim sem höfðu gert henni sama grikk í gegnum árin. „Ég þoli ekki þegar þú gerir þetta."

Garðar kippti að sér höndunum undrandi. „Sorrí. Ég vissi ekki að þér myndi bregða svona." Svipurinn lýsti mikilli iðrun og Katrín minntist allra þeirra málara sem höfðu fangað sömu svipbrigði í ódauðlegum listaverkum.

„Mér brá bara svo hrikalega." Hún brosti afsakandi. „Þú ert enginn hálfviti. Ég réð bara ekki við mig." Garðar var eins og særður krakki og hún fékk smá sting í hjartað þegar það rifjaðist upp fyrir henni hvað hann var orðinn viðkvæmur eftir langvarandi atvinnuleysi. „Ég var nýstaðin upp í von um að sjá ykkur í hlíðinni og átti alls ekki von á að þú kæmir svona aftan að mér." Líklega hafði Garðar valdið brestinum þegar hann gekk í gegnum húsið áðan. Það leyndi sér ekki að ótal gólffjalir voru lausar eða þreyttar og minntu á sig í hvert sinn sem stigið var á þær. „En ég er hrikalega fegin að þú ert kominn. Hvar er Líf?"

Það var eins og Garðar væri að gera upp við sig hvort hann ætti að erfa þetta við hana eða láta gott heita en ákvað svo að taka gleði sína á ný. Hann brosti og strauk henni um hárið og það örlaði á gamla góða Garðari; Garðari sem var á hraðri uppleið innan eins stærsta fjárfestingarfyrirtækis landsins; Garðari sem lífið lék við; Garðari sem hún hafði fallið fyrir. „Hún fór inn. Ætlaði að finna til einhvern mat handa okkur." Hann kyssti hana á kinnina. „Ég ætlaði ekkert að koma aftan að þér, ég áttaði mig bara ekki á því hvað þú ert snör í snúningum."

„Ha?" Katrín skildi ekki hvert hann var að fara. „Ég er eins og snigill, rétt kemst úr sporunum fyrir strengjum."

„Það var þá snigill. Við sáum glitta í þig fyrir framan húsið en þegar ég var loks kominn skaustu inn á þvílíkum hraða að mér datt einna helst í hug að það væri kviknað í." Garðar kyssti hana á kalda kinnina. „Ég elti bara og fann þig svo standandi fyrir aftan hús. Hvað gekk eiginlega á?"

Katrín setti í brýnnar. „Ég var ekkert fyrir framan hús. Ég kláraði að mála vegginn og fékk mér svo frískt loft hérna úti á palli og svipaðist um eftir ykkur. Hefur ykkur ekki bara missýnst?"

Garðar yppti öxlum en virtist sjálfur jafn hissa á skýringum Katrínar og hún á frá-

sögn hans. „Það hlýtur bara að vera. Hefur einhver komið hingað síðan við fórum? Bátur eða eitthvað?"

Katrín hristi höfuðið. „Misstum við eitthvað í gær sem vindurinn hefur feykt til? Gæti þetta hafa verið flík eða teppi? Sólin er svo lágt á lofti að það er erfitt að greina nokkuð almennilega. Þetta hefur örugglega verið eitthvert lauslegt drasl. Kannski tófan."

„Kannski." Hann spyrnti laust í sjúskaðan pallinn. „Ég þarf að gera við þetta. Það er sama hvert litið er, maður kemur alltaf auga á einhver verkefni."

„Það þarf að minnsta kosti ekki að eiga frekar við vegginn minn." Katrín brosti breitt. „Hann er klár fyrir fyrstu gestina, hvítur og flottur." Hún var fegin því að hann skyldi víkja talinu að öðru. Hana langaði ekki að velta frekar fyrir sér hvað Garðar og Líf hefðu séð eða ekki séð. Tilhugsunin um að einhver annar væri á svæðinu var fáránleg og í þokkabót óþægileg. Þau voru bara óvön kyrrðinni og mannlausu umhverfinu. „Ætli sé ekki best að ég taki næsta vegg á meðan enn er bjart." Þá mundi hún eftir erindi Garðars upp á fjallið. „Hvað sagði fasteignasalinn? Náðirðu sambandi?"

„Hann svaraði ekki. Kannski er betra að reyna í lok vinnudags, hann gæti verið úti í bæ að sýna eignir eða upptekinn annars staðar." Garðar leit aftur fyrir sig að húsinu. „Við kíkjum bara í kassana og ef þetta er augljóslega drasl þá látum við það bara gossa. Annars flytjum við þetta með okkur til baka ef við náum ekki í manninn. Ég efast um að ég nenni að fara endalausar ferðir þarna upp eftir til að reyna að ná í hann. Minna vesen hreinlega að bera dótið niður á bryggju þegar við förum."

Katrín stundi. „Ekki minnast á burð í mín eyru." Hún hallaði sér upp að Garðari, vafði báðum höndum um hann miðjan og flutti líkamsþungann yfir á hann. „Kannski verðurðu að bera mig. Ég er verri en ég var í morgun."

„Ekki í dag, svo mikið er víst. Þú ert ekki ein um að vera með harðsperrur." Hann kyssti hana á kollinn, að því er virtist fremur annars hugar, og rétti svo úr sér. „Ég er að deyja úr hungri. Eigum við ekki að fá okkur eitthvað af þessum frábæru vistum okkar sem Líf er að reiða fram?"

Tilhugsunin um niðursuðumat, brauðið og annað sem þau höfðu keypt til ferðarinnar vakti með henni takmarkaða lyst. „Mig langar ógeðslega mikið í pitsu."

Garðar brosti dræmt. „Ekki í boði." Hann losaði tak hennar og gerði sig líklegan til að halda inn. „Ég nenni allavega ekki aftur upp á fjallið til að panta hana. Komdu, fáum okkur brauð meðan það er enn til þess að gera nýtt. Ég býð ekki í það hvernig þetta verður hjá okkur síðustu dagana og um að gera að njóta þess að geta borðað annað en núðlusúpur í öll mál."

Gegnum eldhúsgluggann sáu þau hvar Líf sýslaði eitthvað meðan hún masaði við sjálfa sig eða hundinn. Katrín spurði sjálfa sig hvort sú ákvörðun hennar að fá sér gæludýr hefði haft eitthvað með einmitt þetta að gera; eftir að Einar dó hafði Líf auð-

vitað engan til að tala við heima fyrir sem hlaut að vera erfitt. Hún færði hönd sína inn í lófa Garðars og fléttaði fingur sína utan um þétta og sterklega fingur hans. Þótt þau hefðu nú verið saman í rúm fimm ár komu enn fyrir stundir þar sem hún undraði sig á því hvernig það æxlaðist. Eftir að hafa verið skólafélagar gegnum hálfan grunnskólann og allan menntaskólann hafði hann aldrei sýnt henni neinn áhuga og hún því orðið að láta sér nægja að dást að honum úr fjarlægð og láta sig dreyma. Hann hafði verið hluti af klíku sem hún átti enga innkomu inn í, fallega og klára fólkið á uppleið átti lítið sameiginlegt með ungri konu sem var hvorki fegurðardrottning né neitt sérstaklega klár. Sá heimur var Garðars, Lífar og Einars og fleiri sem lífið stjanaði við á alla enda og kanta. En þótt hún væri ósköp venjuleg útlits, þyrfti að berjast við aukakílóin og hafa mikið fyrir náminu hafði Garðar svifið á hana á skemmtistað niðri í bæ tveimur árum eftir að leiðir skildi og eftir það varð ekki aftur snúið. Sama kvöld höfðu Líf og Einar parað sig saman og einmitt vegna þessarar tengingar fékk Katrín alltaf smá gæsahúð við tilhugsunina um að nú væri Einar allur og Líf orðin ekkja. Hún varð reglulega að minna sig á að hennar biðu ekki sömu örlög þó að sambönd þeirra hefðu hafist á sama sólarhringnum.

Garðar losaði takið sem hún hafði á hendi hans og settist á pallinn. Á meðan hann fór úr skónum, sem hann sagði vera gróna við fæturna á sér, kom Katrín sér inn til Lífar. Hún fann hana í eldhúsinu þar sem þau geymdu matinn, þótt þar væri hvorki ísskápur né rennandi vatn. Þar var að vísu vaskur sem Garðar sagðist halda að fengi vatn úr læknum en ekkert þeirra hafði hugmynd um hvernig koma átti rennslinu í gang. Líf sneri baki í hana þar sem hún skar brauð á **orpnu** brauðbretti sem hafði fundist í einni skúffunni. Brettið barðist í borðplötuna við hverja hreyfingu hnífsins. Katrín tók sér

---

orpinn: skakkur

stöðu í gættinni og varð að brýna röddina til að yfirgnæfa skellina.

„Hvernig var?"

Nú var komið að Líf að bregða. Hún gaf frá sér lítið hróp og rétti snöggt úr sér meðan brettið vaggaði á borðplötunni. Svo sneri hún sér við með hnífinn flatan upp að bringunni en þangað hafði hönd hennar leitað í geðshræringunni. „Djísus."

Katrín dauðsá eftir að hafa ekki farið varlegar að henni. Allur pirringurinn út í Líf fyrir að draga lappirnar við verkin rauk út í veður og vind. „Guð, fyrirgefðu. Ég hélt þú hefðir orðið mín vör."

Líf leyfði sér að ná andanum áður en hún brosti og tók til máls. „Þetta er ekki þér að kenna." Hún lét hnífinn falla og blés frá sér. „Ég hef verið hálfhvekkt síðan Einar dó. Þá kunni ég ekki að vera ein, en nú kann ég ekki að vera í félagsskap með öðrum." Hún brosti aftur. „Hálffúlt."

„Ég get ímyndað mér það." Katrín hafði ekki hugmynd um hvernig hún ætti að bregðast við. Líf var miklu opnari en hún og hafði margsinnis reynt að ræða lát Einars við hana en Katrín fór alltaf í baklás af ótta við að virka of köld, óeðlilega hlý eða einhvern veginn asnaleg. Þetta var auðvitað óþolandi og það gat ekki annað verið en að Líf hefði tekið eftir því hversu fimlega henni tókst yfirleitt að koma sér hjá því að ræða um fráfall Einars. Garðar var á hinn bóginn frábær, það hafði komið henni á óvart að hann var eins og fiskur í vatni þegar kom að því að umgangast hina grátbólgnu Líf eftir mesta áfallið. Kannski vegna þess hve nánir þeir höfðu verið, bestu vinir síðan í barnaskóla og missir hans því mikill. Katrín tók eldsnöggt ákvörðun um að láta ekki eins og aumingi. Þær áttu eftir að búa saman næstu vikuna og ekki hægt að skauta algjörlega hjá umræðuefninu eða láta Garðar einan um að taka undir þegar lát Einars bar á góma. „Þetta hlýtur að hafa verið ömurlegur tími. Er það auðvitað enn."

„Eiginlega." Líf sneri sér aftur að brauðinu og tók til við að skera fleiri sneiðar. „Vissir þú að kona á Hesteyri horfði á eiginmann sinn og son drukkna hérna fyrir utan?"

„Nei." Katrín vissi ekkert um svæðið og ef þessi saga var dæmigerð um lífið hér þá hafði hún takmarkaðan áhuga á að fræðast um það. Allavega á meðan þau væru á staðnum.

„Hún gifti sig aftur og sá maður fór líka í sjóinn." Líf sneri sér aftur að Katrínu með niðursneitt brauðið í höndunum. „Mínar sorgir fölna í samanburði við það."

„Manni líður svo sem ekkert betur þótt öðrum líði enn verr."

„Nei. Það hjálpar bara að vita að aðrir hafi tekist á við erfiðari hluti og haft það af." Hún lagði brauðið á lítið eldhúsborð sem hafði fylgt húsinu og setti að því búnu hendur á mjaðmir og horfði yfir veitingarnar mátulega ánægð með árangurinn. „Ég skil ekki hvað varð af skinkunni. Við keyptum örugglega nokkra pakka." Hún leit á Katrínu. „Ógeðslega flott máltíð samt. Ertu ekki sammála?" Hún teygði sig í pakka af sneiddum

osti og lagði hann við hliðina á brauðinu.

Katrín kinkaði kolli. „Meiriháttar." Hún brosti til Lífar. „Spurning hvort við bætum ekki matsölustað við þessa gistihúshugmynd."

Garðar haltraði inn. „Ég er að drepast í fótunum. Þessir skór eru algjört drasl. Ekkert skrýtið að þeir voru á útsölu."

„Það verður að ganga svona skó til áður en maður leggur í fjallgöngu, asninn þinn." Líf hristi hausinn. „Meira að segja ég vissi það." Hún rétti Putta smá sneið af lifrarpylsu sem hann tók í kjaftinn og bar út í horn þar sem hann lagðist svo með hana og át.

„Takk fyrir að segja mér það núna." Garðar settist varlega á lúinn stól meðan þær fylgdust spenntar með hvort skriflið þyldi hann. Þær brostu hvor til annarrar þegar hann féll ekki í gólfið.

Lúinn ketill frá fyrri eiganda stóð á hellu á gamaldags **kamínu**. „Ætli það sé hægt að brenna hvönn í þessari maskínu?" spurði Katrín og opnaði hólfið undir hellunni. Hún starði inn í svart tómið sem lyktaði af ösku. „Ég væri alveg til í kaffi en það er líklega óþarfi að splæsa eldiviðnum okkar í það."

„Ég bara veit það ekki. Kannski ef maður þjappar henni saman." Garðar rétti úr berum fótunum og hreyfði tærnar til og frá. „Kannski brennur hún of hratt upp til að hægt sé að ná upp suðu. En það má alveg reyna." Hann smurði sér brauðsneið. „En það er samt ekki séns að ég sé á leiðinni aftur í þessa skó til að safna brenni. Ekki núna." Hann starði á gólfið við vegginn innst í eldhúsinu. „Hvað er að sjá gólfið þarna?"

Þær litu á staðinn sem hafði vakið áhuga hans og Líf yppti öxlum. „Blettur, ekkert merkilegt. Þetta er gamalt hús, manstu?" Stór óreglulegur flekkur litaði viðargólfið á mótum þess og veggjarins.

„Gólfið er nýtt. Fyrri eigandi lagði þetta parket, gamla gólfið eflaust verið of illa farið til þess að hægt væri að bjarga því en það er samt ekki alveg búið." Garðar setti í brýnnar.

„Enn eitt helvítið sem við þurfum að laga. Kannski að parketlisti hylji þetta."

Katrín leit af blettinum, var í augnablikinu áhugalaus um frekari viðgerðir. „Ég fer. Mig langar meira í kaffi en eitthvað að borða." Katrín batt þykka jakkapeysuna þéttar að sér. „Hvönnin er út um allt hérna svo ég verð enga stund." Hún kippti katlinum með sér. Það var reyndar enn vatn í balanum sem þau höfðu fyllt kvöldið áður og borið í sameiningu upp í hús en vissara var að skola ketilinn áður en þau færu að drekka úr honum. Til öryggis bað hún Garðar að kíkja ofan í ketilinn og athuga hvort þar væri nokkuð dauð mús eða annað ógeð.

Katrín gekk fram dimman, þröngan ganginn að bakdyrunum. Sólin var enn á sínum stað en það virtist hafa kólnað, kannski aðallega af því að það hafði bætt í vindinn. Katrín velti því fyrir sér að hætta bara við en löngunin í kaffi náði aftur yfirhöndinni.

---

kamína: lokaður ofn þar sem brenndur er t.d. viður og pappír

Það var enn kaldara við lækinn. Katrínu sveið í fingurna þegar hún sökkti katlinum aftur og aftur ofan í strauminn. Hún sat á hækjum sér með annan fótinn á steini í miðjum læknum og hinn á gegnsósa bakkanum. Það mátti ekki miklu muna að hún missti jafnvægið og félli aftur fyrir sig ofan í vatnið. Tilhugsunin ein dugði til að þess að hún taldi ketilinn vera orðinn alveg nógu hreinan. Hún fyllti hann og dáðist um leið að fegurð vatnsins sem rann fyrir augum hennar. Það var ekki hægt að ímynda sér neitt hreinna en glitrandi yfirborðið, eins og lækurinn væri úr fljótandi **eðalmálmi**. Hún sá spegilmynd sína í lifandi vatninu og þakkaði guði fyrir gárurnar, hún hafði engan sérstakan áhuga á að dást að málningarslettunum í andliti sínu og hári. Ketillinn fylltist og Katrín rétti úr sér. Þar sem hún gætti þess að hella ekki úr honum fékk hún ekki betur séð í spegli vatnsins en að einhver stæði fyrir aftan hana.

„Líf? Garðar?" Katrín sneri höfðinu varlega til að missa ekki jafnvægið. Við augum blasti aðeins aflíðandi landið sem lækurinn skar í tvennt á leið sinni út í sjó. Hún hristi höfuðið yfir ruglinu í sér. Auðvitað var Líf enn í eldhúsinu að leita að skinkunni og Garðar berfættur að barma sér yfir hælsærinu. Hann var að auki ekki svo mikill asni að fara að gera henni bilt við á nýjan leik. Hún leit aftur ofan í lækinn og sá hið sama og fyrr, skældar og skakkar útlínur sjálfrar sín en einnig útlínur einhvers annars rétt aftan við hana. Það var engin leið að greina hvað þetta var eða hvað olli þessari **tálsýn**. Hún leit aftur við en það var ekkert að sjá frekar en í fyrra skiptið. Þetta hlaut að vera sólin að leika á hana á einhvern undarlegan hátt sem hún var of þreytt til að skilja. Kannski var þetta eitthvað ofan í læknum en ekki fyrir aftan hana, annars konar möl í botninum eða vatnagróður að vakna til lífsins. Hún sleit sig frá þessari gátu, enda fengi hún ekki kaffi með þessu áframhaldi.

Þegar hún var komin aftur að húsinu lagði hún ketilinn varlega á skakkan pallinn til að hann ylti ekki um koll og sneri sér að hvönninni í óræktinni. Meðan hún togaði og sleit upp fyrstu skrælnuðu hvönnina mundi hún allt í einu eftir nemanda sem hafði kvatt hana fremur niðurlútur í lok síðasta skóladagsins fyrir vetrarfríið. Drengurinn var lítill eftir aldri og átti erfitt uppdráttar í bekknum. Það var að vísu algengt á fyrsta skólaári en þessi myndi seint falla inn í hópinn. Pilturinn var gullfallegur, ljós yfirlitum og stóreygur og þegar hann kom inn í skólastofuna, klæddur í úlpuna sína og með alltof stóra töskuna á grönnu bakinu voru það einmitt augun sem fönguðu athygli hennar. Úr þeim skein depurð sem virtist svo djúpstæð að hún gat með engu móti tengst tíðindalausum skóladeginum. „Ekki fara, Katrín." Hún hafði lagt pennann frá sér ofan á klossaða stafi í vinnubók skólasystur hans, sem hún var að fara yfir, og brosað vinalega til hans. „Hvað meinarðu? Ég er ekkert á heimleið strax. Ég á eftir að vinna svolítið." Drengurinn stóð í sömu sporum og greip smáum höndum um axlarólar töskunnar. „Ekki fara á vonda staðinn. Þú kemur ekki aftur." Katrín hafði þá velt fyrir sér hvort hann

---

eðalmálmur: góðmálmur; gull, silfur, platína
tálsýn: blekking

væri veikur og með óráði en fölar kinnarnar bentu ekki til þess að hann væri með hita. „Ég er alls ekki að fara á neinn vondan stað. Mér leiðast þeir og vil bara vera þar sem allt er gott." Drengurinn hafði staðið áfram sem frosinn, opnaði raunar munninn hálfvegis svo að skein í skjannahvítar, of stórar fullorðinsframtennurnar tvær í efri góm. Svo sagði hann með sama trega í röddinni: „Ekki fara í húsið. Þú kemur ekki aftur." Svo snerist hann á hæli og gekk út úr stofunni án þess að Katrínu dytti í hug að segja nokkuð gáfulegt. Hann var löngu búinn að loka á eftir sér þegar hún áttaði sig á því að hún hafði ekki minnst einu orði á fyrirhugaða ferð í fríinu við bekkinn. Kannski hafði þetta stutta en undarlega samtal haft meiri áhrif á hana en hún vildi viðurkenna og var kannski rótin að því hve illa henni gekk að taka staðinn í sátt.

Katrín einbeitti sér að hvönninni. Hún ætlaði ekki að láta ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur. Þetta var draumur Garðars, að minnsta kosti í augnablikinu, og óþarfi að valda honum og sjálfri sér hugarangri með einhverri endaleysu. Hún sleit upp hverja dauða plöntuna á fætur annarri og var enga stund að fylla fangið. Það myndi þó duga skammt ef það ætti að þjappa þessu saman svo að hún setti hrúguna við hlið ketilsins og sótti meira. Hún færði sig fjær húsinu og fylgdi troðningi sem virtist liggja í gegnum óræktina. Hún var búin að safna allnokkru til viðbótar þegar eitthvað skjannahvítt vakti athygli hennar ofan í djúpri dæld. Óræktin ofan í **skvompunni** var enn meiri en annars staðar og til að sjá betur varð Katrín að beygja sig niður og ýta visnuðum stráum og dauðu illgresi frá. Svo hrökklaðist hún aftur á bak og missti um leið hvönnina sem henni hafði tekist að safna saman. Hvað í andskotanum var í gangi? „Garðar! Líf! Komiði! Þið verðið að sjá þetta!"

Umræður/Verkefni

1. Lýsið sögusviðinu eins nákvæmlega og þið getið.
2. Af hverju ætli höfundur hafi valið þetta sögusvið? Hefði annað sögusvið haft sömu áhrif?
3. Hver er sögumaður og hvert er sjónarhorn hans?
4. Segið frá Katrínu. Hvernig persóna virðist ykkur hún vera? Rökstyðjið.
5. Það er áhrifamikið þegar Garðar gerir Katrínu bilt við (bregður henni) í fyrsta skipti. Málsgreinarnar þar á undan eru flestar rólegar og afslappaðar lýsingar á einveru hennar. Hvaða áhrif hefur þetta á lesandann? Eru lýsingarnar nauðsynlegar? Hvers vegna, hvers vegna ekki?
6. Hvað haldið þið að Katrín hafi séð í óræktinni ofan í skvompunni?
7. Hvernig vekur höfundur spennu og dulúð? Vísið í söguna máli ykkar til stuðnings.

---

skvompa: hola, laut

Örsögur

Örsögur eru eins og nafnið gefur til kynna örstuttar. Þær greina frá einu atviki eða einu augnabliki, oft á ljóðrænan hátt. Þær eru svipaðar smásögum að því leyti að í þeim er lítið sem ekkert um persónulýsingar og lítil atburðarás. Þó gerist heilmikið. Mörk upphafs, miðju og endis eru oft óljós enda eru örsögur stundum bara ein efnisgrein. Í stuttu máli má segja að örsaga sé lík ljósmynd sem sýnir afmarkað augnablik. Stundum getur verið erfitt að greina á milli smásögu og örsögu en mörkin á milli örsögu og prósaljóðs eru enn óljósari. Prósaljóðið er þó venjulega óbundnara atburðarás og tíma og oftast er meira um myndmál í því.

Guðrún Eva Mínervudóttir (1976)

Úr Albúmi (brot)

Það var vetur og Þórður fóstri minn hafði tekið að sér að gefa hrossum kunningja síns sem var í útlöndum. Ég fékk að fara með og við ókum í myrkrinu þar til við komum í hesthúsahverfið. Þar var mikið um að vera, hlæjandi hestafólk í lopapeysum og ilmandi hestar með froststrókinn úr nösunum. Þórður spjallaði við fólkið og ég notaði tækifærið til að æfa mig í loftfimleikum á járngrindunum umhverfis réttina. Ég sveiflaði mér glæsilega í kringum efri stöngina í grindinni og rak um leið höfuðið í og þrír blóðdropar láku niður í snjóinn. Það var fallegt. Samt skammaðist ég mín fyrir klaufaskapinn innan um allt þetta hrausta fólk og stæðilegu skepnur, svo ég setti hettuna yfir hausinn á mér og enginn tók eftir neinu. Ekki fyrr en við komum heim og mamma tók mig úr úlpunni og æpti þegar hún sá glóðaraugað en ég hljóp að speglinum og dáðist að litbrigðunum.

…

Ég átti vaðstígvél úr plasti sem ég var dálítið stolt af. Blái liturinn á þeim var konunglegri en allt konunglegt og þau glönsuðu eins og blautt malbik. Enginn annar átti svona stígvél. Ég var á leiðinni út í búð til að kaupa fiskbúðing þegar ég hitti tvo stráka sem fóru strax að dást að stígvélunum og af því að fjaran var svo mikil að hægt var að ganga þurrum fótum yfir leirurnar heim að rótum Esju gömlu ákváðum við að nota tækifærið og fara yfir. Það er ekki alltaf sem hægt er að ganga á hafsbotni, sögðum við hvert við annað og töltum léttstíg niður eftir. Við vorum rétt komin út

á þessa glampandi breiðu af fíngerðum sandi þegar annar strákurinn sökk í sandinn upp að hné með annan fótinn og með hinn fótinn upp að miðju læri. Hann hló og rykkti sér til og frá til að losa sig en sökk þá með báða fætur alveg upp að mjöðmum. Við strákurinn toguðum í handleggina á honum en leiran vildi ekki sleppa og hann var kominn með tár í augun og skeifu á munninn. Ég fór aðeins of nálægt og leiran gleypti annað stígvélið. Þá sáum við glitta í eitthvað rautt á malarveginum meðfram fjörunni og lausi strákurinn þaut eins og píla í áttina að því en ég lá á maganum og hélt í hendurnar á fasta stráknum og tárin spýttust úr augunum á honum og hann bað mig aftur og aftur að fara ekki, eins og biluð grammófónsplata. Tvær eilífðir liðu og hann var sokkinn upp að brjósti þegar hinn kom loksins hlaupandi með anorakks-klæddan útlending í eftirdragi. He is fast, sögðum við, eins og það væri ekki augljóst að vinur okkar var að drukkna í sandi. Útlendingurinn fór létt með að draga hann upp og við sögðum thank you og fórum heim, strákurinn hágrátandi af því að hann hafði næstum því dáið og ég haltrandi á einu stígvéli. Við fylgdum honum heim og mamma hans kyssti okkur ekki fyrir að hafa bjargað honum heldur horfði á okkur eins og við værum glæpalýður. Ég fór beint út í búð því mér fannst ekki hægt að koma heim á aðeins einu stígvéli og þar að auki með engan fiskbúðing.

Umræður/Verkefni

1. Þessar sögur byggjast á endurminningum. Reynið þið nú fyrir ykkur og skrifið a.m.k. tvær stuttar en ólíkar frásagnir þar sem þið rifjið upp atvik úr bernsku ykkar. Reynið að lýsa mismunandi tilfinningum og minningum í hvorri frásögn fyrir sig. Segið frá í 1. persónu. Skoðið það sem sagt er um örsögur hér að framan og hafið það til hliðsjónar.
2. Hvað eiga sögurnar sameiginlegt annað en að byggjast á endurminningum? Hugið bæði að efni, hugblæ og stíl.
3. Höfundur notast í þessum sögum við langar og flæðandi setningar. Hvaða áhrif hefur þetta á lesturinn og stemninguna?

Elísabet Jökulsdóttir (1958)

Sængurverafiðrið

Unglingsstelpan var viss um að inní ástinni væri allt sem hún leitaði að og að ástin skipti öllu máli í lífinu. En það var sama hvað hún leitaði, hún fann hvergi ástina svo hún ráfaði um stræti og torg og ráfaði loks út í kirkjugarð og á einu leiðinu fann hún rósótt sængurver. Hún skreið inní sængurverið og steinsofnaði og vaknaði í svarta myrkri og úr myrkrinu þyrlaðist hvítt fiður. Þá vissi hún að hún var inní ástinni og að ástin var hlý, mjúk og kitlandi.

Lúðrasveit Ellu Stínu 1996

Umræður/Verkefni

1. Hvers konar myndmál má finna í þessari sögu? Við hvað er ástinni líkt?
2. „ og að ástin skipti öllu máli í lífinu". Finnst ykkur þetta vera rétt? Hvers vegna/ hvers vegna ekki?
3. Hvaða andstæður eru í sögunni? Skipta þær máli fyrir söguna? Rökstyðjið svarið.
4. Hvers vegna ætli höfundur hafi notað unglingsstúlku í söguna?
5. Skoðið lýsingarorðin í sögunni og veltið fyrir ykkur hvaða áhrif þau hafa á hana.
6. Skrifið örsögu, hugleiðingu eða ljóð um ástina.?

Sárabótabarnið

Einu sinni var barn sem átti óaðfinnanlega foreldra að því leyti að þau voru stöðugt að gefa barninu sínu eitthvað í sárabætur. Samt sáust aldrei neinir plástrar utan á þessu sárabótabarni. Barnið tók sárabótunum fegins hendi, varð að lokum illa haldið af græðgi sem birtist í upphöfnum sjálfspíningarsvip á andlitinu. Í sögulok er skylt að geta þess að þegar barnið komst á fullorðinsár varð sú tilfinning þrálát að lífið skuldaði því eitthvað.

Galdrabók Ellu Stínu. Hjartasögur. 1998

Umræður/Verkefni

1. Hvað er sárabótabarn samkvæmt þessari örsögu?
2. Hvers vegna finnst því að lífið skuldi því eitthvað?

Vinnukonan

Nútímakonan kom þjótandi inn úr dyrunum og það hljómaði einsog hugur fylgdi máli þegar hún sagðist verða að gera eitthvað fyrir sjálfa sig en hún vissi ekkert hver hún var svo það var ósköp lítið sem hún gat gert nema þotið í ljós, í nudd, í reiki, í heilun, í háskólann, í ættfræði, í indíánagufubað, í sálfræðitíma, í litgreiningu, í jóga, í leirinn, í líkamsrækt, í kór, í flísgalla eftir laugaveginum og í gúmmíbát niður hvítá og allt þetta sem allir eru að gera því þeir vita ekki hverjir þeir eru. Hún var að sökkva upp fyrir haus ofan í mógröf þegar hún reif sig upp og er nú eins og þeytipíka um allt, leitandi að því eins og logandi ljósi hvernig hún geti slökkt á sér.

Lúðrasveit Ellu Stínu 1996

Umræður/Verkefni

1. Dragið djúpt andann og prófið að lesa fyrstu málsgreinina í örsögunni í einum rykk. Hvaða áhrif hafa þessar löngu og óðamála setningar á það hvernig við upplifum söguna?
2. Hvað er höfundurinn að benda okkur á í þessari sögu?
3. Höfundur telur upp ótal afþreyingu fyrir þá sem vita ekki hverjir þeir eru. Gera unglingar þetta líka? Hvaða afþreyingu nota þeir?
4. Er lýsingin í sögunni trúverðug? Þekkið þið dæmi um fólk sem lifir svona lífi? Hvað finnst ykkur um heiti sögunnar, segir það eitthvað um innihaldið?

Sigurlín Bjarney Gísladóttir (1975)

Rjómaspræna

Húsbóndinn kastaði á mig kveðju um leið og hann kastaði af sér vatni upp við húsveggin. Ég lagði mig í djúpu grasi sem kitlaði mig í golunni. Fámælti unglingsanginn í forugu stígvélunum kjassaði mig og þuldi upp vélræn ástarorð. Ég malaði svo hátt að ég heyrði ekki húsfreyjuna kalla á unglinginn í húsverkin. Og þegar ég leit undan sólinni sá ég þúsundir lítilla díla. Rétt eins og freknur unglingsins hefðu orðið eftir í loftinu. Bæjarlækurinn reyndi að lokka mig til sín og hundurinn sendi illilegt augnaráð. En ég áræddi að mjaka mér frekar úr hitanum og kíkja í matardallinn. Meira að segja suðsyngjandi flugurnar náðu ekki að færa fjör í loppurnar. Húsfreyjan með svuntuna sparkaði til mín þegar ég þvældist fyrir eldhúsverkunum. Hún kærði sig kollótta um mig. Hún fussaði „kattarhelvítið!" um leið og hún laumaði rjómasprænu yfir nýsoðinn fiskinn í dallinum. Hvað ég elskaði hana.

Svuntustrengur 2009

Umræður/Verkefni

1. Hver er sögumaðurinn og hvernig líður honum?
2. Hvað finnst húsmóðurinni um köttinn?
3. Skrifið stutta frásögn í 1. persónu þar sem sögumaður er dýr eða hlutur.

Barbíkjútjútt

Sólin glennti fæturna og pissaði geislum yfir heiminn. Sólrún stóð yfir grillinu, setti stút á varir og flautaði I'm singing in the rain. Hún mundaði spaðann fagmannlega og hagræddi litríkri svuntunni. Það snarkaði notalega í lambakjötinu og flugur sveimuðu yfir og allt um kring. Reykurinn og ilmurinn urðu samferða á leið sinni til himna og fylltu hana þvílíkri stemningu að hún hljóp inn og sótti útvarp. Og hún dillaði sér örlítið í takt við sumarsömbu sem flæddi úr útvarpinu eins og lækur um máða steina. Þegar lítil fluga fór

að kitla nefið notaði hún grillspaðann sér til varnar. Spaðinn þeyttist á ógnarhraða um loftið og hún barðist hetjulega við fluguna sem ullaði á hana og dillaði sér við tónlistina. Bardaginn stóð sem hæst þegar hún hrasaði og missti eina lambakjötssneiðina niður í grasið. Við það tvíefldist flugan. Að lokum flúði Sólrún.

Spræna rann úr augunum og hún horfði súr á svipinn út um gluggann og neri saman höndum. Með óstöðvandi kláða í nefinu. Flugan dansaði samba í kringum sneiðina og ropaði á meðan sólin skeindi sér á skýjum.

Svuntustrengur 2009

Umræður/Verkefni

1. Finnið persónugervingarnar í sögunni.
2. Hver er hugblærinn í sögunni? Er hann alltaf sá sami?
3. Hvað skapar hugblæinn?
4. Hvernig saga er þetta að ykkar mati? Felur hún í sér boðskap? Rökstyðjið.

Myndasögur

Öll kannist þið við myndasögur en þið hafið kannski ekki velt fyrir ykkur listforminu og hversu langa sögu það á sér. Þetta frásagnarform er mun eldra en hefðbundnir bókmenntatextar því að upphaf myndasagna má rekja allt aftur til hellamálverka og táknleturs. Í raun sögðu menn og konur sögur með myndum árþúsundum fyrir Krist en stafróf eins og við þekkjum í dag er mun yngra. Þegar prentlistin kom til á 15. öld og almenningur hafði í fyrsta sinn aðgengi að sögum á pappír var myndasagan þegar í notkun, ólæsum almenningi til gagns og gamans. Mest fór fyrir kraftaverkasögum, grófum gamansögum og ýmsum áróðri.

Fyrsta eiginlega myndasagan í fullri lengd er eignuð Svisslendingnum Rodolphe Töpffer, sem hefur verið nefndur faðir nútímamyndasagna. Hann starfaði á fyrri hluta 19. aldar og myndasaga hans, Histoire de M.Vieux Bois, birtist fyrst á prenti árið 1837.

Þjóðverjinn Vilhelm Busch gaf út sína fyrstu myndasögu árið 1865. Það var saga um tvo pörupilta sem kölluðust Max og Moritz. Busch gekk lengra en Töpffer í að móta

frásagnarmáta myndasögunnar því hann bjó til tákn fyrir hreyfingu, hávaða og tilfinningaviðbrögð sem notuð eru enn í dag. Myndasöguformið þróaðist síðan á mismunandi veg vítt og breitt um heiminn og blómstrar enn í dag í tímaritum, dagblöðum, bókum og ekki síst á netinu. Mikill munur er þó á því hvaða augum myndasagan er litin eftir menningarsvæðum. Frá Bandaríkjunum hefur ofurhetjumyndasagan breiðst út um allan heim. Skemmst er að minnast allra kvikmyndanna sem eru byggðar á þeim myndasögum, til dæmis myndanna um Batman, Spider-Man og X-Men. Ofurhetjusögurnar hafa hins vegar orðið til þess að myndasagan hefur átt erfitt uppdráttar sem „æðra" listform í Bandaríkjunum þar sem margir halda að myndasögur séu aðeins fyrir börn og unglinga, helst stráka. Þeir hinir sömu fara á mis við margar stórkostlegar myndasögur sem ætlaðar eru eldri lesendum og fjalla um alvarlega hluti.

Í Evrópu, sérstaklega í Frakklandi, er hins vegar litið á myndasöguna sem fullgilt tjáningarform og er hún gjarnan kölluð „níunda listin". Mikið magn myndasagna birtist í Evrópu ár hvert, bæði fyrir fullorðna og börn. Frakkland og Belgía hafa t.d. fært okkur Tinna eftir Belgann George Remi (hann er betur þekktur undir höfundarnafni sínu Hergé) og Ástrík og Steinrík eftir Frakkana René Goscinny og Albert Uderzo.

Myndasagan er einnig afar vinsæll frásagnarmáti í Asíu. Í Japan gengur myndasagan undir heitinu „manga" og þær bækur þekkja margir unglingar. Í Asíu allri eru myndasögur samdar fyrir bæði kyn og allan aldur. Efnið er allt frá ævintýrum, hasar og hrollvekjum til íþróttasagna – jafnvel matreiðslubóka. Manga er jafnframt sú tegund myndasagna sem vinsælust er í heiminum í dag og hafa þær verið þýddar á mörg tungumál.

Hér á landi hefur ekki verið mikil gróska í myndasögugerð en þó skjóta upp kollinum endrum og eins myndasögublöð og -bækur eftir íslenska höfunda. Brautryðjendur í íslenskum myndasögum eru t.d. Ragnar Lár með bækur sínar um Mola litla flugustrák upp úr 1980 og Gísli J. Ástþórsson með gamansamar myndasögur um fiskvinnslukonuna Siggu Viggu. Fremur lítið er gefið út af myndasögum, þótt útgáfa hafi aukist á þeim undanfarin ár. Þó ber að minnast á myndasögur byggðar á Njálssögu sem Mál og menning gaf út upp úr aldamótum og sögur sem eru teiknaðar og gefnar út af höfundum sjálfum. Í dag er Hugleikur Dagsson einn þekktasti myndasöguhöfundurinn á Íslandi.

Embla Ýr Bárudóttir (1973) og Ingólfur Örn Björgvinsson (1964).

Hetjan, sögur úr Njálu (brot)




ÞÁ SKAL ÉG NÚ MUNA ÞÉR KINNHESTINN FORÐUM. OG MÉR ER SAMA HVAÐ ÞÚ VERÐ ÞIG LENGI.

ÞÚ ERT ÁGÆT.

SJÁIÐ! GU... GUNNAR ER KOMINN ÚT!
HANN ER ÓÐUR!

Umræður/Verkefni

1. Gunnar er í vanda og óvinir sækja að honum. Hann biður Hallgerði um aðstoð. Hvað finnst ykkur um viðbrögð hennar?
2. Yfirbragð teikninganna er frekar drungalegt. Hvaða áhrif hefur það á andrúmsloftið á þessum stað í sögunni?
3. Hvað gerist á bls. 136?
4. Hvað segir þessi frásögn um Hallgerði og Gunnar og samband þeirra?
5. Finnið dæmi um kaldhæðni í tilsvörum Hallgerðar og Gunnars.
6. Hvað finnst ykkur um að Íslendingasögur séu færðar í myndasöguform? Rökstyðjið svarið.
7. Hverjum hentar myndasöguformið helst? Rökstyðjið svör ykkar.

Arnar Þór Kristjánsson (1988) og Andri Kjartan Andersen (1989)

Umræður/Verkefni

1. Skoðið hvernig höfundar nýta sér myndmálið ásamt knöppum texta. Hvernig hægt er að segja sögu án orða.
2. Skipta litirnir máli? Ætli það sé viljandi hjá höfundum að hafa t.d. bakgrunnslitinn mismunandi, hvaða áhrif hefur það á framvindu sögunnar?
3. Reynið að finna út hvar meginmálið hefst.
4. Hvað segir síðasta myndin í sögunni?

Hugleikur Dagsson (1977)

Ókei bæ 2007

Umræður/Verkefni

1. Það er ádeila í sögunni. Á hvað er deilt? Rökstyðjið svarið.
2. Er auðveldara að koma ádeilu á framfæri í myndasögu en t.d. í hefðbundnu textabroti. Færið rök fyrir máli ykkar.
3. Eru myndasögur alltaf fyndnar? Finnst ykkur að þær eigi að vera það? Rökstyðjið svarið.
4. Hvernig túlkið þið endi myndasögunnar?
5. Getið þið búið til myndasögu um eitthvert málefni samtímans, t.d. auðlindamál, umhverfismál eða stöðu kynjanna?

Böðvar Leós (1956)



Teiknimyndir eru ýmist nokkrir rammar en einnig er hefð fyrir einnar myndar sögu sem oft eru kallaðar skrítlur.

Svona myndasögur/skrítlur vísa oft í daglegt líf og það sem er að gerast í samfélaginu á hverjum tíma. Þetta má t.d. sjá í dagblöðum þar sem oft er brugðið nýju ljósi á ákvarðanir og athafnir stjórnmálamanna eða annarra sem eru áberandi í samfélaginu. Oftar en ekki er mikill húmor í þessum sögum.

Umræður/Verkefni

1. Semjið örsögu sem gæti komið í stað þessarar myndar. Reynið að hafa hana fyndna.
2. Reynið nú nú fyrir ykkur og búið til skrítlu sem tengist daglegu lífi ykkar í skólanum og/eða heima fyrir eða jafnvel úti í samfélaginu. Gætið þess að myndin segi mest og textinn sé lítill eða enginn.

Kvikmyndir

Ekki þarf að spyrja ykkur hvort þið hafið farið í bíó og mörg ykkar eru vafalaust mjög góð í að lesa táknmál kvikmyndanna. Þið vitið líka að flestar kvikmyndir sem rata í kvikmyndahús eru frásagnir; þær segja sögu. Og einmitt þess vegna eru kvikmyndir flokkaðar með öðrum greinum frásagnarlistar.

Kvikmyndagerð er ung listgrein á heimsvísu en líklega sú sem flest ykkar þekkja best. Um aldamótin 1900 voru víða gerðar tilraunir með hreyfimyndir en þegar fjallað er um upphaf kvikmyndagerðar er yfirleitt miðað við kvikmyndasýningu sem haldin var í kjallara Grand Café í París árið 1885. Þar voru á ferðinni franskir bræður, Auguste og Louis Lumiére, sem höfðu gert tilraunir með hreyfimyndir í nokkurn tíma. Myndir þeirra bræðra voru þó ekki frásagnir heldur eins konar heimildarmyndir um daglegt líf. Fyrstur til að segja sögu í kvikmynd var hins vegar Frakkinn George Méliés. Hann var mjög hugmyndaríkur framleiðandi sem gekk í öll störf; hann var framleiðandi, leikstjóri, handritshöfundur, kvikmyndatökumaður og leikari svo eitthvað sé nefnt. Þrátt fyrir frumkvöðlastarf Méliés er fyrsta kvikmyndin þó talin vera *The Great Train Robbery* eftir Bandaríkjamanninn Edwin S. Porter. Myndin var gerð árið 1903 en hún er jafnframt fyrsta kúrekamyndin.

Fyrst minntu kvikmyndirnar mjög á leikhús. Það var lítið um nærmyndir og leikur og förðun yfirdrifin líkt og tíðkaðist í leikhúsum. Þetta breyttist fljótlega og kvikmyndir hættu að vera eins og kvikmyndaðar leiksýningar. Þær urðu sjálfstætt listform og á fyrstu áratugum 20. aldar tóku þær örum breytingum. Fyrsta talsetta myndin var frumsýnd 6. október 1927. Það var kvikmyndin *The Jazz Singer* með Al Jolson í aðalhlutverki. Fyrstu orðin sem áhorfendur heyrðu voru: „You ain´t heard nothing yet, folks. Listen to this!"

Íslensk kvikmyndagerð á sér ekki langa sögu. Fyrsta íslenska kvikmyndin var *Milli fjalls og fjöru* eftir Loft Guðmundsson en hún var frumsýnd árið 1949. Strax ári síðar var frumsýnd kvikmynd eftir Óskar Gíslason en það var kvikmyndin *Síðasti bærinn í dalnum*. Þess má geta að Jórunn Viðar samdi tónlist við myndina og er það fyrsta íslenska kvikmyndatónlistin sem samin var við kvikmynd í fullri lengd. Þrátt fyrir frumkvöðlastarf þessara manna tók íslensk kvikmyndagerð ekki við sér fyrr en við stofnun Kvikmyndasjóðs 1978 en fyrsta kvikmyndin sem fékk styrk úr sjóðnum var myndin *Land og synir* sem Ágúst Guðmundsson gerði og byggði á samnefndri bók Indriða G. Þorsteinssonar. Þessi mynd naut mikilla vinsælda og hefur e.t.v. orðið eins konar leiðarstef því margir íslenskir leikstjórar hafa fetað í spor Ágústs og kvikmyndað bókmenntaverk.


LAND OG SYNIR
SIGURÐUR SIGURJÓNSSON
GUÐNÝ RAGNARSDÓTTIR
JÓN SIGURBJÖRNSSON
JÓNAS TRYGGVASON
handrit og stjórn:
ÁGÚST GUÐMUNDSSON
kvikmyndataka:
SIGURÐUR SVERRIR PÁLSSON
leikmynd og búningar:
JÓN ÞÓRISSON
eftir skáldsögu
INDRIÐA G. ÞORSTEINSSONAR
tónlist:
GUNNAR REYNIR SVEINSSON
framleiðandi:
JÓN HERMANNSSON
COPYRIGHT 1980

Börn er kvikmynd eftir Ragnar Bragason. Þessi kvikmynd var frumsýnd árið 2006 og hlaut strax fádæma góðar viðtökur og er margverðlaunuð. Við gerð myndarinnar var ekki notað hefðbundið kvikmyndahandrit þar sem texti hvers leikara er saminn fyrir fram heldur spunnu leikararnir leiktexta sína. Þess má geta að *Börn* er fyrri hluti tvíleiks en síðari hlutinn, *Foreldrar*, var frumsýndur árið 2007.

Umræður/Verkefni

1. Hver er aðalpersóna myndarinnar? Rökstyðjið svarið.
2. Hvernig er sambandi og samskiptum foreldra og barna háttað í myndinni?
3. Hvers konar persóna er Garðar? Hvaða breyting verður á persónu hans og hvað orsakar þessa breytingu?
4. Hvers konar persóna er Guðmundur? Hvaða breyting verður á persónu hans og hvað orsakar þessa breytingu?
5. Hvers vegna teljið þið að leikstjórinn hafi kosið að hafa myndina svarthvíta? Hvaða áhrif hefur þetta?
6. Hvað segir myndin okkur? Er hún trúverðug? Getum við lært eitthvað af henni?
7. Veljið eitt atriði úr myndinni og skoðið það nákvæmlega út frá eftirfarandi þáttum: staðsetningu, lýsingu, leikmunum, búningum, förðun, tökum; svo sem nærmynd, víðmynd, klippingu og sjónarhorn.

Nói albinói er kvikmynd eftir leikstjórann og handritshöfundinn Dag Kára Pétursson. Hún gerist í afskekktu þorpi sem umlukið er háum fjöllum. Myndin var frumsýnd á Vestfjörðum árið 2003 og sama ár hlaut hún sex Edduverðlaun af þeim tíu sem hún var tilnefnd til.

Umræður/Verkefni

1. Lýsið Nóa og samskiptum hans við annað fólk.
2. Nói virðist vera vinafár. Hvers vegna teljið þið að svo sé? Hverjir eru hans bestu vinir?
3. Lýsið þorpinu og vísið í myndina.
4. Í myndinni er mikið um forspá/fyrirboða snjóflóðsins. Finnið dæmi um þetta.
5. Nói fær myndakíki í afmælisgjöf frá ömmu sinni. Í honum birtast stillimyndir frá suðrænni sólarströnd sem verða hreyfimyndir í lokin. Hvernig má túlka það?
6. Hvað haldið þið að amman hafi viljað með afmælisgjöfinni?
7. Hvaða áhrif haldið þið að snjóflóðið hafi haft á líf Nóa þegar frá leið?
8. Hvað má læra af þessari kvikmynd?

Kvikmyndin *Ungfrúin góða og húsið* eftir Guðnýju Halldórsdóttur er byggð á smásögunni Heiður hússins eftir föður hennar Halldór Laxness. Sagan var skrifuð árið 1933 en kvikmyndin frumsýnd árið 1999.

Umræður/Verkefni

1. Hvar og hvenær teljið þið að sagan gerist? Rökstyðjið svörin.
2. Hver er sögumaðurinn?
3. Lýsið systrunum, Rannveigu og Þuríði, og berið þær saman.
4. Það er mikil stéttaskipting í þorpinu. Lýsið henni.
5. Hvers vegna teljið þið að Þuríður fari með barn Rannveigar til Danmerkur?
6. Kvikmyndin heitir Ungfrúin góða og húsið. Hver er ungfrúin góða og hvað táknar húsið að ykkar mati?
7. Hvaða ljósi varpar myndin á stöðu kvenna í milli- og yfirstétt á þessum tíma?
8. Hver eru meginviðfangsefni myndarinnar? Er einhver ádeila fólgin í henni?
9. Hvernig túlkið þið endi myndarinnar?
10. Hvað fannst ykkur um myndina? Vakti hún einhverjar spurningar og/eða tilfinningar með ykkur? Lærðuð þið e.t.v. eitthvað af henni? Rökstyðjið mál ykkar með dæmum úr myndinni.

Kvikmyndin *Órói* var frumsýnd í október 2010. Hún er byggð á bókunum Strákarnir með strípurnar og Rótleysi, rokk og rómantík eftir Ingibjörgu Reynisdóttur en fyrri bókina skrifaði hún með dóttur sinni Lovísu Rós Þórðardóttur. Ingibjörg skrifaði handrit myndarinnar ásamt leikstjóranum Baldvini Z. Myndin var valin besta mynd ársins á Alþjóðlegu unglingakvikmyndahátíðinni í Wiesbaden í Þýskalandi í nóvember 2011.

Umræður/Verkefni

1. Hvaða saga/sögur eru sagðar í myndinni?
2. Lýsið aðalpersónu myndarinnar.
3. Berið Grétu og Stellu saman. Hvernig eru heimilisaðstæður þeirra og samskipti við foreldri/forráðamann? Hvernig bregðast þær við erfiðleikum?
4. Stella segir í myndinni: „Þetta er mitt líf." Er þetta bara hennar líf? Rökstyðjið svarið.
5. Hefði verið hægt að gera eitthvað til að hjálpa Stellu? Og þá hvað?
6. Hvað finnst ykkur um þá mynd sem dregin er upp af skemmtunum unglinga?
7. Hvers vegna heitir myndin Órói?
8. Finnst ykkur myndin raunsæ? Rökstyðjið svör ykkar.
9. Er boðskapur í myndinni?
10. Hvernig finnst ykkur tónlistin í myndinni? Hvað gerir hún fyrir myndina?

Textaskrá

Andri Snær Magnason. 1995. *Ljóðasmygl og skáldarán*. Nykur, Reykjavík.

Anton Helgi Jónsson. 2010. *Ljóð af ættarmóti*. Mál og menning, Reykjavík.

Arnaldur Indriðason. 2004. *Grafarþögn*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Ása Marin Hafsteinsdóttir. 2001. *Ljóð ungra skálda*. Sölvi Björn Sigurðsson valdi ljóðin. Mál og menning, Reykjavík.

Berglind Ósk Bergsdóttir. 2010. *Stína*. Tímarit um bókmenntir og listir. 5. árgangur, 2. hefti. Mostrarskegg, Reykjavík.

Birgir Sigurðsson. 1998. *Óskastjarnan*. Forlagið, Reykjavík.

Birgir Svan Símonarson. 1989. *Á fjallaskiptum/Fótmál – ljóð 1975–1988*. Forlagið, Reykjavík.

Birgir Svan Símonarson. 1988. *Farvegir/Ljóð*. Letur hf., Hafnarfirði.

Bubbi Morthens. 1990. *Sögur af landi*. Skífan, Reykjavík.

Cervantes Miguel Saavedra. 2002. *Don Kíkóti. Um hugvitssama riddarann Don Kíkóta frá Mancha*. Fyrra bindi. Þýðing og formáli: Guðbergur Bergsson. JPV útgáfa, Reykjavík.

Elísabet Jökulsdóttir. 1996. *Lúðrasveit Ellu Stínu*. Mál og menning, Reykjavík.

Elísabet Jökulsdóttir. 1998. *Galdrabók Ellu Stínu*. Mál og menning, Reykjavík.

Gísli Sigurðsson. 2001. *Eddukvæði með skýringum*. Íslensku bókaklúbbarnir. Reykjavík.

Guðrún P. Helgadóttir. 1963. *Skáldkonur fyrri alda II*. Kvöldvökuútgáfan, Akureyri.

Guðrún Eva Mínervudóttir. 2002. *Albúm*. Skáldsaga. Bjartur, Reykjavík.

Halla Gunnarsdóttir. 2007. Leitin að Fjalla-Eyvindi. Nykur, Reykjavík.

Ingibjörg Haraldsdóttir. 2009. *Ljóðasafn/Orðspor daganna*. Mál og menning, Reykjavík.

Ingunn Snædal. 1995. *Á heitu malbiki*. Reykjavík.

Ingunn Snædal. 2006. *Guðlausir menn – hugleiðingar* um jökulvatn og ást. Bjartur, Reykjavík.

Ingunn Snædal. 2009. *komin til að vera, nóttin*. Bjartur, Reykjavík.

Ísak Harðarson. 2009. *Rennur upp nótt*. Uppheimar, Akranesi.

Jóhann Sigurjónsson. 2000. *Fjalla-Eyvindur*. Leikrit í fjórum þáttum. Umsjón með útgáfunni: Jón Viðar Jónsson. JPV forlag, Reykjavík.

Jón Thoroddsen. 1973. *Piltur og stúlka*. Dálítil frásaga. Sjötta útgáfa. Víkingsprent.

Magnea Matthíasdóttir. 2010. Stína. Tímarit um bókmenntir og listir. 2. hefti, 5. árgangur. Mostrarskegg, Reykjavík.

Magnea Matthíasdóttir. 1984. *Tímarit máls og menningar*. 45. árg. 4. hefti.

Pétur Gunnarsson. 1976. *punktur punktur koma strik*. Iðunn, Reykjavík.

Pétur Gunnarsson. 1978. *Ég um mig frá mér til mín*. Iðunn, Reykjavík.

Sigríður Pétursdóttir. 2010. *Geislaþræðir*. Uppheimar, Akranes.

Sigurður Nordal. 1987. *List og lífsskoðun* I. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sigurlín Bjarney Gísladóttir. 2009. *Svuntustrengur*. Nykur, Reykjavík

Steinunn Sigurðardóttir.1983. *Skáldsögur*. Iðunn, Reykjavík.

Sveinbjörn I. Baldvinsson. 1984. *Lífdagatal*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sveinbjörn I. Baldvinsson. 1981. *Ljóð handa hinum og þessum*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Sveinbjörn I. Baldvinsson.1976. *Í skugga mannsins*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Þórarinn Eldjárn. 2009. *Alltaf sama sagan*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Þórir Bergsson. (1965). *Stökkið*. Lestrarbók handa gagnfræðaskólum 1. hefti. Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.

Vigdís Grímsdóttir. 2000. *Kaldaljós*. Iðunn, Reykjavík.

Yrsa Sigurðardóttir. 2010. *Ég man þig*. Veröld, Reykjavík.

Ösp Viggósdóttir. 1991. *sjö x sjö*. (útgefanda ekki getið), Reykjavík.

Heimildir og stuðningsrit:

Elfar Logi Hannesson. 2011, 6. mars. *Hvíta tjaldið: Saga kvikmyndanna*. **www.komedia.is/skjol/frodleikur4.pdf.**

Hugtök og heiti í bókmenntafræði. 1998. Jakob Benediktsson ritstýrði. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og menning, Reykjavík.

Halldór Guðmundsson. 2007. *Lof smásögunnar.* Sótt 29. maí 2012 af: **http://internet.is/halldor.gudmundsson/default_files/Page894.html**

Haukur Már Helgason. 2000. *Hvenær kom fyrsta teiknimyndasagan út?* Sótt 29. maí 2012 af **visindavefur.hi.is/svar.php?id=121**

Heimir Þorleifsson og Ólafur Hansson. 1985. *Mannkynssaga BSE I fram til 800.* Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík.

Inga Ósk Ásgeirsdóttir og Úlfhildur Dagsdóttir. (á.á.) *Myndasögur.* Sótt 29. maí 2012 af **www.garmur.is/myndlestur/myndasogur.html**

Íslensk bókmenntasaga III–VI. 1996–2006. Mál og menning. Reykjavík.

Jón Gunnar Þorsteinsson. 2009. *Hvað merkir hugtakið smásaga?* Sótt 29. maí 2012 af **http://visindavefur.is/?id=50254**

Jón Viðar Jónsson. 2004. *Kaktusblómið og nóttin.* Um ævi og skáldskap Jóhanns Sigurjónssonar. Bókaútgáfan Hólar. Akureyri.

McCloud, Scott. 1994. *Understanding Comics*. The Invisible Art. HarperCollins Publishers, Inc, NewYork.

Parkinson, David. 2003. *Saga kvikmyndalistarinnar.* Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Sigríður Pétursdóttir. 2006. *Börn*. Sótt 29. maí 2012 af **http://www.kvika.net/kvikm.asp?strAction=getPublication&intPublId=525**

Thomsen, Rudi. 1988. *Saga mannkyns*. Ritröð AB 2.bindi. Samfélög hámenningar í mótun 1200–200 f.Kr. Gísli Jónsson íslenskaði. Almenna bókafélagið. Reykjavík.

Torfi H. Tulinius. 2000. *Hver var fyrsta skáldsagan?* Sótt 29. maí 2012 af **http://visindavefur.is/?id=198**

Uppspuni. Nýjar íslenskar smásögur. 2004. Rúnar Helgi Vignisson annaðist útgáfuna og ritaði eftirmála. Bjartur, Reykjavík.

Þórarinn Eldjárn. 2002. *Eins og vax*. Vaka-Helgafell. Reykjavík.

Rétthafar teikninga

Alex Jónsson og Sigrún Gylfadóttir, hönnun, bls. 147

Arnar Þór Kristjánsson og Andri Kjartan Andersen, bls. 138–139

Böðvar Leós, bls. 141

Embla Ýr Bárudóttir og Ingólfur Örn Björgvinsson, bls. 134–137

Halldór Pétursson, bls. 88, birt með leyfi Péturs Halldórssonar.

Hugleikur Dagsson, bls. 140

Jón Þórisson, hönnun, bls. 143,

Ómar Hauksson, hönnun, bls. 144

Ragnar Lár, bls. 133, birt með leyfi Kristínar Pálsdóttur.

Rétthafar ljósmynda:

Arnar Bergur Guðjónsson, forsíðuljósmynd

Ágúst Atlason, bls. 4, 20, 59, 84, 104

Dreamstime.com, innan á kápu, bls. 29

Gunnlaugur Hólm Torfason, bls. 131

Handritadeild Árnastofnunar, bls. 6

iStockphoto.com, bls. 27, 55, 65, 86, 127

Kim Mortensen, bls. 11

Library of Congress Prints & Photographs Division, bls. 47

Ljósmyndasafn Reykjavíkur, ljósmyndari Guðmundur O. Eiríksson, bls. 28

Mats Wibelund, bls. 120

Nordicphotos.com, bls. 51, 73

Sigríður Wöhler, bls. 81, 110, 116, 132

timarit.is, bls. 142

Þjóðminjasafnið, ljósmyndari Sigurhans Vignir, bls. 43

Þorsteinn Egilsson, bls. 12, 14, 18, 34, 97, 145, 146

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli	Bók nr. Tekin í notkun

Nemandi/bekkur	Útlán dags.	Ástand	Skil dags.	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

„Með fjaðrabliki …“

Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla

Með fjaðrabliki er önnur sýnisbókin af þremur í flokki kennslubóka í bókmenntum fyrir efri bekki grunnskóla.

Bókin skiptist í sjö kafla þar sem fjallað er um ákveðnar bókmenntagreinar, auk kvikmynda. Greinarnar eru ljóðlist, leikritun, smásögur, skáldsögur, örsögur, myndasögur og kvikmyndir. Í upphafi hvers kafla er stutt kýnning á hverri grein. Dæmi úr textum, ljóðum og leikriti auk verkefna og umræðuefna fylgja hverjum kafla.

Kennslutillögur verða aðgengilegar á vef Menntamálastofnunar.

Anna Steinunn Valdimarsdóttir og Ingibjörg Sigtryggsdóttir völdu texta, sömdu verkefni og inngangskafla. Þær eru grunnskólakennarar og hafa langan feril að baki í íslenskukennslu á unglingastigi.

ISBN 978-9979-0-2063-9

9 789979 020639

MENNTAMÁLASTOFNUN

40088